HEIÐUR ANNA HELGADÓTTIR

*Kennir börnum og unglingum karate*

heilsa nám

allt Í MIÐJU BLAÐSINS




VERKTAKAR

*Heilsugæsla rís við Hraunbæ*

Sérblað um verktaka og byggingar

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG







NÁMSKEIÐ á vorönn 2008

MÍMIR símenntun

Innritun og upplýsingar í síma 580 1808, Skeifunni 8 og á www.mimir.is



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

8. janúar 2008 — 7. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## ÞRIÐJUDAGUR

### Tattú og teygjustökk



María Reyndal leikstjóri flyst búferlum til Nýja-Sjálands með fjölskylduna.

FÓLK 30

### Söng fyrir Mandela



Íslenski tónlistarmaðurinn Teddy Owolabi hlaut nýlega African Best-verðlaunin.

FÓLK 24

### Við og hinir

„Biblían er af mörgum talin merkust bóka og í hana sækja menn huggun, styrk og andagift. En Biblían er ekki trú. Ekki frekar en matreiðslubók er matur," skrifar Jónína Michaelsdóttir.

Í DAG 16

### Mannahrókeringar í KR



Jeremiah Sola er kominn aftur til KR en Jovan Zdravevski fór í staðinn til Stjörnunnar.

ÍÞRÓTTIR 26

### VEÐRIÐ Í DAG




**RIGNING EÐA SLYDDA SYÐRA** í dag verður fremur hæg austlæg eða norðaustlæg átt. Rigning eða slydda sunnan til um hádegi og einnig við austurströndina síðdegis. Hiti um eða yfir frostmarki með ströndum.

VEÐUR 4






# Börn enn send heim vegna manneklu

**Ástandið á leikskólum hefur ekkert batnað frá því í haust. Enn vantar tugi starfsmanna. Leikskólinn Jörfi sendir börn heim vegna manneklu. Leikskólar eru tilbúnir með viðbragðsáætlun og búa sig undir að ástandið geti versnað.**

**SKÓLAMÁL** „Óvenju margir hættu í haust meðal annars vegna náms. Við höfum ekki náð að fullmanna leikskólann síðan. Nú er komið fram í janúar og við erum að senda börn heim," segir Arndís Árnadóttir, leikskólastjóri á leikskólanum Jörfa í Reykjavík.

Ennþá er gríðarleg mannekla í leikskólum á höfuðborgarsvæðinu, margir leikskólar ekki fullnýttir og lítil von til þess að börn á biðlista fái pláss í bráð.

„Við sendum börn heim í tvær vikur um miðjan desember. Í gær þurftum við líka að senda börn heim í tvær vikur," segir Arndís. „Við höfum auglýst eftir starfsfólki. Nú þarf að skoða þessi mál og ákveða hvort við höldum áfram að senda börnin heim eða hvort okkur tekst að fá hæft fólk." Arndís segir jafnframt að deildarstjóra vanti á leikskólann. Það hafi aldrei gerst áður.

Ingunn Gísladóttir, starfsmannastjóri á leikskólasviði hjá Reykjavíkurborg, segir að enn vanti töluvert af starfsfólki. „Við erum ekki með neinar tiltækar tölur," segir hún. „Það er mikill skortur á starfsmönnum. Ég get þó ekki sagt nákvæmlega hversu marga vantar eða í hve mörg stöðugildi. Ástandið er ekki nærri nógu gott."

Stjórnendur leikskóla í Reykjavík eru að búa sig undir að skerða vistun og senda börn heim eins og gert var í haust. Ingunn segir að nokkrir leikskólar búi sig undir að ástandið geti versnað. „Við erum í startholunum. Búið er að gera áætlun í nokkrum skólum um hvernig standa eigi að málum en kannski kemur sú áætlun aldrei til framkvæmda," segir hún og bætir við að verið sé að kanna hve mörg börn séu á biðlista. Þau börn komist tæpast inn eins og ástandið er nú.

Árni Þór Hilmarsson, framkvæmdastjóri fræðslusviðs Kópavogsbæjar, segir að um eða yfir tuttugu starfsmenn vanti á leikskóla bæjarins. Viðbragðsáætlun sé fyrir hendi en hún hafi ekki dugað til í desember, þá hafi í tvígang þurft að skerða þjónustuna verulega vegna veikinda starfsmanna. Í öðru tilfellinu hafi tíu starfsmenn á einum leikskóla verið veikir.

- ghs



**FROSTFAÐIR HEIMSÓTTUR** Haldið var upp á jólin í Rússlandi í gær, en júlíanska tímatalið er þrettán dögum á eftir því gregoríska, sem við erum vön. Vladimír Pútín forseti heimsótti Frostföðurinn, hinn rússneska jólasvein, í bænum Veliky Ustyug norðan við Moskvu í gærmorgun. NORDICPHOTOS/AFP

Mikið annríki á Sjúkrahúsinu Vogi eftir hátíðirnar:

## Um þrjú hundruð á biðlista

**HEILBRIGÐISMÁL** „Það er venjulega mikill annatími hjá okkur eftir hátíðirnar og það er engin undantekning á því í ár," segir Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir á Vogi.

„Það eru um 300 manns á biðlista sem er með almesta móti." Það þýðir að einhverjir sem ekki eru í brýnni þörf og eru ekki að koma í fyrsta sinn gætu þurft að bíða í um þrjá mánuði eftir vist á Vogi.

Hann segir enn fremur að sá hópur sem kemur eftir hátíðirnar skeri sig að nokkru leyti úr því þá komi margir sem eru að koma í fyrsta sinn og meira ber þá á fólki sem á í vanda með áfengi en ekki önnur efni. Undanfarin ár hefur þó hlutfall þeirra sem eiga við áfengisvanda að stríða dregist saman og eru þeir nú um helmingur sjúklinga.

„Það fylgir hátíðunum yfirleitt meiri neysla en einnig ýmsar skyldur gagnvart fjölskyldunni og þegar drykkjan er farin að koma í veg fyrir að einhver geri þær þá koma oft upp vandamál sem knýja á að menn geri eitthvað í sínum málum," segir Þórarinn.

Árið 2006 komu 1.851 sjúklingur á Vog og höfðu þeir aldrei verið fleiri. Ekki er búið að taka saman fjöldann fyrir síðasta ár.

- jse

Eldur í Tunguseli:

## Lést eftir hetjudáð í eldsvoða

**BRUNI** Hálffimmtugur karlmaður, Hilmar Ragnarsson, lést eftir að eldur kom upp í íbúð á þriðju hæð í fjölbýlishúsi í Tunguseli í gærmorgun. Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins tókst að bjarga tveimur börnum og konu úr húsinu. Maðurinn sem lést hafði skömmu áður komið þeim þremur út úr íbúðinni.

Rauði krossinn aðstoðaði lögreglu og slökkvilið á vettvangi. Íbúum í húsinu var boðið upp á áfallahjálp og umönnun í strætisvagni.

- mh / sjá síðu 4

Banaslysið í Reykjanesbæ:

## Farbannið rennur út í dag

**LÖGREGLUMÁL Farbann yfir manni, sem grunaður er um að hafi ekið á fjögurra ára dreng í Reykjanesbæ í lok nóvember á síðasta ári, rennur út í dag. Enn er óráðið hvort farbannið verður framlengt. Drengurinn lést af sárum sínum.**

**Maðurinn var í gæsluvarðhaldi til 11. desember. Þá krafðist lögreglan á Suðurnesjum þess að varðhaldið yrði framlengt um fjórar vikur, en Héraðsdómur Reykjaness varð ekki við því. Þó var maðurinn úrskurðaður í farbann.**

- sþs

Mynd um leiðtogafundinn:

## Ísland gæti misst af lestinni

**KVIKMYNDIR** Ef taka á upp hér á landi stórmynd Ridley Scott, um leiðtogafund Gorbatsjovs og Reagans í Höfða, þurfa íslensk stjórnvöld að hækka endurgreiðslu úr fjórtán upp í tuttugu prósent af framleiðslukostnaði.

Þetta segir Leifur B. Dagfinnsson hjá True North en fyrirtækið hefur unnið að því að greiða götu framleiðslufyrirtækis Scotts og hér á landi.

- fgg / sjá síðu 30


TENGI

MORA INXX BLÖNDUNARTÆKI




www.tengi.is • tengi@tengi.is

Smiðjuvegi 76 • 200 Kópavogur • Sími 414 1000
Baldursnes 6 • 603 Akureyri • Sími 414 1050
Virkadaga 8.00 - 18.00 • Laugardaga 10.00 - 15.00

## SPURNING DAGSINS



*Þorkell, það er kannski ekki að ástæðulausu að viðskiptavinir Sparisjóðsins eru þeir ánægðustu í bankakerfinu?*

„Enda veitum við framúrskarandi þjónustu.“

Nokkur ungmenni nýttu sér viðskiptareikning pilts til að millifæra sex og hálfa milljón króna úr Sparisjóðnum á Akranesi í leyfisleysi. Svo virtist sem endalaust væri hægt að taka út af reikningnum, þótt innistæðan væri engin. Þorkell Logi Steinsson er útibússtjóri.

Karlmaður ákærður fyrir Héraðsdómi fyrir stórfellda vörslu barnakláms:

# Með tugþúsundir barnaklámsmynda

**DÓMSMÁL** Karlmaður var í gær ákærður fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir að hafa tugi þúsunda barnaklámsmynda í tölvubúnaði sínum.

Samkvæmt ákæru ríkissaksóknara var maðurinn með 24.430 ljósmyndir og 750 hreyfimyndir, sem sýndu börn á kynferðislegan og klámfenginn hátt, í þremur turntölvum sem lögregla lagði hald á í apríl á síðasta ári.

Maðurinn er ákærður fyrir að hafa í janúar 2006 aflað sér klámfenginna ljósmynda og hreyfimynda af börnum af bandarískri heimasíðu. Eftir að hafa greitt fyrir aðgang að síðunni gat maðurinn horft á efni af þessu tagi og hlaðið niður myndefni að vild.

Maðurinn er einnig ákærður fyrir að hafa í þrígang á árinu 2006 aflað sér, eða reynt að afla sér, hreyfimynda af stúlkubörnum þar sem þau sáust á kynferðislegan og klámfenginn hátt. Í eitt skipti tókst manninum að ná í slíka mynd eftir að hafa pantað hana með rafrænum hætti. Í tvö skiptanna sendi maðurinn pöntun og greiddi með korti en myndin komst aldrei í vörslu hans. - jss

### GREIDDI MEÐ KORTI

- Í þremur tölvum í eigu mannsins fundust tæplega 25 þúsund ljósmyndir og 750 hreyfimyndir sem sýna börn á klámfenginn hátt.
- Hann náði í barnaklámið á netinu, meðal annars á tveimur bandarískum síðum þar sem hann greiddi fyrir efnið með greiðslukorti.
- Hann reyndi tvisvar að panta hreyfimynd með greiðslukorti af bandarískri síðu en sótti hana ekki í tölvuna sína.
- Viðurlög við brotunum sem maðurinn er ákærður fyrir eru allt að tveggja ára fangelsisvist.

Íranska byltingarvarðliðið:

# Ógraði bandaríska sjóhernum

**BANDARÍKIN, AP** Þrjú bandarísk herskip voru við það að hefja skothríð á fimm báta íranska byltingarvarðliðsins á sunnudag í kjölfar ögrunar að því er embættismaður í bandaríska varnamálaráðuneytinu greindi frá í gær. Írönsku bátarnir sneru burt rétt áður en til þess kom.

„Þetta er alvarlegasta ögrun af þessari gerð sem við höfum upplifað hingað til,“ sagði embættismaðurinn sem vildi ekki láta nafns síns getið. Sagði hann írönsku bátana hafa gert atlögu að herskipunum, sleppt kössum í sjóinn fyrir framan skipin sem þau þurftu að víkja sér undan. - sdg



**BARIST VIÐ ELDINN** Slökkviliðsmenn þurftu að rjúfa þak vöruhússins til að komast að eldinum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

500 börðust við eldinn:

# Fjörutíu fórust í eldi í S-Kóreu

**SUÐUR-KÓREA, AP** Fjörutíu manns létust í eldi og sprengingum í vöruhúsi í borginni Icheon í Suður-Kóreu í gærmorgun. Flest fórnarlömbin voru svo illa brunnin að erfitt reyndist að bera kennsl á þau.

Fimm hundruð slökkviliðsmenn börðust við eldinn fram eftir degi. Allir hinir látnu fundust í kjallara vöruhússins sem var í byggingu og var því sem næst tilbúið.Verkamennirnir voru að sprauta einangrunarfroðu í veggi þegar eldurinn kviknaði. Orsök var óljós.

Tíu voru fluttir á sjúkrahús vegna brunasára og reykeitrunar. - sdg

18 ára piltur fyrir Héraðsdóm:

# Sex mánuðir fyrir líkamsárás

**DÓMSMÁL Átján ára piltur var í gær dæmdur í Héraðsdómi Reykjavíkur í sex mánaða fangelsi, þar af þrjá mánuði á skilorði, fyrir líkamsárás í Garðastræti aðfaranótt 1. janúar 2007.**

**Pilturinn var ákærður fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás með því að slá rúmlega þrítugan mann í höfuðið með vodkaflösku með þeim afleiðingum að sá síðarnefndi slasaðist verulega. Hann hlaut mar í kringum augu, þrjár sprungur í höfuðkúpu vinstra megin og mar í heilavef.** - jss

# Krefst ómerkingar á orðum um vændi

**Ásgeir Þór Davíðsson krefst þess að orð fyrrverandi dansara á nektardansstað hans, Goldfinger, verði dæmd ómerk. Stúlkan var í viðtali við Vikuna í ágúst í fyrra. Stöndum við allt sem kom fram í greininni, segir ritstjóri Vikunnar.**

**DÓMSMÁL** Ásgeir Þór Davíðsson, eigandi nektardansstaðarins Goldfinger, krefst þess að ummæli Lovísu Sigmundsdóttur, fyrrverandi nektardansara, um aðstöðu kvenna sem dönsuðu á staðnum hjá Ásgeiri verði dæmd dauð og ómerk. Lovísa sagði frá reynslu sinni í 34. tölublaði Vikunnar, sem kom út 23. ágúst í fyrra, en þar hélt hún því fram að vændi væri algengt á Goldfinger og konurnar sem þar ynnu væru undir þrýstingi frá Ásgeiri um að selja sig. Ásgeir stefnir einnig Björk Eiðsdóttur blaðamanni og Guðrúnu Elínu Arnardóttur, ritstjóra Vikunnar.



**ÁSGEIR ÞÓR DAVÍÐSSON**

Ásgeir Þór hefur þvertekið fyrir að lýsingar í greininni séu réttar og byggir stefna hans í málinu á því öðru fremur.

Guðrún Elín segir málshöfðun Ásgeirs einkennilega og ekki eiga við rök að styðjast. „Umfjöllun okkar byggðist á ummælum viðmælenda sem við treystum. Við stöndum við okkar umfjöllun. Mér finnst einkennilegt að hann sé að ákæra okkur, ritstjóra og blaðamann Vikunnar, fyrir það eitt að taka viðtal við fyrrverandi nektardansara. Auk þess beindist umfjöllunin ekki sérstaklega gegn Ásgeiri Þór heldur var hún almennt um það umhverfi sem nektardansarar lifa í.“

Ásgeir Þór segir greinina sem birtist í Vikunni vera uppfulla af rangindum og því hafi hann ákveðið að fara í mál. „Þetta er allt meira og minna rangt. Ég veit ekki af hverju fólk hefur svona mikinn áhuga á mér og mínum stað. Það liggur við að það þurfi GPS-tæki til þess að finna hann lengst inni í iðnaðarhverfi í Kópavogi en samt er hann alltaf í fréttunum. Ég skil þetta ekki.“

Á morgun verður einnig tekið fyrir mál Ásgeirs Þórs gegn Jóni Trausta Reynissyni, fyrrverandi ritstjóra Ísafoldar og núverandi ritstjóra DV, og Ingibjörgu Dögg Kjartansdóttur, fyrrverandi blaðamanns Ísafoldar. Sú umfjöllun fjallaði einnig um Goldfinger og hvernig starfsemin þar tengdist mansali.



**GOLDFINGER** Starfsemin á nektardansstaðnum Goldfinger hefur lengi verið umdeild.

### UMMÆLI SEM ÁSGEIR VILL ÓMERK

**Nokkur af ummælum Lovísu:**

„Ég endaði á því að vinna fyrir Geira en það var mjög mikið um vændi inni á stöðunum hans og gríðarleg pressa á þeim stelpum sem fyrir hann störfuðu að stunda slíkt.“

„Geiri hefur alltaf gert mikið út á vændi og þá inni á stöðunum. Eftir að einkadansinn var bannaður hefur vændið einfaldlega farið fram bak við tjöld sem sögð eru notuð til að hægt sé að spjalla við kúnnana í einrúmi.“

„Það er allur gangur á því hvort kúnnarnir borga Geira sjálfum fyrir þjónustuna eða stelpunum beint.“

Jón Trausti segir mikla vinnu hafa verið lagða í umfjöllunina enda hafi hún verið viðkvæm. „Við stöndum við umfjöllunina. Hún var að mörgu leyti erfið í vinnslu þar sem viðmælendur þorðu ekki að koma fram undir nafni. Ásgeir Þór hefur í gegnum tíðina fengið mikla og jákvæða umfjöllun í fjölmiðlum en þegar betur var að gáð var ekki sami ljóminn yfir þessari starfsemi eins og hann vildi meina.“

Málin verða bæði tekin fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur í dag. magnush@frettabladid.is

Breytingar hjá Arnarfelli:

# Fresta komu verkamanna

**ATVINNUMÁL Verktakafyrirtækið Arnarfell, sem meðal annars hefur unnið að gerð jarðganga við Kárahnjúkavirkjun, hefur frestað komu rúmlega fjörutíu verkamanna sem áttu að hefja störf hjá fyrirtækinu. Mennirnir áttu að koma til landsins í gær og í dag. Þá fengu nokkrir starfsmenn sem hefja áttu störf í gær boð um að koma ekki strax aftur til starfa. Nánari útskýringa á breytingunum er að vænta eftir viku.**

**Sigurbergur Konráðsson framkvæmdastjóri Arnarfells segir ástæðuna vera áherslubreytingar hjá fyrirtækinu. Verið sé að koma í veg fyrir fjárhagsörðugleika með breytingum. „Verklok eru áætluð í ágúst 2009 og við búumst ekki við töfum á því sem eftir er,“ segir Sigurbergur.** - kdk

Karlmaður ákærður:

# Reif í augað og beit í lærið

**DÓMSMÁL** Karlmaður á fertugsaldri hefur verið ákærður fyrir að slá tæplega fertugan mann í andlitið, rífa í vinstra auga hans og bíta hann jafnframt í lærið. Árásin átti sér stað í gleðskap í heimahúsi í Vestmannaeyjum aðfaranótt 1. apríl 2006.

Fórnarlamb árásarinnar hlaut glóðurauga, eymsli yfir kjálka og bitfar og stórt mar á innanvert vinstra læri.

Málið verður þingfest í Héraðsdómi Suðurlands í dag. - mh

### ÖLFUS

**Nálgast tvö þúsund íbúa**

Samkvæmt tölum Hagstofunnar voru íbúar í Sveitarfélaginu Ölfusi 1.932 talsins í byrjun desember. Hafði íbúunum fjölgað um 78 á einu ári sem svarar til fjögurra prósenta fjölgunar. Flestir eru íbúarnir í Þorlákshöfn, 1.564, en 368 eru í dreifbýli.




Kristján Gunnarsson, formaður Starfsgreinasambandsins, eftir stöðumatið í gær:

# Launarammi verður kynntur

**VINNUMARKAÐUR** Samninganefnd og forystumenn Starfsgreinasambands Íslands, SGS, fóru yfir stöðuna í samningaviðræðum við Samtök atvinnulífsins, SA, og ríkisstjórnina í gær. Fundurinn var langur og vandlega farið yfir málið. Niðurstaðan var sú að kynna nýja tillögu, launaramma, fyrir SA á fimmtudag.

„Þetta var langur og strangur fundur þar sem við tókum mjög ítarlegt stöðumat og komumst að þeirri niðurstöðu að vísa deilunni til ríkissáttasemjara ef enginn árangur næðist í þessari viku,“ segir Kristján Gunnarsson, formaður SGS.

Fyrirhugaður er fundur með SA á fimmtudag. „Þar ætlum við að máta hugmyndir að lausn eða niðurstöðu um launaramma. Ef það gengur eftir þá fara hlutirnir að gerast hratt en auðvitað byggir þetta á þeim fyrirvara að árangur náist líka í viðræðunum við ríkið. Það er enn mjög mikilvægur þáttur að ríkið komi myndarlega að málinu og þá einkanlega í skattamálum,“ segir Kristján.

Hann segir að SGS finni ágætan samhljóm hjá öðrum samböndum, samstaðan innan SGS hafi verið góð en sé nú enn betri. „Þetta er samanlímdur hópur. Ég er mjög hreykinn af því að hafa slíkt bakland.“



**ÍTARLEGT STÖÐUMAT** Samninganefnd og forystumenn Starfsgreinasambandsins funduðu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Kristján telur óskynsamlegt ef viðsemjendur nálgist ekki verkalýðshreyfinguna á þeim grunni sem kynntur verður á fimmtudag. „Ég trúi ekki öðru en að ríkisstjórnin leggi sitt lóð á vogarskálarnar. Annars er allt á leiðinni í harðan leiðindahnút og það verða bara átök og læti.“ - ghs



# Evrópa fellur!

vodafone

## Viðskiptavinir Vodafone njóta stórlækkaðs verðs í Evrópu

Um áramótin varð meira en helmings lækkun á verði á farsímaþjónustu Vodafone í Evrópu og í kjölfarið eru öll lönd innan Evrópusambandsins og EES, auk Færeyja og Sviss, orðin eitt gjaldsvæði. Vodafone er það íslenska símafyrirtæki sem býður ferðalöngum í Evrópu reikisamninga við flest lönd.

Skráðu þig í Vodafone Passport og lækkaðu símkostnað þinn erlendis enn frekar. Einnig býður Vodafone alvöru Frelsi í útlöndum – Frelsisviðskiptavinir fá enga bakreikninga þegar heim er komið.
Vodafone er einfaldlega rétti ferðafélaginn.

Svona segjum við gleðilegt nýtt ár hjá Vodafone

Allar nánari upplýsingar á www.vodafone.is

**Gríptu augnablikið og lifðu núna**

## GENGIÐ 07.01.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 61,83 | 62,13 |
| Sterlingspund | 121,84 | 122,44 |
| Evra | 90,68 | 91,18 |
| Dönsk króna | 12,170 | 12,242 |
| Norsk króna | 11,528 | 11,596 |
| Sænsk króna | 9,666 | 9,722 |
| Japanskt jen | 0,5638 | 0,5670 |
| SDR | 97,60 | 98,18 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 119,713

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fjárhagslegur hvati og minni hömlur á framleiðslu mjólkur helstu ástæður:

# Mjólkurframleiðendur slá met

**LANDBÚNAÐUR** Nærri þrjátíu ára gamalt met í mjólkurframleiðslu var slegið á síðasta ári. Þá voru framleiddar 126 milljónir lítra af mjólk. Baldur Helgi Benjamínsson, framkvæmdastjóri Landssambands kúabænda, segir fjárhagslegan hvata til framleiðenda og minni hömlur á framleiðslu mjólkur helstu ástæðurnar.

„Í janúar 2006 voru birgðir af mjólkurvörum orðnar óþægilega litlar, þar sem neysla hafði aukist hraðar en framleiðsla um nokkurn tíma,“ segir hann. „Þá voru bændur hvattir til að auka framleiðslu og gefið út að það yrði borgað fullt verð fyrir mjólk umfram kvóta. Kvótakerfið var þannig í raun tekið úr sambandi um tíma.“



**MJÓLK** Framkvæmdastjóri Landssambands kúabænda segist eiga von á minni framleiðslu í ár en var í fyrra. Hömlur á framleiðslu hafi aukist og framleiðslukostnaður hækkað. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Baldur segist eiga von á því að framleiðslan verði eitthvað minni í ár en í fyrra, þar sem kvótakerfið sé aftur komið á. Þess utan sjái bændur fram á töluverðar hækkanir á kjarnfóðri og áburði, sem auki framleiðslukostnað.

Aðspurður hvaða mjólkurvörutegundir hafi selst best á síðasta ári segir hann mesta aukningu hafa verið í smjöri.

„Neysla á smjörlíki hefur verið á undanhaldi og fólk snúið sér í ríkari mæli að náttúrulegri fitu. Það er alveg sama á hvaða matreiðsluþátt þú horfir, þegar verið eru að elda fínan mat þá nota menn alvöru hráefni,“ segir Baldur. - sþs

Fjármál heimilanna:

# Vankunnátta veldur vanda

**FJÁRMÁL** Sífellt fleiri bera fyrir sig vankunnáttu í fjármálum sem ástæðu þess að þeir hafi lent í fjárhagskröggum og þurfi því að leita til Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna. Árið 2006 gáfu rúmlega 16 prósent þeirra sem þangað leituðu þá skýringu en aðeins tæp fimm árið 2003.

„Stundum er þetta fólk sem hefur skrifað undir eitthvað en svo ekki áttað sig á að böndin myndu berast að þeim ef lántakandi lendir í vanda. Eins segist fólk ekki hafa áttað sig almennilega á því hvað það var að gera þegar það samdi við bankann,“ segir Ásta S. Helgadóttir forstöðumaður. - jse

Ferðamálafræðingar:

# Mótmælu ráðningu ráðherra

**FERÐAMÁL Félag háskólamenntaðra ferðamálafræðinga, FHF, telur ráðningu nýs ferðamálastjóra algjörlega á skjön við þróun íslenskrar ferðaþjónustu undanfarin ár. „Það er augljóslega gengið fram hjá fólki með háskólamenntun á sviði ferðamálafræði og það gagnrýnum við harðlega,“ segir Bjarnheiður Hallsdóttir, stjórnarmaður í FHF.**

**Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra réð Ólöfu Ýrr Atladóttur líffræðing í stöðu ferðamálastjóra. Bjarnheiður segir þetta einkennilegt. „Það skýtur skökku við að hann skuli ráða líffræðing í embætti ferðamálastjóra. Líffræðing með enga sérmenntun í ferðaþjónustu, enga sérþekkingu og ekki umtalsverða reynslu af nokkru sviði ferðaþjónustu [...] Meðal umsækjenda um þessar stöðu voru að minnsta kosti sjö umsækjendur með sérhæfða háskólamenntun af sviði ferðamála auk víðtækrar reynslu í atvinnugreininni.“** - mh

# Bjargvættur fórst í bruna

## Hálffimmtugur maður lést eftir að eldur kom upp í íbúð í Tunguseli. Áður hafði hann bjargað konu og tveimur börnum. Þremur var bjargað af hæðinni fyrir ofan. Maðurinn lætur eftir sig þrjú börn.

**BRUNI** Hálffimmtugur karlmaður, Hilmar Ragnarsson, lést þegar eldur kom upp í íbúð á þriðju hæð í fjölbýlishúsi við Tungusel 8 í Reykjavík rétt fyrir klukkan sex í gærmorgun.

Maðurinn bjargaði konu og tveimur börnum úr íbúðinni áður en hann hneig niður. Tveir reykkafarar úr slökkviliði höfuðborgarsvæðisins fundu manninn í íbúðinni.

Konan og börnin voru flutt á slysadeild vegna reykeitrunar. Slökkviliðsmönnum tókst að bjarga fólki úr íbúð á fjórðu hæð með hjálp körfubíls.

Slökkviliðið fékk tilkynningu um eld í húsinu korter fyrir sex og var allt tiltækt slökkvilið sent á vettvang. „Slökkvistarf á vettvangi gekk vel. Góð samvinna var á milli lögreglu og annarra sem komu að hjálp á vettvangi, þar á meðal Rauða krossins,“ sagði Jón Viðar Matthíasson slökkviliðsstjóri.

Lögreglan kallaði til strætisvagn og hópferðabíl til að hlúa að þeim sem þurftu að yfirgefa íbúðir sínar í stigaganginum. Mikill reykur var í stigaganginum þegar slökkviliðið kom á vettvang en greiðlega gekk að reykræsta.

Íbúum í húsinu var boðin áfallahjálp auk þess sem nágrannar hjálpuðu til með því að gefa fólkinu sem yfirgefa þurfti íbúðir sínar mat og drykk.

Tuttugu slökkviliðsmenn voru að störfum í og við fjölbýlishúsið þegar mest var en lögð var áhersla á að koma fólki út og reykræsta húsið fljótt og vel.

Rannsóknardeild lögreglunnar tók við þegar slökkvistarfi var lokið og hóf strax vettvangsrannsókn. Eldsupptök eru óljós en samkvæmt upplýsingum frá Sigurbirni Víði Eggertssyni, í rannsóknardeild lögreglunnar, getur vettvangsrannsóknin tekið tvo daga. Ingibjörg Eggertsdóttir, verkefnisstjóri hjá Rauða krossinum, segir samstarf á milli þeirra sem sinntu björgunarstarfi hafa gengið vel. „Það var kominn strætisvagn á staðinn þegar við komum. Sjálfboðaliðar frá okkur voru komnir á vettvang innan skamms til þess að aðstoða.“

Haukur Sigurðsson, íbúi í Tunguseli 6, segir brunann í húsinu áfall. „Ég vaknaði við þessi ósköp í [gær]morgun. Slökkviliðið náði fljótt tökum á aðstæðum og við sem ekki vorum á svæðinu þar sem bruninn hafði áhrif gátum verið inni. Sumir fóru út og fylgdust með gangi máli. Þetta er vitaskuld mikið áfall.“

Hilmar lætur eftir sig þrjú börn á aldrinum sex til fimmtán ára.

magnush@frettabladid.is




Slökkviliðsstjóri ósáttur við íkveikjur:

## SKAPA HÆTTU ÞEGAR MEST LIGGUR VIÐ

„Maður spyr sig óneitanlega hvert stefnir í samfélaginu þegar við þurfum að þeytast um allt svæðið til að slökkva elda sem fólk hefur kveikt að gamni sínu,“ segir Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri á höfuðborgarsvæðinu, en mjög hefur borið á íkveikjum að undanförnu.

„Við sendum dælubíla í tólf útköll aðfaranótt sunnudags og 21 útkall síðustu nótt [fyrrinótt]. Útköllin voru misalvarleg en það var auðvitað alltof mikið um útköll þar sem vísvitandi hafði verið kveikt í.“

Jón Viðar segir fólk skapa óþarfa hættu með því að kveikja í ruslagámum og ýmsu öðru lauslegu og það geti komið niður á viðbragðsflýti þegar mest liggur við. - mh



**RANNSÓKNARDEILD Á VETTVANGI** Rannsóknardeild lögreglunnar var kvödd á vettvang sjö mínútur yfir sex. Hún hóf rannsókn á vettvangi eftir að slökkviliðið hafði lokið störfum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## DÓMSTÓLAR

### Fyrir dóm vegna fíkniefna

Þrítugur Kópavogsbúi hefur verið ákærður fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir fíkniefnalagabrot. Í janúar 2007 gómaði lögregla hann með 11,38 grömm af amfetamíni, 0,57 grömm af marijúana og 2,5 skammta af vímuefninu LSD.

## LEIÐRÉTTING

### Taylor var í Líberíu

Charles Taylor, sem nú hefur verið dreginn fyrir stríðsglæpadómstól í Hollandi, var að sjálfsögðu harðstjóri í Líberíu en ekki Síerra Leóne, eins og fullyrt var í Fréttablaðinu í gær.

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

flugfelag.is

Burt úr bænum

Hópaferðir fyrir öll tilefni

Upplýsingar:
Sími 570 3075
hopadeild@flugfelag.is




## VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**RÓLEGT YFIR KORTUNUM**

Enda þótt á stöku stað geti blásið, að þá eru kortin í heildina séð róleg næstu daga. Hann andar austri eða norðaustri og má reikna með hita ekki fjarri frostmarki með ströndum en svalara til landsins. Dálítinn streng er að sjá vestur af Vestfjörðum en ég á ekki von á að hann nái inn á landið. Helst að hann sleiki annesin. Í dag gæti reyndar orðið strekkingur í Öræfasveitinni.

**REYKJAVÍK Í DAG**

Hæg norðaustlæg átt. Rigning eða slydda. Hiti nálægt frostmarki.




um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 5°C skúrir | London | 10°C léttskýjað | Friedrichshafen | 5°C hálfskýjað |
| Billund | 5°C skúrir | París | 10°C skúrir | Lúxemborg | 6°C skúrir |
| Osló | 2°C snjóél | Amsterdam | 6°C alskýjað | Alicante | 18°C alskýjað |
| Stokkhólmur | 3°C skúrir | Frankfurt | 4°C hálfskýjað | Róm | 14°C hálfskýjað |
| Gautaborg | 5°C alskýjað | Berlín | 4°C hálfskýjað | Las Palmas | 21°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.




# VERTU VISS UM AÐ KOMAST ALLA LEIÐ

Í samvinnu við FÍB býður Sjóvá nú viðskiptavinum í Stofni ókeypis bráðaþjónustu á vegum úti, fyrst allra tryggingafélaga á Íslandi.

Hefti bíllinn för þína með bilunum, sprungnu dekki, bensín- eða straumleysi geturðu hringt í 440 2222 og fengið aðstoð umsvifalaust.

Þjónustan er fyrir viðskiptavini í Stofni og er bundin við höfuðborgarsvæðið, Reykjanesbæ, Selfoss og Akureyri.

SJÓVÁ | KRINGLUNNI 5 | 103 REYKJAVÍK | SÍMI 440 2000 | SJOVA.IS | SJOVA@SJOVA.IS

SJÓVÁ
STOFN

**KJÖRKASSINN**



*Er rétt að banna þekktum ofbeldismönnum að stunda skemmtistaði?*

| | |
|---|---|
| Já | 93% |
| Nei | 7% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Fylgist þú með aðdraganda bandarísku forsetakosninganna?*

Segðu skoðun þína á vísir.is VÍSIR

Demókratar og repúblikanar í New Hampshire velja sér forsetaefni í dag:

# Obama og McCain í forystu

**BANDARÍKIN, AP** Hillary Clinton berst nú hvað hún getur fyrir því að sigra í forkosningum bandaríska Demókrataflokksins í New Hampshire í dag.

Áfallið fyrir baráttu hennar fyrir því að verða forsetaefni flokksins í haust yrði mikið ef hún myndi tapa öðru sinni fyrir Barack Obama, sem þó hefur mikið forskot samkvæmt sumum skoðanakönnunum. Aðrar kannanir benda þó til þess að mjótt geti orðið á mununum.

Hún segist sjálf ætla að halda ótrauð áfram baráttunni þótt hún tapi, en það gæti orðið erfitt fyrir hana ef fjármagnið sem hún hefur til umráða minnkar.



**KONAN Á KASSANUM** Hillary Clinton, öldungadeildarþingmaður í New York, steig upp á kassa í gær til að ná betur til kjósenda. Með henni á myndinni er dóttir hennar Chelsea. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

„Það eru einhverjar hræringar í loftinu," segir Obama, harla bjartsýnn á sigur þar sem hann ávarpaði mannfjölda í bænum Keene í gær.

Öldungadeildarþingmaðurinn John McCain hefur forskot hjá repúblikönum með ríflega 30 prósent, en Mitt Romney kemur næstur með um 25 prósent. Litlar líkur þykja á því að sigurvegarinn frá Iowa, Mike Huckabee, endurtaki leikinn í New Hampshire í dag.

Úrslit fyrstu forkosninganna, nefnilega í New Hampshire í dag og Iowa í síðustu viku, hafa oft mikil áhrif á framhald kosningabaráttunnar. Sigurvegarar þeirra fá forskot á mótframbjóðendurna í seinni forkosningum, en þeir sem verða undir heltast gjarnan úr lestinni. - gb

Vitni þóttu ótrúverðug:

# Sýknaður í líkamsárásarmáli

**DÓMSMÁL** Maður hefur verið sýknaður af ákæru um líkamsárás fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Ekki þótti fullsannað að maðurinn hefði kýlt annan mann í andlitið fyrir framan Herragarðinn á Laugaveginum þann 18. júní 2006. Fórnarlambið hlaut brotna tönn, mar og bólgu á andliti.

Höggið átti sér stað þegar fórnarlambið reyndi að stilla til friðar milli bróður síns og annars manns. Framburður vitna þótti ekki nægilega trúverðugur til þess að hægt væri að sakfella, og var maðurinn því sýknaður. Bótakröfu upp á hálfa milljón var einnig vísað frá. - sþs

Saakashvili Georgíuforseti:

# Lýðræðinu er enn ábótavant

**GEORGÍA, AP Mikhail Saakashvili Georgíuforseti, sem endurkjörinn var um helgina með rúmlega helmingi atkvæða, segir að lýðræðinu í landi sínu sé enn ábótavant.**

**„Ég tel að margt þurfi að gagnrýna. Landið er enn á breytingaskeiði, það er ekki fullþroskað, vel mótað samfélag," sagði Saakashvili í viðtali í gær. „Ég held að við séum á réttri leið og kosningarnar sanna það."**

**Stjórnarandstaðan sakar Saakashvili um kosningasvik, en alþjóðlegt kosningaeftirlit segir kosningarnar að mestu hafa farið eðlilega fram. - gb**



**BEÐIÐ UM AÐSTOÐ** Yfirvöld áætla að 255.000 manns hafi flúið heimili sín vegna átakanna. NORDICPHOTOS/AFP

Ótti við meiri blóðsúthellingar:

# Mótmælum í Kenía aflýst

**KENÍA, AP** Keníski stjórnarandstöðuleiðtoginn Raila Odinga aflýsti í gær fyrirhuguðum mótmælum á landsvísu vegna ótta um að þau gætu valdið frekari blóðsúthellingum.

Um fimm hundruð manns hafa látist í átökum eftir forsetakosningarnar 27. desember þar sem forseti Kenía, Mwai Kibaki sigraði. Þingkosningar fóru fram samtímis og vegnaði flokki Odinga þar vel. Odinga og Kibaki saka hvor annan um kosningasvindl.

Aðalerindreki Bandaríkjanna í Afríku, Jendayi Frazer, hefur staðfest kosningasvindl en að báðir flokkar kunni að vera sekir. - sdg

# Seðilgjöld felld niður

**Viðskiptaráðherra beinir tilmælum til fjármálafyrirtækja um að seðilgjöld verði ekki innheimt. Lögum verður breytt svo FIT-kostnaður verði háður samningi og innan eðlilegra marka. Uppgreiðslugjöld lána falla niður í ákveðnum tilvikum.**

**NEYTENDUR** Seðilgjöld munu heyra sögunni til eftir stuttan aðlögunartíma og óheimilt verður að innheimta kostnað sé farið yfir á bankareikningi nema gjaldtakan eigi sér stoð í samningi.

Þetta sagði Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra á fundi með fjölmiðlafólki í gær. Þar kynnti hann niðurstöður starfshóps sem farið hefur yfir heimildir fjármálafyrirtækja til gjaldtöku, og aðgerðir sínar í kjölfarið.

„Það sem við erum að kynna hér í dag er skref í röð aðgerða sem við munum framkvæma í neytendamálum, og munu líta dagsins ljós á næstu vikum, mánuðum og misserum," sagði Björgvin.

„Ég mun nú þegar gefa út tilmæli um að bannað verði að bæta seðilgjöldum eða öðrum fylgikröfum við aðalkröfu sem greidd er á gjalddaga nema sérstaklega sé samið um annað," sagði Björgvin.

Hann segir að veittur verði eðlilegur frestur til að bregðast við og fella gjöldin niður, ef til vill tveir til þrír mánuðir.

Bent er á í skýrslu starfshópsins að ein viðbrögð við niðurfellingu seðilgjalds gæti verið hækkun á undirliggjandi verðskrám. Við því sé þó lítið að segja þar sem verðlagning sé frjáls.

Lögum um neytendalán verður breytt á vorþingi þannig að óheimilt verði að innheimta yfirdráttarkostnað, eða FIT-kostnað, nema skýrt sé kveðið á um heimild til slíks í samningi. FIT-kostnaður verður til dæmis til ef debetkort án innistæðu er notað í verslun.

Slíkur kostnaður á í öllu falli að vera hóflegur og endurspegla þá upphæð sem yfirdregin var, sagði Björgvin.

Þannig eigi ekki að vera sami kostnaður fyrir að yfirdraga reikning um 500 krónur og 50.000 krónur, og ekki eigi að innheimta fyrir hverja færslu heldur fyrir heildarupphæð sem yfirdregin er.

Óheimilt verður að krefjast uppgreiðslugjalds fyrir lán í íslenskum krónum undir 50 milljónum með breytilegum vöxtum, segir Björgvin. Þar sem þó megi semja um uppgreiðslugjald skal kveða á um það í samningi, og gjaldið má ekki vera hærra en tjón lánveitandans vegna uppgreiðslunnar.

brjann@frettabladid.is



**BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON** „[Þetta] er skref í röð aðgerða sem við munum framkvæma í neytendamálum, og munu líta dagsins ljós á næstu vikum, mánuðum og misserum." FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## HELSTU AÐGERÐIR VIÐSKIPTARÁÐHERRA

- Bannað verður að innheimta seðilgjöld nema sérstaklega sé um það samið.
- Óheimilt verður að innheimta svokallaðan FIT-kostnað nema samið sé um slíkt sérstaklega.
- Bannað verður að krefjast uppgreiðslugjalds af eftirstöðvum láns í íslenskum krónum með breytilegum vöxtum, sé lánið lægra en 50 milljónir.
- Neytendastofa mun gera sérstakt átak til að kynna réttindi almennings í viðskiptum við fjármálastofnanir.
- Nefnd mun fá það verkefni að vinna frumvarp um greiðslumiðla og rafræna greiðslumáta á borð við greiðslukort og heimabanka.
- Ráðherra mun beina tilmælum til fjármálafyrirtækja að bæta aðgengi neytenda að skilmálum, meðal annars með því að birta þá á netinu.
- Lagaumhverfi almennrar fjármálaþjónustu verður bætt.



**HOLLENDINGAR** Eru þjóða hæstir samkvæmt mörgum alþjóðlegum könnunum sem gerðar hafa verið. NORDICPHOTOS/AFP

Hollendingar verði ekki hærri:

# Hæsta þjóðin hætt að stækka

**HOLLAND, AP** Vöxtur Hollendinga, sem löngum hafa verið taldir hæsta þjóð í heimi, hefur dregist saman undanfarin ár að því er hollenska hagstofan greindi frá í gær.

Meðalhæð fullorðins hollensks karlmanns jókst um meira en þrjá sentimetra frá upphafi níunda áratugarins upp í rúma 180 sentimetra árið 2000. En síðan hefur hann staðið í stað samkvæmt tilkynningu hagstofunnar. Á sama tíma hefur einnig hægt á vexti hollenskra kvenna. - sdg

Stöðug lækkun frá ESB-aðild:

# Minna atvinnuleysi í Póllandi

**PÓLLAND, AP Atvinnuleysi í Póllandi mældist 11,4 prósent í desember og hækkaði um 0,2 prósent frá mánuðinum samkvæmt tölum vinnumálaráðuneytisins. Talsverð lækkun hefur þó orðið frá því í desember fyrir ári þegar atvinnuleysi mældist 14,9 prósent.**

**Atvinnuleysi í Póllandi hefur farið stöðugt minnkandi eftir að þjóðin gekk í Evrópusambandið árið 1994. Í febrúar árið 2004 náði atvinnuleysið hámarki í 20,7 prósentum.**

**38 milljónir búa í Póllandi og er talið að 1,75 milljón manns hafi verið án atvinnu í desember. - sdg**






Framkvæmdastjóri Samtaka fjármálafyrirtækja:

# Frelsi til samninga heppilegra en bann

**NEYTENDUR** Mestu skiptir að það umhverfi sem hér er verið að breyta verði sem líkast því sem gerist í öðrum löndum Evrópska efnahagssvæðisins, í stað þess að búið sé til séríslenskt kerfi.

Þetta segir Guðjón Rúnarsson, framkvæmdastjóri Samtaka fjármálafyrirtækja, um boðaðar aðgerðir viðskiptaráðherra. Hann segir að svo virðist sem starfshópurinn hafi færst nær þeirri hugmyndafræði en upphaflega hafi stefnt í.

Hann lýsir þó efasemdum um takmarkanir á álagningu uppgreiðslugjalda. Réttara hefði verið að virða frelsi til þess að gera upplýsta samninga. Guðjón segir ekki óeðlilegt að samið sé um seðilgjöld,



**GUÐJÓN RÚNARSSON**

bankar og sparisjóðir geri það nú þegar. Það væri þó óeðlilegt að banna slík gjöld með öllu, það skipti að viðskiptavinurinn viti hvað hann sé að borga fyrir.

Með boðuðum breytingum á innheimtu FIT-kostnaðar segir Guðjón að viðurkennt sé að eðlilegt sé að lagt sé gjald á þá sem fari yfir á reikningum sínum. Væntanlega muni bankarnir skoða hvort núverandi gjaldtaka verði innan þess ramma sem eðlileg teljist, og breyta henni sé svo ekki. - bj

Formaður Neytendasamtaka:

# Fyrsta skrefið fagnaðarefni

**NEYTENDUR** „Þessi fyrstu skref sem þarna eru tekin eru til hagsbóta fyrir neytendur, og við hljótum að fagna því," segir Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, um aðgerðir viðskiptaráðherra sem kynntar voru í gær.

Jóhannes leggur áherslu á að hér sé um eitt skref af mörgum að ræða, boðað sé breytt lagaumhverfi í fjármálaþjónustu og fleira og því á eftir að sjá hvaða áhrif breytingarnar í heild muni hafa. En byrjunin lofi góðu.

Neytendasamtökin hafa haldið því fram að seðilgjöld hafi verið hærri en sem nemi kostnaði fyrirtækja við innheimtu. Jóhannes segir að virk samkeppni verði að koma í veg fyrir að verð á þjónustu hækki umfram kostnað við innheimtuna. - bj

www.toyota.is




## Toyota - bestu bílakaupin strax

Hlaupárið hjá Toyota byrjar á spennandi sértilboðum í takmarkaðan tíma.
Langar þig í nýjan Yaris, Auris, Corolla, Avensis eða RAV4?
Hugsaðu hratt, komdu til næsta söluaðila Toyota núna og láttu sölumenn okkar gera þér tilboð sem þú getur ekki hafnað.

**Fyrstir koma, fyrstir fara - á nýrri Toyota**



TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Í hvaða Afríkuríki hafa fimm hundruð látist í kjölfar kosninga 27. desember síðastliðinn?*
2. *Hvaða frambjóðandi repúblikana er talinn sigurstranglegastur í forkosningunum í New Hampshire sem fara fram í dag?*
3. *Hvað heitir sjaldgæfa bakteríusýkingin greindist fjórum sinnum á LSH í fyrra og getur valdið fósturskaða?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30

Meira en hálfur mánuður liðinn frá því sorphirðu var hætt í Napólí:

# Herinn látinn ryðja sorpinu

**ÍTALÍA, AP** Ítalski herinn hófst eldsnemma í gærmorgun handa við að ryðja ruslinu burt af götum Napólíborgar. Sorphirða hefur legið þar niðri í meira en hálfan mánuð.

Sorphirðu var hætt vegna þess að allir sorphaugar borgarinnar eru einfaldlega yfirfullir og tvö ár eru þangað ný sorpbrennslustöð verður tilbúin til notkunar.

Árum og jafnvel áratugum saman hefur stefnt í óefni í þessum málum, en íbúar hafa þó mótmælt því að gamlir sorphaugar verði enduropnaðir því þeir séu svo nálægt íbúðabyggð að hætta stafi af, auk þess sem þeir vilja enga bráðabirgðalausn heldur varanlega lausn á málinu.



**MÆTTUR Í RUSLIÐ** Ítalskur hermaður býr sig undir að takast á við ófögnuðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Romano Prodi forsætisráðherra hefur heitið því að finna lausn á málinu hið fyrsta, en til að byrja með var herinn sendur af stað í gær til að hreinsa til, einkum í kringum skóla þar sem skólar hófust á ný í gær eftir jólahlé.

Íbúar borgarinnar eru ævareiðir borgaryfirvöldum vegna ástandsins og krefjast afsagnar þeirra. Stjórnvöld kenna hins vegar því um að skipulögð glæpastarfsemi hafi haft áhrif á sorphirðuna, auk þess sem óskipuleg skriffinnska hafi flækt málin. Þá hafi mótmæli íbúanna gegn nýjum sorphaugum og sorpbrennslustöðvum gert illt verra. - gb

Morðingi hringdi í neyðarlínu:

## Eyra í potti og líkhluti á borði

**BANDARÍKIN, AP** Bandarískur maður er í varðhaldi eftir að lögreglumenn fundu eyra kærustu hans sjóðandi í potti heima hjá honum og eldaða líkamshluta hennar á diski á eldhúsborðinu.

Christopher Lee McCuin hringdi sjálfur í neyðarlínuna og sagðist hafa myrt kærustuna sína sem var 21 árs. McCuin er 25 ára.

Yfirvöld sögðu óljóst hvort McCuin lagði sér lík kærustu sinnar til munns eða hvort hann vildi láta líta svo út.

McCuin er einnig grunaður um að hafa stungið kærasta fyrrverandi konu sinnar á laugardaginn. - sdg

Vilja aukna endurvinnslu:

## Skoða ábyrgð framleiðenda

**UMHVERFISMÁL Ábyrgð framleiðenda dagblaða og auglýsingabæklinga verður meðal þess sem nefnd sem umhverfisráðherra skipaði nýverið mun skoða. Nefndinni er ætlað að leggja til aðgerðir til að minnka úrgang og auka endurvinnslu á prentpappír.**

**Mikilvægt er að auka ábyrgð þeirra sem framleiða og flytja inn blöð, tímarit, bækur og auglýsingabæklinga þannig að þeir beri kostnað vegna úrgangs af framleiðslunni, að því er segir í skipunarbréfi nefndarinnar.** - bj



**DAGBLÖÐ** Magn fjölpósts hefur aukist um 76 prósent á fjórum árum.

75 milljónum veitt til þriggja ára verkefnis í Eþíópíu:

# Tryggja 25 þúsund manns hreint vatn

**ÞRÓUNARMÁL** Hjálparstarf kirkjunnar og Þróunarsamvinnustofnun hafa gert með sér samstarfssamning um þriggja ára þróunarverkefni í Eþíópíu. Þetta er stærsta verkefnið sem Hjálparstarf kirkjunnar hefur lagst í. Þaðan koma 40 prósent fjárins en 60 prósent frá Þróunarsamvinnustofnun. Samtals verður 75 milljónum varið til verkefnisins.

Sighvatur Björgvinsson, framkvæmdastjóri Þróunarstofnunar og Jónas Þ. Þórisson, framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar, undirrituðu samninginn 19. desember síðastliðinn.

„Verkefnið verður unnið í Jijiga, einu fátækasta héraði landsins þar sem búa um 230 þúsund íbúar,“ segir Lydia Geirsdóttir, verkefnastjóri hjá Hjálparstarfi kirkjunnar. Meðal viðfangsefna sem fylgja verkefninu nefnir hún byggingu vatnsþróa og vatnsgeyma sem gera mönnum kleift að nýta rigningarvatn til neyslu og ræktunar. Heildarverkefnið mun nýtast öllum íbúum héraðsins og sá hluti sem snýr að vatnsöflun mun tryggja 25 þúsund íbúum í tíu sýslum aðgang að hreinu vatni en Lydia segir að einungis 30 prósent landsmanna í Eþíópíu njóti þeirra mikilvægu mannréttinda. „Það þýðir að meira en 50 milljónir hafa ekki aðgang að hreinu vatni,“ segir hún. - jse





**FÆR LAUN FRÁ PEPSI** Gro Harlem Brundtland, fyrrverandi framkvæmdastjóri Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar, barðist fyrir minni sykurneyslu á sínum tíma en þiggur nú laun fyrir setu í nefnd hjá gosdrykkjarisanum PepsiCo.

# Gro hefur ekki greitt krónu í skatt

**Gro Harlem Brundtland, fyrrverandi forsætisráðherra Noregs, hefur ekki greitt krónu í skatt frá 2004 með því að nýta sér gat í skattareglum og búa í Frakklandi. Hún er líka harðlega gagnrýnd fyrir að þiggja laun frá gosdrykkjaframleiðandanum Pepsi.**

**NOREGUR** Gro Harlem Brundtland, fyrrverandi forsætisráðherra Noregs og framkvæmdastjóri Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar, hefur búið í Frakklandi frá 2004 og nýtt sér gat í norskum skattareglum til að komast hjá því að greiða skatt. Gro hefur nú lýst því yfir að hún ætli að flytja lögheimili sitt aftur heim til Noregs og greiða skatt þar, að sögn Verdens Gang.

Brundtland hefur haft tæplega sextíu prósent af tekjum norska forsætisráðherrans frá 65 ára aldri sem þýðir að hún hefur haft átta milljónir króna í árstekjur. Ef hún byggi í Noregi þyrfti hún að greiða um tvær og hálfa milljón af því í skatt. Í Frakklandi eru reglurnar hins vegar þannig að ekki er heimilt að innheimta skatt af Norðmanni sem fær greiðslur frá Noregi. Gro hefur því ekki greitt krónu í skatt.

Brundtland hefur um þrjár milljónir króna í tekjur til viðbótar sem ráðgjafi hjá gosdrykkjaframleiðandanum Pepsi-Co. Starfið felst í því að sitja í ráðgjafarnefnd og mæta á fundi hennar fjórum sinnum á ári. Þessar tekjur ætti hún að gefa upp í Noregi en hefur viðurkennt að hafa ekki gert. Samkvæmt norskum reglum skerða aukagreiðslurnar ekki ellilífeyrinn.

Brundtland hefur legið undir ámæli síðustu daga. Það þykir siðleysi af fyrrverandi forsætisráðherra landsins að hafa nýtt sér gat í skattareglum þó að hún haldi því fram að hún hafi ekki vitað af þeirri reglu þegar hún flutti til Frakklands. Þá þykir einnig ámælisvert að fyrrverandi framkvæmdastjóri Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar sé á launum hjá einum stærsta gosdrykkjaframleiðanda heims.



**ÆTLAR AÐ BREYTA** Jens Stoltenberg forsætisráðherra ætlar að breyta reglunum og stoppa í gatið sem Gro nýtti sér.

Kaare Norum prófessor segir að þau Gro hafi unnið saman hjá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni „gegn því að fólk verði of þungt af því að drekka of mikið af gosdrykkjum. Þess vegna finnst mér slæmt að hún sé ráðin hjá einu af þeim fyrirtækjum sem vinna ekki að góðri heilsu í heiminum“, segir hann í samtali við norska ríkisútvarpið NRK.

Brundtland telur hins vegar ekkert gagnrýnisvert við það að vera á launum hjá gosdrykkjaframleiðandanum og neitar að gefa upp hvað hún fái í laun. Dagblaðið Verdens Gang segir hins vegar að aðrir ráðgjafar fái þrjár milljónir.

Jens Stoltenberg forsætisráðherra ætlar að stoppa í gatið í skattareglunum. ghs@frettabladid.is


MAKING MODERN LIVING POSSIBLE

Danfoss



**Aðvörun!**

**Möguleg hætta á eldsvoða í gömlum kæliskápum og frystum sem keyptir voru árið 1994 eða fyrr**

Ef kæliskápurinn þinn eða frystirinn var keyptur árið 1994 eða fyrr, ættir þú að athuga hvort hann er búinn Danfoss þjöppu.

Nýlegar prófanir gefa til kynna að stigvaxandi hrörnun plastefnis í startarabúnaði Danfoss þjappa frá þessu tímabili geti (við öfgakenndar eða aðrar kringumstæður) valdið aukinni eldhættu. Startari framleiddur eftir 1994, í nútíma þjöppum ber ekki – og mun ekki í framtíðinni – bera þessa hættu með sér.

Þú finnur þjöppuna aftan á eða á hlið kæliskápsins eða frystisins og mögulega á bak við hlíf í sumum tilfellum.

Þú ættir að aftengja rafmagnssnúruna áður en þú færir kæliskápinn þinn eða frystinn.

Til að bera kennsl á Danfoss þjöppu, vinsamlegast leitaðu að gula merkimiðanum með heiti Danfoss, myndmerki og gerðartegund framan á þjöppunni. Sjá teikninguna að ofan.

Ef þú finnur Danfoss þjöppu byggða í kæliskápinn þinn eða frystinn, framleiddan og dagsettan aftur til 1994 eða fyrr, ættir þú að grípa til eftirfarandi aðgerða til að eyða hugsanlegri hættu á eldsvoða:

– hafa samband við Danfoss til að panta ókeypis varahlut – leita aðstoðar hjá faglærðum þjónustutæknimanni til að láta setja hann upp.

Þú getur fundið frekari upplýsingar og pantað ókeypis varahlutinn sem þú þarft á:

**Vefur:**
www.danfoss.is/compressorinfo

**Bein lína Danfoss (gjaldfrjálst númer): 8001030**
(virka daga frá 09:00-21:00, laugardaga & sunnudaga 10:00-17:00)

REFRIGERATION & AIR CONDITIONING DIVISION

2090



NEYTENDAVAKTIN

Vextir yfirdráttarlána á debetkortareikningi

| Banki | Vaxtaprósenta |
| --- | --- |
| S24 | 18,70 % |
| Netbankinn | 21,70 % |
| Kaupþing | 23,45 % |
| Landsbankinn | 24,40 % |
| Sparisjóðirnir | 24,40 % |
| Glitnir | 24,45 % |

S24 með lægstu vextina

Neytendasamtökin könnuðu kjör á yfirdráttarlánum. Miðað er við lán til einstaklinga sem ekki njóta neinna sérkjara. Margir ættu þó að geta samið um betri kjör og rík ástæða til þar sem vextir á yfirdráttarlánum eru mjög háir.
Lægstu vextir eru hjá S24 á yfirdrætti á debetkortareikningi 18.70%

Brynhildur Pétursdóttir

Neytendasamtökin eru frjáls félagasamtök: stofnuð árið 1953. Þau verja hag félagsmanna og berjast fyrir hagsmunum neytenda. Sjá www.ns.is - netfang:ns@ns.is

# S24 með lægstu yfirdráttarvextina

## samkvæmt úttekt Neytendasamtakanna í 24 stundum



Samkvæmt úttekt Neytendasamtakanna í 24 stundum laugardaginn 5. janúar er S24 með mun lægri yfirdráttarvexti en aðrir bankar og sparisjóðir.

Ekki borga óþarflega háa vexti. Færðu yfirdráttinn til okkar þar sem allir njóta sömu góðu vaxtakjaranna.

Sæktu um... **www.s24.is**

S24 ...og þú hagnast

*Skv. Úttekt Neytendasamtakanna í 24 stundum laugardaginn 5. janúar 2008

**533 2424 – Sætún 1**



**EINFÆTTUR Í HÁLOFTUM** Meðlimur í japönskum minningarsamtökum um slökkviliðsmenn sýnir listir sínar þar sem hann stendur á einum fæti efst í háum bambusstiga í verslunarmiðstöð. Er hann íklæddur búningi sem slökkviliðsmenn notuðu á fyrri hluta 20. aldarinnar. NORDICPHOTOS/AFP

Formaður stjórnar samtaka lífeyrissjóða telur fjárfestingar sjóðanna standast kröfur um siðferði:

# Lífeyrissjóðir stuðla ekki að atvinnuleysi

**FÉLAGSMÁL** Arnar Sigurmundsson, formaður Landssamtaka lífeyrissjóða, telur ástæðulaust að lífeyrissjóðir gaumgæfi fjárfestingar sínar í íslenskum fjárfestingarfyrirtækjum út frá siðferðissjónarmiðum – umfram það sem þegar er gert.

Skúli Thoroddsen, framkvæmdastjóri Starfsgreinasambandsins, kallar eftir samfélagslegri meðvitund í fjárfestingum lífeyrissjóða. Hann vill ekki að sjóðirnir eigi hluti í fjárfestingarfyrirtækjum sem kaupa fyrirtæki til að umbreyta þeim og selja svo aftur í smærri einingum. „Ég vil ekki að lífeyrissjóðirnir taki þátt í að skilja eftir slóð atvinnuleysis,“ sagði Skúli í Fréttablaðinu í gær.

Arnar Sigurmundsson er í meginatriðum sammála Skúla. Hann segir að horfa eigi til siðferðislegra þátta við mat á fjárfestingum. „Það á að gera það og það er gert,“ segir Arnar en telur ástæðulaust að lífeyrissjóðir taki upp önnur vinnubrögð en þeir ástundi nú þegar.

Í nýársgrein á vef Starfsgreinasambandsins fjallaði Skúli Thoroddsen um nýkapítalisma og sagði hann vera að ryðja sér til



ARNAR SIGURMUNDSSON



SKÚLI THORODDSEN

rúms. Kvaðst hann þeirrar skoðunar að kröfur fjárfesta um mikinn skyndigróða hefðu skaðað samfélagið og sagði stjórnendur sjávarútvegsfyrirtækja í þeim hópi. „Kvótabrask og græðgi hefur verið aðall greinarinnar,“ sagði Skúli.

Arnar, sem jafnframt er formaður Samtaka fiskvinnslustöðva, lítur hlutina öðrum augum. „Það er eðlilegt að fyrirtæki vilji efla kvótastöðu sína og slíkt leiðir til nauðsynlegrar hagræðingar. En þegar menn vilja hætta og fara í eitthvað annað er ekkert við því að gera. Um þetta var talsvert rætt fyrir fimm til tíu árum en það er búið núna.“ - bþs

Finnsk skoðanakönnun:

## Fáir Finnar hrifnir af Pútín

**FINNLAND** Finnar eru lítt hrifnir af því að Vladimír Pútín verði áfram leiðtogi Rússlands þegar kjörtímabili hans sem forseta Rússlands lýkur. Margir Finnar líta á Rússland sem ógn við Finnland.



VLADIMÍR PÚTÍN

Skoðanakönnun, sem finnska dagblaðið Helsingin Sanomat lét gera í lok nóvember og byrjun desember, sýnir að innan við fjórðungur aðspurðra vill að Pútín verði áfram raunverulegur leiðtogi Rússlands.

Pútín lýsti því yfir í desember að hann væri reiðubúinn í embætti forsætisráðherra ef Dmitri Medvedev næði kjöri sem forseti í mars. - ghs

Atvinnulausir á Norður-Indlandi:

## Gelda villta apa

**INDLAND, AP** Yfirvöld í einu af ríkjum Norður-Indlands hyggjast nýta krafta atvinnulausra í að gelda apa sem hafa hrellt íbúa undanfarin ár. Ætlunin er að koma þannig böndum á fjölgun apanna, sem halda til í borgum í tugþúsundatali. Aparnir verða geltir með leysigeisla.

Verkefnið er hugarfóstur nýkjörins ríkisstjóra Himachal Pradesh sem vill leysa tvö helstu vandamál ríkisins – atvinnuleysi og árásargjarna apa – samtímis.

Aðstoðarborgarstjórinn í Nýju-Delí lést í lok október þegar hann féll fram af svölum eftir árás villtra apa. - sþs



**APAPLÁGA** Gelda á indversku borgarapana með leysigeislum.



**HÆKKAR Á STÆRSTU STÖÐUNUM** Sorphirðugjald hækkar í stærstu sveitarfélögum landsins, sérstaklega er hækkunin þó mikil í Reykjavík og á Seltjarnarnesi eða um heilar 4.000 krónur hvort sveitarfélag.

# Hækkar mest úti á Nesi og í Reykjavík

**Sorphirðugjaldið hækkar í öllum stærstu sveitarfélögum landsins. Mest hækkar það að krónutölu í Reykjavík og á Seltjarnarnesi eða um fjögur þúsund krónur á hvorum stað.**

**SKATTABREYTINGAR** Sorphirðu- og sorpeyðingargjaldið hækkar hjá öllum stærstu sveitarfélögum landsins. Mest hækkar það að krónutölu í Reykjavík og á Seltjarnarnesi eða um fjögur þúsund krónur í hvoru sveitarfélagi. Það hækkar líka í Kópavogi, Hafnarfirði, Garðabæ, Reykjanesbæ og á Akureyri. Minnst hækkar það í Mosfellsbæ og Garðabæ.

Sorphirðu- og sorpeyðingargjaldið er hæst í Reykjanesbæ en þar er það rétt tæpar 19 þúsund krónur á íbúð. Í borginni er gjaldið 16.300 krónur á tunnuna á ári frá áramótum en 8.150 ef tunnan er græn. Gjaldið tvöfaldast ef tunnurnar eru tvær. Sorphirðugjaldið er þar með í hærri kantinum en það á að standa undir þjónustunni og gerir það nú.

Kópavogsbúar og Akureyringar greiða 14 þúsund krónur og Hafnfirðingar 13 þúsund. Garðbæingar greiða rúm 13 þúsund og Mosfellingar 11.500 krónur.

„Sorphirðugjaldið er langt frá því að standa undir rekstrarkostnaði við sorphirðuna,“ segir Karl Guðmundsson, bæjarritari á Akureyri. „Menn eru enn að greiða þessa þjónustu niður. Með þessari hækkun erum við farin að nálgast það að gjaldið standi undir rekstrarkostnaði við sorphirðuna en það standa enn út af nokkrar milljónir sem við höfum ekki tekjur í. Þetta er ástæðan fyrir því að menn eru smám saman að hækka þetta gjald.“

Á Akureyri kostar sorphirðan rúmar 8.000 krónur á íbúa. Heildarkostnaðurinn er 138,8 milljónir en sorphirðugjaldið skilar 120 milljónum króna. Inni í þessum tölum er sorphreinsun og sorpeyðing, reksturinn á sorphaugunum og gámasvæði en ekki þjónusta við fyrirtæki. Sorphirðugjaldið er lagt á hverja íbúð á Akureyri, ekki á tunnuna eins og í Reykjavík.

Hjörtur Zakaríasson, bæjarritari í Reykjanesbæ, segir að íbúar í öllum sveitarfélögunum á Suðurnesjum hafi sama sorphirðugjaldið, 18.900 krónur. Þjónustugjaldið sé ákveðið hjá Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum sem sjái um reksturinn á stöðinni. Gjaldið standi undir rekstrinum og þjónustan sé ekkert niðurgreidd. Ástæðan fyrir miklum rekstrarkostnaði sé sú að sorpeyðingarstöðin hjá Kölku sé brennslustöð.

Guðjón E. Friðriksson, bæjarritari í Garðabæ, segir að sorphirðugjaldið hafi hækkað í samræmi við verðbólguna, eða um sex prósent. Engin önnur vísindi séu þar á bak við. ghs@frettabladid.is

**SORPHIRÐU- OG EYÐINGARGJALD 2007**

| | Gjaldið/krónur | Hækkun/krónur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 16.300 | 4.000 |
| Kópavogur | 14.000 | 2.400 |
| Hafnarfjörður | 13.000 | 1.500 |
| Garðabær | 13.300 | 800 |
| Reykjanesbær | 18.900 | 1.600 |
| Akureyri | 12.650 | 1.150 |
| Seltjarnarnes | 14.000 | 4.000 |
| Mosfellsbær | 11.500 | 700 |

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK



vilborga@centrum.is

Fæst með berjapressu



Safapressa
fyrir heilsuna og línurnar

Með Magimix safapressunni má töfra fram girnilega og heilsusamlega drykki með lágmarks fyrirhöfn.

Magimix safapressan er afar handhæg og einföld í notkun. Á örskotsstund má töfra fram með henni vítamínríka og ferska ávaxta- og grænmetisdrykki sem hressa bæta og kæta. Magimix safapressuna er auðvelt að þrífa, hún er stílhrein, krafmikil og endingargott töfratæki.

Verð frá kr.: 23.500

Aðrir söluaðilar:
Kokka, Laugavegi
Villeroy & Boch, Kringlunni
Egg, Smáratorgi
Líf og list, Smáralind

magimix

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Baldursnes 6, Akureyri | Suðurlandsbraut 20, Reykjavík Sími 588 0200 | www.eirvik.is




# Víkkaðu sjóndeildarhringinn

## - fjölbreytt og áhugaverð námskeið í boði

### STJÓRNUN OG STARFSÞRÓUN

Verkefnastjórnun I: Undirbúningur og áætlanagerð - grundvallaratriði
hefst 22. jan.

Skilvirk ákvarðanataka: Greining með LESTA (Leadership Styles Analysis)
hefst 30. jan.

Coaching - fyrir stjórnendur nýrrar aldar
hefst 12. feb.

Teymisvinna: Stjórnun og starf í teymum
hefst 12. feb.

Vinnusálfræði og samskipti á vinnustað
hefst 19. feb.

Stefnumótun - hagnýt aðferð
hefst 3. mars.

Viðskiptasiðfræði: Persónuvernd, ábyrgð og skyldur á vinnustað
hefst 3. mars.

### SÉRNÁMSKEIÐ FYRIR RÍKISSTARFSMENN

Evrópusambandið og EES samningurinn
hefst 16. jan.

Meðferð persónuupplýsinga
hefst 13. feb.

Upplýsinga- og skjalastjórn
hefst 3. mars.

Starfsandi í opinberri stjórnsýslu
hefst 4. mars.

### FJÁRMÁL OG REIKNINGSSKIL

Skattamál - nýlegar breytingar
hefst 17. jan.

Excel I - fjármál og rekstur
hefst 21. jan.

Excel II - fjármál og rekstur
hefst 24. jan.

Excel - veltitöflur (Pivot Table)
hefst 30. jan.

Lestur ársreikninga
hefst 4. feb.

Vextir og skuldabréf
hefst 5. feb.

Excel - fjármálaföll
hefst 7. feb.

Frádráttur frá tekjum af atvinnurekstri
hefst 7. feb.

Greining ársreikninga
hefst 18. feb.

### VERK- OG KERFISFRÆÐI

Að ná tökum á þarfagreiningaferli hugbúnaðar. Mastering the Requirements Process
hefst 4. feb.

Prófun hugbúnaðar (Software testing foundations)
hefst 3. mars.

Almenn vörustjórnun. Stjórnun flutninga og dreifing
hefst 15. feb.

ISTQB Advanced Test Management Course
hefst 10. mars.

### HEILBRIGÐIS- OG FÉLAGSSVIÐ

Psycho-somatic problems/Chronic illness
hefst 11. jan.

Gagnavinnsla og lýsandi tölfræði í SPSS
hefst 22. jan.

Þróun lyfja
hefst 5. feb.

Setstöður og legustöður sem hluti af "Posture Management". Mat, úrlausnir og árangursmæling
hefst 7. feb.

Post Traumatic Stress Disorder
hefst 8. feb.

Réttlát heilbrigðisþjónusta og vandi einstakra hópa
hefst 11. feb.

Viðbótar og óhefðbundnar meðferðir í hjúkrun
hefst 21. feb.

Lyfjahagfræði
hefst 4. mars.

Eating disorders
hefst 7. mars.

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Nánari upplýsingar og skráning: sími 525 4444
endurmenntun.is

## Svona erum við

> Fjöldi barna á 1. ári 1. desember hvers árs.




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

# baksvið
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** FORKOSNINGAR Í BANDARÍKJUNUM

# *Sannkallaður frumskógur ólíkra aðferða*

Forkosningar stóru stjórnmálaflokkanna tveggja í Bandaríkjunum eru komnar á fullt skrið. Kosið var í Iowa í síðustu viku og New Hampshire í dag.

**Hver er munurinn?**
Í hinum fimmtíu ríkjum Bandaríkjanna gilda mismunandi reglur um framkvæmd forkosninga. Meginafbrigðin eru þó tvenn, annars vegar það sem Bandaríkjamenn kalla „caucus“, hins vegar það sem þeir nefna „primary“. Munurinn er í aðalatriðum sá að „caucus“ er kosningafundur, þar sem flokksfélagar koma saman í sal til að velja á milli frambjóðenda, en „primary“ er prófkjör þar sem flokksfélagar mæta á kjörstaði til að merkja við frambjóðendur á kjörseðli.



**Hvernig er framkvæmdin?**
Töluverður munur er þó á því eftir bæði flokkum og ríkjum hvernig staðið er að framkvæmd þessara tveggja meginafbrigða forkosninga í Bandaríkjunum. Sums staðar fara forkosningafundir til dæmis þannig fram að flokksfélagar í sal raða sér í hópa eftir því hvaða frambjóðanda þeir styðja, kjósa sem sagt bókstaflega „með fótunum“. Annars staðar eru handauppréttingar og enn annars staðar er safnað saman kjörseðlum úr sal.

**Hver er framvindan?**
Flokkarnir velja sér forsetaefni í hverju ríkinu á fætur öðru allt fram á sumar. Mestu munar þar annars vegar um fyrstu forkosningarnar, í Iowa og New Hampshire, og svo hins vegar „stóra þriðjudaginn“ 5. febrúar næstkomandi, þegar kosið verður í um 20 ríkjum samtímis. Eftir því sem lengra dregur fara línurnar að skýrast og frambjóðendurnir að heltast úr lestinni hver á fætur öðrum, en endanlega velja flokkarnir forsetaefni sín á flokksþingum í lok ágúst og byrjun september.

## SPURT OG SVARAÐ
**AÐ KOMA FÓLKI Í NEYÐ TIL AÐSTOÐAR**

# *Fólk hlífir sér*

Það vakti athygli þegar aldraður maður slasaðist alvarlega í Borgarfirði í fyrradag að vegfarendur virtust veigra sér við að koma honum til aðstoðar.

Stefán Eiríksson er lögreglustjóri lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.



**STEFÁN EIRÍKSSON**
Lögreglustjóri

**Verður lögreglan vör við að fólk veigri sér við að koma samborgurum sínum til hjálpar í neyð?**
Já, við finnum fyrir því. Að sumu leyti getur það verið skiljanlegt, til dæmis ef það telur sig ekki hafa burði til að takast á við það að koma að alvarlega slösuðum manni.

**Hvernig á að bera sig að við slíkar aðstæður?**
Réttu viðbrögðin er þau að hringja fyrst eftir aðstoð, síðan að tryggja að ekki verði frekari slys og svo í þriðja lagi að veita þeim slasaða þá aðstoð sem hægt er áður en sjúkraliðar koma á staðinn. En svo má ekki gleyma því að til er fólk sem hefur gengið mjög langt í því að hjálpa öðrum og goldið það jafnvel með lífi sínu. En það er ágætt að fara eftir þeirri reglu að ef þú kemur þér í stórhættu við að aðstoða aðra þá ertu ekki að gera rétt.

**Jón Hersir Elíasson**
*taugalæknir*



hefur opnað læknastofu í Lífsteini,
Álftamýri 1-5, 108 Reykjavík.

SÉRSVIÐ: MÍGRENI/HÖFUÐVERKJASJÚKDÓMAR

Tímapantanir í síma 530 8300

TASKI




*Bjarnþór Þorláksson,* bílstjóri hjá RV

**Gólfþvottavélar á rekstrarleigu**

*Engin útborgun, engin fjárbinding, aðeins mánaðarlegar greiðslur.*

**TASKI swingo XP**
**TASKI swingo 3500 B**
**TASKI swingo 1250 B**
**TASKI swingo 750 B**

**TASKI swingo gólfþvottavélar**
*Einfaldar í notkun - lipar og leika í höndunum á þér*

TASKI Swingo 1250 B

Leitið nánari upplýsinga hjá sölumönnum og ráðgjöfum RV



**Rekstrarvörur**
*- vinna með þér*
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

RV UNIQUE 120701



**ALI ZBEIDAT** Minnir á að vestræn ríki hafi lítið sem ekkert gert í fyrra þegar fimmtíu lýðræðislega kjörnir þingmenn Palestínumanna voru settir í steininn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Þarf að falla frá zíonisma

**Palestínumaðurinn Ali Zbeidat segir útséð með að vestræn stjórnvöld komi Palestínumönnum til hjálpar að fyrra bragði. Þau séu samsek Ísraelsmönnum og taki í raun þátt í þjóðernishreinsunum með því að gera ekki neitt. Ísrael, skilgreint sem ríki gyðinga, sé klárlega byggt á kynþáttahatri.**

„Já, ég bjó í sjö ár í Hollandi áður en ég flutti til baka. Hvers vegna flutti ég aftur til Ísraels? Því þar er landið mitt og heimilið mitt. En því miður er þetta ekki ríkið mitt,“ segir Ali Zbeidat, Palestínumaður með ísraelskan ríkisborgararétt.

Ali Zbeidat er einn af hinum „lánsömu“ Palestínumönnum, að því leytinu til að hann á vegabréf og hefur ríkisfang. Hann borgar skatta til Ísraels og má kjósa þar í kosningum. En samkvæmt einfaldri skilgreiningu á hann ekki eiginlegt heimili þar.

Ísraelsríki er skilgreint sem gyðinglegt lýðræðisríki. Ali leggur áherslu á misræmið sem hann sér í þeim orðum.„Þessi skilgreining er þversögn í sjálfri sér. Það er ekki hægt að kalla ríki annars vegar lýðræðislegt og hins vegar bara fyrir einn hóp manna, í þessu tilfelli gyðinga.

Meinið er að fimmtungur svokallaðra Ísraelsmanna er alls ekki gyðingtrúar. Í þessum fimmtungi eru til dæmis afkomendur þeirra Palestínumanna sem voru ekki reknir burt árið 1948. Þeir eru meira að segja með ríkisborgararétt. Búa innan um gyðingana og vinna við hliðina á þeim. En þeir eru ekki gyðingar. Hvernig eiga þeir þá heima í gyðinglegu ríki?“ spyr Ali.

Þessir Palestínumenn, sem oft eru kallaðir ísraelskir arabar, voru innlimaðir í ríkið, en ekki skildir frá því, eins og þeir Palestínumenn sem búa á Gaza-svæðinu, Vesturbakkanum og í flóttamannaborgum í nágrannalöndunum. Aðskilnaðurinn lýsi sér meðal annars í því að Palestínumenn fái ekki byggingarleyfi, skólavist eða atvinnu.

**Opinber aðskilnaðarstefna**
Ali segir að gyðinglega ríkinu megi líkja við Suður-Afríku á sínum tíma, þar sé í raun opinber aðskilnaðarstefna. Stjórnvöld rói að því öllum árum að losna við Palestínumennina. Hann rifjar upp orð Benjamíns Netanyahu, fyrrverandi forsætisráðherra landsins.

„Hann sagði blákalt í ræðu fyrir um tveimur árum að Palestínumennirnir á Gaza væru ekki helsta vandamál Ísraels. Hið raunverulega „vandamál“ væri þessi hópur Palestínumanna sem byggi innan landamæranna. Núverandi utanríkisráðherra, Tzipi Livni, tekur í sama streng. Hún talar oft um að tveggja ríkja lausnin sé „lausn á Palestínumönnunum“. Lieberman aðstoðarforsætisráðherra vill svo skera þau landsvæði Ísraels, þar sem Palestínumenn eru í meirihluta, frá sjálfu ríkinu og gera það hluta af nýju palestínsku ríki, bara til að Palestínumenn séu ekki innan um gyðinga.“

Ali telur ekki að Ísraelsríki í núverandi mynd eigi sér mikla framtíð. Það þurfi að beita miklu ofbeldi og hroðaverkum til þess eins að viðhalda ástandinu og hafi líklega ekki þrek til þess endalaust.

**Vill fá trúarlega hlutlaust ríki**
Tveggja ríkja lausnin svokallaða, með sjálfstæðu ríki Palestínumanna við hlið Ísraelsríkis, er hins vegar dauðadæmd, segir Ali, því við samningaborðið hafi Ísraelsmenn aldrei boðið Palestínumönnum upp á neitt nema lélegasta landið, með afarkostum.

„Og hvernig á það að ganga, þegar það tekur sjö klukkutíma að fara kortersspotta milli bæja eins og Ramallah og Jerúsalem? Þeir eru búnir að reisa risavaxinn aðskilnaðarmúr sem þarf að fara fram hjá og svo þarf að stoppa í mörgum öryggishliðum. Þetta gengur ekki til lengdar.“

Eitt ríki, óháð trúarbrögðum, er besta lausnin, að mati Alis. Hugsjónin um eitt ríki gyðinga hafi reynst of blóðug.

„Zíonisminn hefur mistekist, því hann er byggður á kynþáttahatri sem eitrar út frá sér. Þessa dagana flytja því fleiri gyðingar frá landinu en til þess. Það sjá allir að það er vonlaust að byggja ríki á kynþáttahatri. Þeir eru að reyna að búa til samkennd eða sjálfsmynd Ísraelsmannsins með mörgum ólíkum þjóðarbrotum og deila svo um hvað sé að vera gyðingur!“

**Vestrænir þingmenn þegja**
Ali telur að vestræn ríki muni aldrei stöðva hryllinginn í Palestínu að fyrra bragði, ekki fyrr en almenningur neyði þau til þess.

„Og með þögninni takið þið þátt í þessu. Við Palestínumenn þurfum ekki einhvern dollara hér og annan þar. Við þurfum að láta stöðva stríðsglæpamennina sem eru við völd. Og frumkvæðið virðist þurfa að koma af götunni, frá venjulegu fólki. Hvað gerðu evrópskir þingmenn til dæmis í fyrra, þegar fimmtíu palestínskir þingmenn voru settir á bak við lás og slá? Ekkert.“



FRÉTTAVIÐTAL
**KLEMENS ÓLAFUR ÞRASTARSON**
klemens@frettabladid.is



Upplýsingar og skráning:
544 4500 / www.ntv.is

# YFIRLIT NÁMSKEIÐA Á VORÖNN 2008

## STARFSNÁM OG NÁMSBRAUTIR

Hnitmiðuð námskeið sem leggja áherslu á að styrkja einstaklinginn og þjálfa hann í verki og sjálfstæðum vinnubrögðum. Nám sem eykur möguleika þína á vinnumarkaðnum.

### *Skrifstofu- og tölvunám*
258 stundir - Verð: 233.000.-
2 morgunnámskeið byrja 4. febrúar
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 5. febrúar

### *Fjármál og rekstur*
132 stundir - Verð: 154.000.-
Morgunnámskeið byrjar 8. janúar
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 7. janúar

### *Sölu- og markaðsnám*
264 stundir - Verð: 233.000.-
Morgunnámskeið byrjar 4. febrúar
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 5. febrúar

### *Skrifstofunám & hönnun*
414 stundir - Verð: 389.000.-
2 morgunnámskeið byrja 4. febrúar
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 5. febrúar

### *Sölunám & hönnun*
420 stundir - Verð: 389.000.-
Morgunnámskeið byrjar 4. febrúar
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 5. febrúar

### *Skrifstofu- og rekstrarnám*
462 stundir - Verð: 449.000.-
2 morgunnámskeið byrja 4. febrúar
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 5. febrúar

### *Sölu-, markaðs- og rekstrarnám*
396 stundir - Verð: 366.000.-
Morgunnámskeið byrjar 4. febrúar
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 5. febrúar

## BÓKHALDSNÁM & NAVISION

Í bókhaldsnámi NTV er lögð rík áhersla á að kenna grunnhugtök og vinnubrögð við bókhald. Einnig er kennt á Navision tölvubókhaldskerfið sem mjög víða er notað.

### *Grunnnám í bókhaldi*
108 stundir - Verð: 105.000.-
Morgunnámskeið byrjar 12. febrúar
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 11. febrúar

### *Navision viðbótarnám*
24 stundir - Verð: 31.000.- pr. námskeið
Launabókhald, sala og viðskiptamenn, fjárhagsbókhald frh. og birgða og tollakerfi.

## MARGMIÐLUN OG GRAFÍK

Námskeið fyrir þá sem hafa áhuga á margmiðlun og grafík og vilja starfa á því sviði.

### *Auglýsingatækni*
156 stundir - Verð: 186.000.-
Kvöldnámskeið byrjar 11. febrúar

### *Photoshop Expert*
72 stundir - Verð: 106.000.-
Kvöldnámskeið byrjar 31. mars

### *Photoshop grunnnám*
30 stundir - Verð: 31.000.-
Morgunnámskeið byrjar 12. febrúar
Kvöldnámskeið byrjar 23. janúar

### *Alvöru Vefsíðugerð*
210 stundir - Verð: 199.000.-
Kvöldnámskeið byrjar 12. febrúar

### *Myndbandavinnsla – Adobe Premiere*
36 stundir - Verð: 39.000.-
Kvöldnámskeið auglýst síðar

## SÉRHÆFT NÁM & FORRITUN

NTV hefur frá stofnun skólans 1996 lagt mikla áherslu á sérhæft nám byggt á alþjóðlegum grunni. Markmið okkar er að bjóða sérhæft nám sem hentar vinnumarkaðnum sem best.

### *Tölvuviðgerðir*
72 stundir - Verð: 105.000.-
Morgunnámskeið byrjar 29. janúar
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 28. janúar

### *MCP XP netstjórnun*
108 stundir - Verð: 139.000.-
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 14. janúar
Morgunnámskeið byrjar 11. mars

### *MCSA 2003 netstjórnun*
150 stundir - Verð: 299.000.-
Helgarnámskeið (aðra hverja) byrjar 9. febrúar

### *Kerfisstjórinn*
180 stundir - Verð: 233.000.-
(Byrjar á tölvuviðgerðum - Sjá að ofan)

### *Forritun og kerfisfræði*
240 stundir - Verð: 286.000.-
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 7. febrúar

### *MCDST DIPLOMANÁM*
108 stundir - Verð: 139.000.-
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 25. mars

## ALMENNT TÖLVUNÁM

### *Tölvunám - fyrstu skrefin*
30 stundir - Verð: 32.000.-
Morgunnámskeið byrjar 18. febrúar
Kvöldnámskeið byrjar 18. febrúar

### *Almennt tölvunám*
78 stundir - Verð: 69.000.-
Morgunnámskeið byrjar 12. febrúar
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 11. febrúar

**INNRITUN FYRIR VORÖNN 2008 STENDUR YFIR!**

ntv

**NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN** – VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI : HLÍÐASMÁRA 9 : KÓPAVOGI : SÍMI 544 4500 : WWW.NTV.IS




ENNEMM / SÍA / NM31568

ÖLLUM NÝJUM OPEL FYLGIR **OPEL VERND**



**Antara** / Verð frá 3.890 þús. **Vectra** / Verð frá 2.790 þús. **Astra** / Verð frá 1.990 þús. **Corsa** / Verð frá 1.660 þús.

**OPEL VERND** ER LIÐUR Í ENN

Með því að láta fylgja í kaupunum alhliða þjónustu án endurgjalds í þrjú ár viljum við auka þægindi viðskiptavina Opel um leið og við vekjum athygli á vönduðum og góðum bílum sem hafa verið algjörlega endurnýjaðir frá grunni. Í samvinnu við söludeild Ingvars Helgasonar tekur

Ingvar Helgason, Sævarhöfða 2, 525 8000 - Selfossi, Hrísmýri

# EÐA
# DUR Á NÝJUM OPEL

ENN BETRI ÞJÓNUSTA
ALLT OPEL VIÐHALD Á OKKAR KOSTNAÐ Í 3 ÁR/60.000 KM



NÝTT Á ÍSLANDI

## OPEL VERND*

NOTALEG ÞRJÚ ÁR ÞÉR AÐ KOSTNAÐARLAUSU

**Öll þjónustuskoðun og allt viðhald**
Þeir sem kaupa nýjan Opel fá alla þjónustuskoðun og allt viðhald sér að kostnaðarlausu í 3 ár eða að 60.000 km.

**Við lánum þér alltaf bíl**
Þegar viðskiptavinir Opel koma með bílinn sinn í þjónustuskoðun eða viðhald fá þeir lánaðan bíl til afnota á meðan.

**30 daga skiptiréttur**
Þeir sem kaupa nýjan Opel hafa 30 daga skiptirétt ef svo ólíklega vill til að bíllinn uppfylli ekki væntingar.

**Endurkaup**
Til að tryggja endanlega þá sem kaupa nýjan Opel lofar Ingvar Helgason besta endurkaupsverði á markaðnum þegar keyptur er næsti nýi bíll hjá umboðinu.

*Nánari upplýsingar um Opel Vernd er að finna á opel.is eða hjá sölumönnum Ingvars Helgasonar ehf.

**Opel Corsa**

| | | Mánaðargreiðsla** |
|---|---|---|
| Beinsk. 1,2 | 1.660.000 kr. | 19.478 kr. |
| Sjálfsk. 1,4 | 1.920.000 kr. | 22.486 kr. |

**Miðast við bílasamning með 30% útborgun og eftirstöðvar til 84 mán.

BETRI ÞJÓNUSTU HJÁ INGVARI HELGASYNI

Þjónustudeildin einstaklega vel á móti viðskiptavinum Opel. Þjónustudeildin opnaði á dögunum eitt fullkomnasta og best búna þjónustuverkstæði landsins með yfir 30 vinnustöðvum. Á nýja þjónustuverkstæðinu starfar samheldinn hópur frábærra fagmanna sem hefur að leiðarljósi að veita skjóta og góða þjónustu sem hentar mismunandi þörfum ört vaxandi hóps viðskiptavina.

2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 7940 - Reykjanesbæ, Holtsgötu 52, 421 8808

INGVAR HELGASON

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Ríkisvald og kjarasamningar:

# Skattkerfið er ekki dragspil

**ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR**

Umræður um endurnýjun kjarasamninga á almennum vinnumarkaði hafa á löngum tíma þróast í tiltölulega málefnalegan og markvissan farveg. Leikir samningsaðila eru flestir fyrirsjáanlegir. Stærstu hagsmunirnir beggja megin samningsborðsins eru augljósir og sameiginlegir: Einfaldlega þeir að halda niðri verðbólgu.

Í sjálfu sér kom ekki á óvart að kallað væri eftir aðild ríkisstjórnarinnar við lausn þessara samninga. Í því efni þarf þó að hafa í huga að vinnumarkaðurinn á að vera kominn á það þroskastig að geta fundið lausnir án aðkomu ríkisvaldsins nema sérstaklega standi á.

Tvennt hefur hins vegar komið á óvart við kröfur verkalýðshreyfingarinnar á hendur stjórnvöldum. Það fyrra er að óska eftir niðurstöðu þar um áður en sést fyrir endann á samningum aðilanna sjálfra. Öllum má vera ljóst að það væri efnahagslegt ábyrgðarleysi af hálfu ríkisstjórnar.

Það hefur alltaf verið forsenda og réttlæting á aðkomu ríkisstjórnar að samningum á vinnumarkaði að hún væri óhjákvæmileg til að viðhalda stöðugleika. Ríkisstjórn á hverjum tíma þarf því að sjá fyrir heildaráhrif samninga og eigin aðgerða áður en hún tekur endanlegar ákvarðanir.

Það væri efnahagslegur háskaleikur af hálfu ríkisstjórnar að koma með fjörgjöf inn í samningaferli sem enn sést ekki fyrir endann á. Takist einu sinni að afvegaleiða ríkisstjórn að þessu leyti er hætt við að þessi leið sé einfaldlega úr sögunni sem skynsamlegur kostur til úrlausnar deilum þegar sérstök þörf krefur við flóknar aðstæður.

Hér verður ekki mælt gegn hefðbundinni aðkomu ríkisvaldsins að þessum samningum á lokastigi. En eins og nú standa sakir eiga aðilarnir sjálfir að ráða við mestan hluta þess verkefnis upp á eigin spýtur. Efnahagslega eru ekki sterk rök fyrir umfangsmikilli aðkomu stjórnvalda.

Síðara atriðið varðar sjálfa kröfugerðina á hendur ríkisvaldinu. Í fyrsta lagi er þar um að ræða meiri kröfur en skynsamlegar geta talist. Þrátt fyrir góða stöðu ríkissjóðs má öllum vera ljóst að verulegur afgangur á rekstri hans er ein helsta forsenda stöðugleikans. Of mikil innkoma ríkissjóðs getur því beinlínis unnið gegn því keppikefli.

Í öðru lagi er ljóst að krafan um tekjutengda hækkun persónuafsláttar veldur verulegri hækkun jaðarskatta. Slík breyting mun kalla á leiðréttingu síðar gagnvart meginhluta félagsmanna í verkalýðsfélögunum. Kjarasamningarnir sjálfir hafa lengi verið eins og dragspil sem ýmist er þanið sundur eða saman. Þannig er hins vegar ekki unnt að spila á skattkerfið.

Hlutabréfamarkaðurinn slitnaði með öllu úr tengslum við rekstrarumhverfi fyrirtækjanna á fyrri hluta síðasta árs. Þó að sú sveifla hafi að mestu gengið til baka getur verið erfitt beint í kjölfarið að gera samninga sem verða að lúta þeim takmörkunum sem rekstrarumhverfið eitt setur.

Það er hins vegar sá veruleiki sem við blasir. Fyrir þá sök er óhjákvæmilegt að kalla eftir aðhaldi af hálfu ríkisstjórnarinnar. Á herðum aðila vinnumarkaðarins hvílir fyrst og fremst sú ábyrgð að nýta það takmarkaða svigrúm sem fyrir hendi er til þess að bæta stöðu þeirra sem lakast eru settir.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

MARKAÐURINN

Einfalt mál

með Fréttablaðinu alla miðvikudaga




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Er gæðafrumvarp gera skal

Hver kannast ekki við að standa á gati þegar undirbúa á og ganga frá lagafrumvarpi? Kannski ekkert sérstaklega margir en þeir sem það gera þurfa ekki lengur að örvænta því út er komin Handbók um undirbúning og frágang lagafrumvarpa. Bókin er liður í aðgerðaáætluninni Einfaldara Ísland frá 2006, þar sem mælt var fyrir um leiðir til að einfalda lög og reglur og vanda betur til verka við undirbúning nýrra reglna. Handbókina má meðal annars finna á vef Alþingis og veitir um margt skemmtilega innsýn í störf Alþingis; að ýmsu er að huga þegar semja á gott frumvarp.



### Lagatextar

Sérlega áhugaverður er fyrsti hluti annars kafla handbókarinnar sem fjallar um málfar. Lagatexti skal vera „knappur en að sama skapi nákvæmur, stíllinn hlutlægur og ópersónulegur“. Það gefast fá tækifæri til að skella sér á bak skáldafáksins: „Í lagatexta gefst ekki tilefni til tilþrifa í orðnotkun og þótt það sé ekki rismikill stíll er nauðsynlegt að hugtak sé alltaf táknað með sama orðinu. Í umferðarlögum er t.d. hugtakið bifreið skilgreint nákvæmlega og alltaf notað orðið bifreið í þeirri merkingu, ekki t.d. bíll sem allt eins gæti átt við um hópbifreið, og enn síður orð eins og drusla, drossía eða kaggi þótt þau mundu eflaust lífga upp á stílinn.“



### Erfiðir tímar

Jón Viðar Jónsson lætur sýningar LR ekki líða fyrir það þótt Borgarleikhússtjóri hafi sett hann út af sakramentinu. Jón Viðar keypti miða á Jesus Christ Superstar fyrir helgi og gaf söngleiknum þrjár og hálfa stjörnu í DV í gær. Þótt dómurinn sé heilt á litið jákvæður notar gagnrýnandinn tækifærið til að senda Guðjóni Pedersen leikhússtjóra sneið: „[M]örgum áhorfenda var auðheyrilega skemmt – en æ, nú gleymdi ég mér, það er dónaskapur að tala um áhorfendur í Borgarleikhúsinu. [...] Við lifum á erfiðum tímum, eins og Brecht sálugi sagði í frægu ljóði – og var þá ekki bara að hugsa um nasistana sem flæmdu hann af fósturjörðinni.“

bergsteinn@frettabladid.is

# Við og hinir



JÓNÍNA MICHAELSDÓTTIR

**Í DAG** | Trúmál

Ný útgáfa Biblíunnar og kristið siðgæði hefur verið nokkuð til umræðu á síðustu vikum. Þetta eru góð og gagnleg skoðanaskipti og minna okkur á þá gjöf sem kristindómurinn er. Á sama hátt og við undrumst á ári Jónasar Hallgrímssonar snilli hans í nýyrðasmíð og hvað íslensk tunga á honum mikla skuld að gjalda, sést okkur gjarnan yfir hvað kristnin hefur auðgað og mótað líf okkar og þjóðarvitund.

Biblían er af mörgum talin merkust bóka og í hana sækja menn huggun, styrk og andagift. En Biblían er ekki trú. Ekki frekar en matreiðslubók er matur. Hún er trúarrit. Kirkjan er samfélag kristinna manna og sú helgi og kyrrð sem menn finna gjarnan í kirkjunni sinni er tilkomin vegna bænahalds og lotningar sem þar vaknar í vitund manna þegar best lætur.

Kristnir menn halda stórhátíð tvisvar á ári. Annars vegar til að minnast fæðingar Krists og hins vegar dauða hans og krossfestingar. Engin hátíð er haldin vegna þess sem hann boðaði og eftir honum er haft. Ég hef oft velt fyrir mér hvers vegna. Væri ekki gaman að halda Fjallræðuhátíð á Þingvöllum um bjarta sumarnótt? Eða á sólskinsmorgni?

**Tilboð sem ekki ætti að hafna**

Kristin trú byggist á krossfestingu og upprisu Krists. En hvort sem menn tilheyra kristnum söfnuði, öðrum trúfélögum eða engu, þá nálgast hver og einn almættið á sinn hátt, því að fólk er ólíkt, skilur og upplifir það sem sagt er og gert í samræmi við eigið upplag og reynslu.

Sjálfri finnst mér erindi Krists vera fyrirgefningin. Kærleikurinn og fyrirgefningin. Fyrirgefning er svo miklu dýpra og stærra hugtak en það að fyrirgefa sjálfum sér og öðrum misgerðir. Kristur er nefndur frelsari og erindi hans er að frelsa okkur frá okkur sjálfum. Frá hatrinu, reiðinni, eigingirninni, öfundinni, illgirninni og afbrýðiseminni. Þessum fjötrum sem við leggjum á okkur sjálf og eigum stundum erfitt með að sleppa. Teljum jafnvel sérstaka dyggð að halda í gamla óvild og reiði. Það sé vitnisburður um skapstyrk og reisn.

*Biblían er af mörgum talin merkust bóka og í hana sækja menn huggun styrk og andagift. En Biblían er ekki trú. Ekki frekar en matreiðslubók er matur. Hún er trúarrit. Kirkjan er samfélag kristinna manna og sú helgi og kyrrð sem menn finna gjarnan í kirkjunni sinni er tilkomin vegra bænahalds og lotningar*

Við manneskjurnar erum breyskar og berum bæði í okkur hærri og lægri hvatir og allt þar á milli. En við höfum alltaf val um hverju við hlúum að og styrkjum í okkur sjálfum og hvaða jurt fær enga vökvun. Á því byggist hver við erum.

Það er því margt verra en að skoða tilboð Krists um það sem gerir mann frjálsan og ég held að skólabörn skaðist varla af kynnum við það.

**Faríseinn er víða**

Bæði fyrr og síðar hefur nokkuð borið á því að faríseinn í hverjum og einum láti á sér kræla í trúfélögum. Við og hinir viðhorfið. Hinir frelsuðu og syndararnir. Eins má ekki rökræða um hluti. Fólk er búið að finna sannleikann í eitt skipti fyrir öll. Þá er þetta orðinn dauður bókstafur og á ekkert skylt við opinn huga og umburðarlyndi.

Við sjáum reyndar þessi viðbrögð alls staðar í kringum okkur þegar fólk með góðan málstað missir sig í sjálfsupphafningu, smámunasemi og heilagleika. Við sjáum þetta til dæmis bæði í umhverfismálum og jafnréttismálum hér á landi.

Afkomendur þeirra sem töluðu ekki hástemmdara um neitt annað en landið sitt og náttúruna og skáldanna sem ortu innblásið um fossa og fjöll, tala eins og þeir séu fyrsta og eina fólkið sem ber raunverulega virðingu fyrir náttúrunni. Tungumálið er virkjað og nú er talað um umhverfissóða eins og hverja aðra staðreynd. Næst kemur umhverfislögregla og nágrannaeftirlit.

Sama má segja um jafnréttisumræðuna. Maður fer hjá sér þegar maður heyrir hvað tínt er til og talið til mikilvægis.

Ekkert af þessum málum er ágreiningsmál í sjálfu sér, þótt skoðanir geti verið skiptar. Þau varða alla. En með því að elta smáatriði, búa til ágreining og upphefja sig í nafni málstaðarins er verið að varpa rýrð á hann.

Þetta er reyndar dálítill útúrdúr frá spjalli um kristindóminn, en mig langar að minna á fallega grein sem Illugi Jökulsson skrifaði á aðventunni um andartaks upplifun á stjörnubjörtu kvöldi fyrir löngu. Einhvers konar kyrrðar einingu sem orð ná ekki að fanga. Kvaðst þó ekki hafa hitt Guð. Það minnti mig á söguna af fiskunum tveim sem voru að synda saman í hafdjúpinu og litli fiskurinn sagði við stóra fiskinn:

– Hvar ætli hann sé þessi sjór sem allir eru að tala um?

# Engar umönnunarbætur greiddar

**UMRÆÐAN**

Velferðarmál



KRISTINN H. GUNNARSSON

Í Fréttablaðinu á föstudaginn var, þann 4. janúar, er frétt um raunir sjónskertrar og ósjálfbjarga ekkju. Dóttir hennar hefur annast móður sína, en hún fær ekki umönnunarbætur, sem ríkið greiðir þegar svona stendur á. Ástæðan er sú að greiðslan er takmörkuð við þá sem eiga sameiginlegt lögheimili. Lögin eru skýr og úrskurðarnefnd um almannatryggingar staðfesti synjun um greiðslu umönnunarbóta í þessu máli. Vandinn sem við blasir í þessu máli er að ríkið veitir ekki ekkjunni viðunandi umönnun heima hjá sér svo hún býr við óviðunandi þjónustu þar til hún kemst á stofnun til dvalar og þjónustu. Þrautalendingin er þá að ættingjar hlaupa undir bagga með ríkinu.

Vissulega var það framför á sínum tíma þegar lögfestar voru umönnunarbætur í þessum tilvikum, en heimildin er takmörkuð og afar þröng. Þess vegna fá mun færri aldraðir og sjúkir umönnun í heimahúsi en nauðsyn krefur. Brýnt er að rýmka lagaákvæðið með hagsmuni þeirra í fyrirrúmi sem þjónustuna þurfa. Það mun stuðla að því að aldraðir geti verið lengur í heimahúsi en nú er, þeim mun vonandi líða betur og svo merkilegt sem það nú er, þá sparar ríkið umtalsverða fjárhæðir fyrir hvern þann mánuð sem dregst að aldraðir flytjist í hjúkrunarrými.

Fyrir Alþingi liggur frumvarp sem þingmenn Frjálslynda flokksins lögðu fram, þar sem lagt er til að breyta lögunum og rýmka heimildir til þess að greiða umönnunarbætur og heimila greiðslur til þeirra sem eiga annað lögheimili en sá sem annast er um. Heimilt yrði skv. frumvarpinu að greiða öðrum en maka viðkomandi, svo sem ættingjum eða nákomnum vinum. Auk þess er lagt til að hækka greiðslurnar og samræma þær öðrum greiðsluflokki. Kostnaður ríkisins við mánaðarþjónustu yrði eftir sem áður aðeins fjórðungur kostnaðar við dvöl á hjúkrunarheimili. Löngu tímabært er að stíga næsta skref til þess að bæta þjónustuna við aldraða og sjúka í heimahúsum.

*Höfundur er þingmaður Frjálslynda flokksins.*










Útsalan hefst
í fyrramálið
klukkan 10:00

ENGLABÖRNIN
Laugavegi 51 • s: 552 2201

STAFGANGA Í LAUGARDAL
Stafgöngunámskeið hefjast 15. janúar n.k.
BYRJENDANÁMSKEIÐ: Þriðjudaga & fimmtudaga, kl. 17:30.
FRAMHALDSHÓPUR: Þriðjudaga & fimmtudaga, kl. 17:30.
SKRÁNING & NÁNARI UPPLÝSINGAR Á: www.stafganga.is
GUÐNÝ ARADÓTTIR, stafgönguþjálfi, sími: 616 85 95.
JÓNA H. BJARNADÓTTIR, stafgönguþjálfi, sími: 694 35 71.
STAFGANGA
ÁHRIFARÍK LEIÐ TIL LÍKAMSRÆKTAR

„...fyrst á visir.is“

vísir.is
...ég sá það á vísir.is






Heiður Anna Helgadóttir kennir börnum og unglingum karate. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Krakkar frá sex og fólk upp í fimmtugt í karate

***Heiður Anna Helgadóttir byrjaði að æfa karate fyrir sex árum og kennir nú á byrjendanámskeiðum hjá Þórshamri.***

„Þetta er mjög góð líkamsrækt sem æfir bæði þol og styrk og einbeitingu og maður lærir líka aga,“ segir Heiður Anna en hún æfir og kennir karate hjá Þórshamri ásamt því að stunda nám í Menntaskólanum við Hamrahlíð. „Ég hef verið að æfa frá því 2002 og er komin með annað brúna beltið af þremur,“ útskýrir hún. „Ég byrjaði að kenna í fyrrahaust og nú er ég að fara að kenna börnum og unglingum á byrjendanámskeiðum en námskeiðin eru að fara af stað núna eftir áramótin.“

Heiður Anna útskýrir að karate byggist upp á tveimur þáttum, kihon eða grunnæfingum þar sem gerðar eru æfingar út í loftið og svo kumite þar sem tveir andstæðingar berjast. „Þetta er kennt saman og maður þarf að ná tökum á hvoru tveggja. Kata er síðan flétta af mörgum grunnæfingum sem settar eru saman, t.d. vörn og árás og svo verða flétturnar alltaf erfiðari og flóknari eftir því sem maður kemst lengra. Það er keppt í kata og kumite en ekki í grunnæfingunum,“ útskýrir Heiður og segir að hjá Þórshamri sé mælt með að fólk keppi á mótum. „Það eru haldin nokkur mót á önn og mælt með því að fólk keppi á sem flestum mótum, ekkert endilega til að vinna heldur bara til að æfa sig í að koma fram fyrir fólk og losa um stressið. Ég stefni t.d. á að að fara út í mars að keppa og er byrjuð að æfa fyrir það, við erum nokkrar stelpur sem ætlum að fara á opið mót í Svíþjóð,“ segir hún.

Heiður hefur stundað íþróttir frá unga aldri og hefur fundið sig í karate. „Ég hef alltaf æft eitthvað og byrjaði í fimleikum þegar ég var lítil og æfði í þó nokkur ár. Svo fór ég að æfa skauta og eftir það sund. Loks fór ég í karate með vinkonu minni og mér finnst það langskemmtilegast. Ég mæli með þessu fyrir alla og þetta er ekki dýr líkamsrækt. Þarna er fólk á öllum aldri, krakkar alveg frá sex ára og fólk upp fimmtugt, að byrja að æfa karate og það er ekkert mál,“ segir Heiður að lokum.

*heida@frettabladid.is*


Vertu skynsamur, vertu hjartagóður.
HjartaHeill
JANÚAR
Kafbátur mánaðarins
Skinkubátur
...með öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða
6 tommu bátur
299 kr.
Gildir í janúar 2008
Gildir ekki með öðrum tilboðum
Gildir ekki í Stjörnumáli
SUBWAY
í fínu formi
Sex tommu kafbátur með skinku er einn af 7 undir 6 kafbátunum og inniheldur hann aðeins 5 grömm af fitu.
Nánari uppl. á www.subway.is





17
Subway staðir um allt land



**Kókosolía** er holl fita. Hún eykur brennslu í líkamanum, gefur aukna orku og er græðandi. Kókosolía er tilvalin til matargerðar og geymist einna lengst af öllum olíum án þess að skemmast.



Valdís Silja kennir Jump Fit á Íslandi en Jump Fit nýtur mikilla vinsælda í Bandaríkjunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Samhæfing og snerpa

***Valdís Silja Sigurþórsdóttir einkaþjálfari hefur innleitt til landsins nýtt líkamsræktaræði sem tröllríður Bandaríkjunum um þessar mundir. Æðið kallast Jump Fit og er heiti yfir nýstárlega sippu-tækni.***

„Þetta er alls ekki dæmigert sipp, eins og margir halda,“ segir Valdís. „Við gerum einmitt minnst af því að sippa jafnfætis heldur stígum alls konar spor í takt við tónlist og gerum það í rútínum.“

Að sögn Valdísar fer Jump Fit fram í námskeiðaformi og gengur út á þolþjálfun ásamt því að byggja upp styrk. Unnið er með stærstu vöðvahópana þar sem markmiðið er að móta vöðvana í sinni upprunalegu mynd og þar af leiðandi fæst heilmikil brennsla út úr hverjum tíma, sem er yfirleitt 45 mínútna langur.

„Tæknin er kennd frá grunni. Það er auðvitað mikilvægt hvernig einstaklingurinn hoppar og nýtir innri kviðvöðva,“ segir Valdís og bendir á að konur sem átt hafa börn þurfi að læra það sérstaklega. „Maður nær púlsinum upp, tekur hann niður, aftur upp og svo framvegis. Álagið er í raun eins og af léttu skokki í grunnæfingunum. Svo byggjum við upp ákefðina. Aðaláherslan er samhæfing, taktur og snerpa.“

Valdís segir sippið vissulega taka á en þrátt fyrir það hafi hún ekki enn séð á eftir neinum út úr tíma. „Fólk þrjóskast við. Við sippuðum náttúrulega einu sinni og þess vegna gefumst við ekki svo auðveldlega upp, heldur göngum skrefinu lengra.“

Til marks um þennan viljastyrk nefnir Valdís sem dæmi að nokkrir úr hópnum hafi náð svo miklum árangri að þeir séu farnir að koma fram með henni. „Þetta eru konur sem voru byrjaðar að sýna með mér eftir aðeins níu vikur og eru komnar í sérstakan súperframhaldshóp þar sem farið er eftir rosalegri æfingaáætlun.“

Hópurinn kemur fram við ýmis tækifæri og hinn 19. janúar ætlar hann að sippa til styrktar Speglinum, hagsmuna-, forvarnar- og fræðslusamtökum um átröskunarsjúkdómana anorexiu og bulemiu nervosa. „Við byrjum með 300 manna pallatíma og strax á eftir mun Jump Fit-hópurinn sippa í 24 tíma. Ágóðinn rennur beint til Spegilsins,“ segir Valdís.

Nánar á blog.central.is/jumpfit

*roald@frettabladid.is*



Barnadauði fer minnkandi um heimsbyggðina, en betur má ef duga skal.

# Barnadauði í sögulegu lágmarki

***Ný skýrsla UNICEF sýnir batnandi tilveru barna um allan heim, en enn er langt í land svo heilbrigði og hamingja séu lífskjör þeirra allra.***

Fjöldi þeirra barna sem létust fyrir fimm ára afmæli sitt dróst saman um tíu milljónir árið 2006 en enn er langt í land, segir í nýrri skýrslu frá Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna (UNICEF). Í skýrslunni segir að framfarirnar skrifist aðallega á umbætur í heilbrigðismálum, en í samanburði létust árlega um 20 milljónir barna undir fimm ára aldri á sjöunda áratugnum. Ann Veneman, framkvæmdastjóri UNICEF, bendir á að „miklu meira átak þurfi til að skapa börnum betri heim“.

Í skýrslunni kemur einnig fram að meira en 500 þúsund konur láti lífið ár hvert af völdum barnsburðar og vandamála á meðgöngu; um helmingur þeirra býr í Afríku. Einnig að skelfilegur skortur á hreinlæti, sorphreinsun og öruggu drykkjarvatni valdi ótímabærum dauða 1,5 milljóna barna ár hvert.

UNICEF áætlar að um 158 milljónir barna á aldrinum fimm til fjórtán ára séu enn í barnaþrælkun um allan heim.

Meðal góðra frétta úr skýrslu UNICEF er að á árunum 1990 til 2004 fengu 1,2 milljarðar manna aðgang að hreinu drykkjarvatni, sem skilaði sér í færri dauðsföllum. Bólusetningar hafa einnig haft gífurleg áhrif til batnaðar, sem og aukin brjóstagjöf í þróunarlöndunum.

*- þlg*

## Öðruvísi hugsun

HEILASTARFSEMI ANOREXÍUSJÚKLINGA ER TALIN VERA FRÁBRUGÐIN HEILASTARFSEMI ANNARRA.

Sneiðmyndir af heila anorexíusjúklinga benda til þess að heilastarfsemi þeirra sé frábrugðin annarra. Þetta á jafnvel við um sjúklinga sem eru á batavegi og hafa verið í kjörþyngd í meira en ár. Niðurstöðurnar sem birtar voru í American Journal of Psychiatry gefa til kynna að heilastarfsemi anorexíusjúklinga svipi til heilastarfsemi kvíðasjúklinga og þeirra sem haldnir eru fullkomnunaráráttu. Meðal annars benda niðurstöðurnar til þess að sá hluti heilans sem fæst við skipulag og útkomu sé mun virkari hjá anorexíusjúklingum. Vísindamenn vonast til að niðurstöðurnar geti leitt til nýrra úrræða en talið er að ein af hverjum 100 konum á aldrinum 15 til 30 ára þjáist af sjúkdómnum. *- ve*







Næstu fyrirlestrar og námskeið

Heilsuvörumarkaður
Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17

maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6
www.madurlifandi.is

08. jan. Góð heilsa er auðveldari en þú heldur
*Matti Ósvald heilsuráðgjafi*
10. jan. Heilbrigð skynsemi, og heilsan í lag
*Matti Ósvald heilsuráðgjafi*
16. jan. Ævintýralíf
*Benedikta Jónsdóttir heilsuráðgjafi*
17. jan. Heilsukostur - Matreiðslunámskeið
*Meistarakokkar Maður lifandi*
24. jan. Heilsukostur - Matreiðslunámskeið
*Meistarakokkar Maður lifandi*
30. jan. Heilbrigði og hamingja
*Benedikta Jónsdóttir heilsuráðgjafi*




Fangaðu drauma þína!
- í gegnum skapandi dans

Finnst þér gaman að dansa?
Viltu breytingar inn í líf þitt á nýju ári? Ertu á krossgötum?

-Tilvalið námskeið fyrir þig sem finnst gaman að dansa og vilt um leið koma hreyfingu á tilveru þína.

• Við dönsum út frá orkustöðvum líkamans og inn í drauma okkar.
• Við leysum kraftinn úr læðingi sem hjálpar draumum okkar að rætast.
• Við eflum lífskraft og orkuflæði í gegnum dansinn.
• Við losum um höft og opnum fyrir gleðina.
• Þú endurnýjast á líkama og sál.
Það er kraftaverki líkast þegar við dönsum á þennan hátt.

Finndu frelsið í dansinum og tónlistinni!
- Stundin fullkomnast í slökun.

Námskeið fer fram laugardaginn 19. janúar
í Gerðubergi Reykjavík.

Fyrst og fremst, vil ég þakka fyrir frábært námskeið og eftirminnilegan, æðislegan laugardag. Eitthvað hefur breyst innra með mér. Það losnaði um stíflu og mér líður miklu betur, er í meira jafnvægi, finn meiri gleði og einhvers konar frelsi. Nú þrái ég bara að læra meira og nota í daglegu lífi. Það virðist blessa bæði mig og aðra. Í kaupbæti hef ég fengið að kynnast frábæru fólki.
- Björg Marteinsdóttir, sjálfsvarnarkennari.


Marta Eiríksdóttir

Púlsinn námskeið
Skráning í síma 848 5366 | www.pulsinn.is

# Hvernig sem viðrar

*Flestir vita hversu góð útivist er fyrir heilsuna en færri gera sér kannski grein fyrir því hve nauðsynlegt er að bera á sig góða sólarvörn, jafnvel þótt það kunni að vera kalt úti.*



Útfjólubláir geislar sólarinnar skaða nefnilega ekki aðeins húðina á ströndinni, heldur gera þeir það allt árið um kring og við ólík veðurskilyrði, í kulda jafnt sem steikjandi hita.

Sólargeislar hraða ótímabærri öldrun húðarinnar og í tímans rás geta þeir þannig valdið hrukkum, blettum og hrufóttri húð, en fæst viljum við líta út eins og hrukkudýr langt um aldur fram.

Góð sólarvörn getur átt sinn þátt í að hindra þessi skaðlegu áhrif. Einnig skal hafa hugfast að venjulegt rakakrem gerir ekki sama gagn og sólarvörn, þar sem húðin drekkur rakakremið frekar í sig á meðan vörnin liggur utan á húðinni og verndar hana gegn sólinni.

Þannig að nú er bara um að gera og skreppa út í næstu verslun og verða sér úti um góða sólarvörn, enda nóg í boði, og gleyma ekki að spyrja sérfræðingana álits. - rve



Sífellt fleiri Danir fara yfir kjörþyngd.

# Danir ekki í formi

*Heilsufar frænda okkar Dana er ekki sem best ef marka má niðurstöður nýlegrar könnunar.*

Rannsóknin var unnin af Lýðheilsustöð ríkisins við Syddansk Universitet og snérist um að mæla hversu mikið súrefni þátttakendurnir tækju inn meðan þeir hjóluðu, miðað við líkamsþyngd þeirra.

Fram kemur í Berlingske Tidende 2. janúar að 35 prósent þeirra karlmanna sem tóku þátt í rannsókninni og 43 prósent kvenna voru í lélegu ástandi. Verst komu konur á aldrinum 65 ára og eldri út og eins karlmenn á aldrinum 18 til 24 ára en um helmingur þessara hópa hafði mjög litla getu til að taka upp súrefni miðað við líkamsþyngd.

Aðrar rannsóknir benda líka á að síðustu tuttugu ár hafi geta fólks á aldrinum 45 til 50 ára til að taka upp súrefni, fallið um 20 prósent. Bendir það því til að sífellt fleiri Danir á miðjum aldri séu kyrrsetufólk og yfir kjörþyngd og hafa líkurnar á sjúkdómum margfaldast hjá þessum hóp. - rt

# Vöðvar óskast!

*Strákar vilja gjarnan hnykla vöðva og líkjast ofurhetjum í vexti, en slíkur vöðvabúnaður fæst ekki í barnastærðum frá náttúrunnar hendi.*

Barnslíkaminn er raunar óhæfur til að byggja upp ofurvöðva eins og sjá má á íþróttamönnum og ofurhetjum, en strákar óska sér engu að síður stærri vöðva. Hvað er til ráða? Hopp, hí og útileikir.



Strákar, og stelpur líka, geta ýmislegt gert til að byggja upp heilbrigða og máttuga vöðva. Vöðvar styrkjast nefnilega við leik, hlaup, hopp og hjólreiðar, því öll líkamleg áreynsla frá dansi upp í fótbolta gerir alla krakka hraustari.

Mataræði skiptir miklu til að verða sterkur og stór, en óþarfi er að einblína á fæðutegundir sem innihalda prótín og járn, því það þarf engan töframat til. Líkaminn verður sterkastur ef fæðan er fjölbreytt og næringarrík.

Lyftingar eru freistandi til vöðvastækkunar en staðreyndin er sú að lyftingar stækka ekki vöðva barna sem enn hafa ekki tekið út kynþroska. Lóðalyftingar geta þvert á móti verið varhugaverðar og skaðað mjög vöðva og sinar barna. Óhætt er að lyfta léttum lóðum undir eftirliti þjálfara, og sömuleiðis þjálfa skrokk með teygjuböndum, en þess háttar æfingar styrkja vöðva án þess að stækka þá. Armbeygjur og magaæfingar þjálfa einnig vöðvamassann, en það gera líka gömlu góðu útileikirnir, svo allir út að leika! - þlg

















**Dansnámskeið** eru skemmtileg fyrir unga sem aldna og það getur komið sér vel að kunna nokkur vel valin spor.


MÁLASKÓLINN LINGVA

Lifandi talmálskennsla

NÁMSKEIÐIN ERU AÐ HEFJAST

| | | | |
|---|---|---|---|
| ÍTALSKA I | þriðjud. og fimmtud. | 22. jan. - 14. feb. | 18 - 19:30 |
| ÍTALSKA II | þriðjud. og fimmtud. | 19. feb. - 13. mars | 18 - 19:30 |
| ÍTALSKA III | þriðjudaga | 29. jan. - 17. mars | 19:30-21 |
| SPÆNSKA I (a) | mánud. og miðvikud. | 21. jan. - 13. feb. | 18 - 19:30 |
| SPÆNSKA I (b) | mánud. og miðvikud. | 21. jan. - 13. feb. | 19:30-21 |
| SPÆNSKA II | mánud. og miðvikud. | 18. feb. - 12. mars | 18 - 19:30 |
| SPÆNSKA III | mánud. og miðvikud. | 2. - 28. apríl | 18 - 19:30 |
| ENSKA I | mánud. og miðvikud. | 21. jan. - 13. feb. | 18 - 19:30 |
| ENSKA II | mánud. og miðvikud. | 20. feb. - 17. mars | 18 - 19:30 |
| ENSKA III | fimmtudaga | 23. jan. - 12. mars | 19:30-21 |
| FRANSKA I | mánud. og miðvikud. | 28. jan. - 20. feb. | 19:30-21 |
| ÞÝSKA I | þriðjud. og fimmtud. | 29. jan. - 21. feb | 19:30-21 |
| ÞÝSKA II | þriðjud. og fimmtud. | 26. feb. - 20. mars | 19:30-21 |
| DANSKA | þriðjud. og miðvikud. | 29. jan. - 27. feb. | 18 - 19:30 |
| ICELANDIC I | mondays - wednesdays | 21. jan. - 13. feb. | 19:30-21 |
| ICELANDIC II | mondays - wednesdays | 20. feb. - 13. mars | 19:30-21 |
| ICELANDIC III | mondays - wednesdays | 2. - 28. apríl | 19:30-21 |
| ISLANDZKI I | wtorki i czwartki | 22 stycznia - 14 lutego | 19:30-21 |
| ISLANDZKI II | wtorki i czwartki | 19 lutego - 13 marca | 19:30-21 |
| JAPANSKA I | mánud. og miðvikud. | 28. jan. - 20. feb. | 19:30-21 |

Litlir hópar, færir kennarar, persónuleg kennsla

Kennt í Odda, Háskóla Íslands

... Málaskólinn LINGVA, Sími : 561 0315 www.lingva.is ...

MÁLASKÓLINN LINGVA


# Ljúf en tvöföld í roðinu

***Í sumar verður tendrað á kyndli Ólympíuleikanna í höfuðborg Kína og Íslendingar streyma í kínverskunám.***



Magnús Björnsson er útlærður í því flókna tungumáli kínversku sem hann lærði í höfuðborg Kína fyrir aldamót.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Kínverska er langt í frá léttasta tungumálið fyrir Íslendinga að læra. Hún er tónamál þar sem hvert orð getur haft mjög margar merkingar eftir því hvaða tón menn nota," segir Magnús Björnsson sem lærði kínversku í Peking á árunum 1995 til 2000 og hefur undanfarin ár kennt Íslendingum kínversku og Kínverjum íslensku við Mími-símenntun.

„Kínversku táknin, sem vissulega virka keimlík í útliti, eru um 40 þúsund talsins en eftir að hafa lært 5.000 tákn er maður nokkuð vel staddur. Þau eru vitaskuld talsvert flóknari en þeir 31 latneski bókstafur sem við lærum hér heima og má til sanns vegar færa að maður þurfi að vera jafnvígur á söng og myndlist til að koma kínversku til skila, en skrautskrift kínverskra tákna er mikils metin listgrein í Kína þar sem skrautskrifarar eru síst í minni metum en almennir listmálarar," segir Magnús sem telur harla ólíklegt að Kínverjar breyti flóknu stafrófi sínu héðan af. „Um það voru miklar vangaveltur á tímum Maós, en úr því formaðurinn gerði það ekki á sínum tíma verður kínverskunni ekki breytt. Í kringum tungumálið er mikil menning og saga og skiljanlegt að Kínverjar vilji halda í þá arfleifð, en latneska stafrófið er einnig kennt í upphafi grunnskólanáms."

Í byrjun marsmánaðar verður Magnús svo með ítarlegt námskeið um perluna Peking. „Augu heims munu beinast að Peking vegna Ólympíuleikanna í sumar og borgin er ákaflega heillandi og gríðarlega sögufræg. Þarna er komist að Kínamúrnum og finna má Forboðnu borgina þar sem keisarar ríktu, en mannlífið er ólgandi suðupottur og ekki síður spennandi því til Peking kemur fólk af öllu landinu. Tilfinningin sem fylgir því að koma til Kína er svipuð því og að lenda á annarri plánetu; allt er svo framandi, maður skilur ósköp fátt og tungumálakunnátta Kínverja er mjög slök. Hins vegar gerir vinsemd og jákvæðni heimamanna öll ferðalög til Kína einstök, því landsmenn eru virkilega vingjarnlegir og ljúfir í samskiptum," segir Magnús um fornfræga höfuðborg Kína.



Forboðna borgin er ein af gersemum Pekingborgar.

Peking er nú heimili 15 milljóna manna. „Borgin er tvöföld í roðinu þegar kemur að skipulagi. Í henni eru einföld hverfi með breiðum götum, en líka minni hverfi sem rekja sögu sína til Mongóla og eru óregluleg völundarhús til að villast í. Þá er gott að geta spurt til vegar á kínversku og Íslendingar geta vel bjargað sér á einfaldan hátt eftir eitt námskeið og vissulega orðið fullnuma ef þeir temja sér sjálfsaga á framhaldsnámskeiðum, þótt alltaf sé skemmtilegast að fara til Kína og upplifa land og þjóð um leið og maður fullnemur málið."

*thordis@frettabladid.is*


KVÖLDSKÓLI KÓPAVOGS

NÁMSKEIÐ Á Á VORÖNN 2008

**Tungumál**
10 vikna námskeið
20 kennslustundir
Kennt er í byrjenda–framhalds – og talæfingaflokkum
ENSKA
DANSKA
NORSKA
SÆNSKA
FRANSKA
ÍTALSKA
SPÆNSKA
ÞÝSKA

**ÍSLENSKA fyrir útlendinga**
**ICELANDIC for foreigners**
**Nauka jezyka islanckiego dla obcokrajowcow**
9 vikna námskeið
50 kennslustundir
Kennt er í byrjenda og framhaldsflokkum.
Ísl. I, Ísl. II, Ísl. III, Ísl. IV, Ísl. V.

**Verklegar greinar**
BÓKBAND
FRÍSTUNDAMÁLUN
GLERBRENNSLA
LOPAPEYSUPRJÓN
SKRAUTRITUN
TRÉSMÍÐI
ÚTSKURÐUR

**Garðyrkjunámskeið**
GARÐURINN ALLT ÁRIÐ
TRJÁKLIPPINGAR
TRJÁRÆKT Í SUMARBÚSTAÐALANDINU

**Saumanámskeið**
AÐ BREYTA FÖTUM OG ENDURSAUMA
CRAZY QUILT
FATASAUMUR / BARNAFATASAUMUR
ÞJÓÐBÚNINGUR SAUMAÐUR
SKRAUTSAUMUR Baldering Skattering

**Tölvunámskeið**
FINGRASETNING
TÖLVUGRUNNUR
TÖLVUGRUNNUR II
WORD Ritvinnsla

**Matreiðslunámskeið**
GÓMSÆTIR BAUNA – PASTA – OG GRÆNMETISRÉTTIR
GÓMSÆTIR HOLLIR SUÐRÆNIR RÉTTIR FRÁ MIÐJARÐARHAFSLÖNDUNUM
HRÁFÆÐI
MATARMIKLAR SÚPUR OG HEIMABAKAÐ BRAUÐ
MATARGERÐ FYRIR KARLMENN I Grunnnámskeið
MATARGERÐ FYRIR KARLMENN II Framhaldsnámskeið
SPENNANDI BÖKUR

**Innritun í síma 564 1507**

*á vef skólans http:// kvoldskoli.kopavogur.is eða á skrifstofu Kvöldskólans í Snælandsskóla*

*Nánari upplýsingar eru einnig á vefsíðu skólans*

*Vefsíða:http:// kvoldskoli.kopavogur.is Netfang: kvoldskoli@kopavogur.is*



Gæði á góðu verði

VÉLAR ÞJÓNUSTA
Járnhálsi 2 110 Reykjavík Sími 5 800 200 www.velar.is


# verktakar

ÞRIÐJUDAGUR 8. JANÚAR 2008

## Heilsugæsla rís í Árbænum

**Við Hraunbæ 115 rís 2.700 fermetra hús á tveimur hæðum**

BLS. 2






FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 7235

Ertu að spá í atvinnutæki?

VIÐ FJÁRMÖGNUM
ÞAÐ SEM UPP Á VANTAR!

Nýttu þér upplýsingar og reiknivélar á **www.gf.is** eða hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma 440 4400.

GLITNIR
FJÁRMÖGNUN

# Heilsugæsla rís í Árbænum

**Byggingar rjúka upp víðs vegar um bæinn og borgarlandslagið fær nýjan svip. Í Hraunbænum er verið að byggja um 2.700 fermetra hús á tveimur hæðum.**

Á lóðinni að Hraunbæ 115 er nýhafin bygging á tveggja hæða húsi sem mun meðal annars hýsa heilsugæsluna í Árbæ, apótek og aðra tengda starfsemi. Byggingafyrirtækið Ris ehf. sér um framkvæmdir fyrir Faghús ehf. og arkitekt hússins er Pétur Örn Björnsson en verkfræðiþjónusta er í höndum Tæknivangs ehf.

„Verkefni okkar er að steypa upp húsið og fullklára það að utan og reiknum við með að ljúka því í byrjun júlí næstkomandi,“ segir Magnús Jónsson, framkvæmdastjóri Ris ehf.

„Það eru einhverjir tíu menn að vinna við þetta í augnablikinu og verða kannski í kringum tuttugu karlar þegar allt er í fullum gangi,“ segir hann og útskýrir að Ris ehf., sem er millistórt byggingafyrirtæki, sé töluvert í því að byggja og selja eigin mannvirki og hafi mörg járn í eldinum. „Við höfum ekki tafist stórlega þó tíðin sé búin að vera leiðinleg seinni hluta vetrar en við erum að byggja stúku við FH-völlinn og nýja búningsaðstöðu þar, einnig erum við að byggja íbúðir á Löngulínu og verslunarhúsnæði í Skógarlind og svo erum við að ljúka 7.000 fermetra verslunarhúsnæði í Miðhrauni sem verið er að taka í notkun þessa dagana.“ segir Magnús. *-rt*



Byggingaframkvæmdir í Hraunbæ 115.



Ris ehf. reisir tveggja hæða hús við Hraunbæ 115 fyrir Faghús ehf.

MYND/AUÐUNN



Nýja byggingin við Hraunbæ mun hýsa heilsugæsluna í Árbænum.



Teikning af húsinu við Hraunbæ. Arkitekt er Pétur Örn Björnsson.



Menn við vinnu sína í grunninum við Hraunbæ.

# Pappírsvinna er pyntingar

**Hann er þekktur í verktakabransanum sem Gassi en heitir réttu nafni Garðar Þorbjörnsson og rekur fyrirtækið Urð og grjót. Jarðvegsvinna, línulagnir og gerð göngustíga eru aðalviðfangsefnin.**

Jólafríið stendur enn yfir hjá flestum starfsmönnum í Urð og grjóti þegar hringt er í Gassa og hann beðinn um viðtal. „Nú er maður bara á kafi í pappírsvinnu eins og hún er skemmtileg eða hitt þó heldur,“ byrjar hann og bætir við. „Ég vil þúsund sinnum heldur vera ofan í skurði að moka en að sinna svona skrifstofuvinnu. Tel að Bandaríkjamenn ættu að afnema pyntingar og láta menn í pappírsvinnu í staðinn!“

Starfsmenn hjá Urð og grjóti eru yfirleitt 15 til 17 að sögn Gassa. Þeir fást aðallega við jarðvegs- og lagnavinnu. „Mest erum við að vinna í holræsum, að leggja hitaveitu- rafmagns- og símakapla. Síðasta eitt og hálfa árið höfum við verið mikið í miðbæ Reykjavíkur að breyta lögnum út af nýja tónlistarhúsinu. Erum nær eingöngu núna á höfuðborgarsvæðinu en svo höfum við líka sinnt Búrfellslínu, undirstöðum undir línuvirki og fleiru,“ lýsir hann.

Aðspurður kveðst Gassi eiga fyrirtækið Urð og grjót ásamt konu sinni Ásdísi Tómasdóttur.“ Það hafi verið á hans nafni fyrst eftir að það hóf göngu sína árið 1977 en svo hafi því verið breytt í Urð og grjót ehf. árið 1999. „Það tók enginn eftir okkur meðan allt var á mínu nafni og ómerkt en svo fórum við að merkja tækin og þá vekja þau talsverða athygli. Því fylgja svo bæði kostir og gallar. Mikið áreiti af ýmsu tagi en auðvitað eru líka kostir við það að vera sýnilegur.“ Hann segir starfsemina líka hafa breyst með árunum. „Fyrst var verið að vinna fyrir Vegagerðina, Vitamálastjórn og borgina. Þá var allt gert í tímavinnu en svo þróaðist þetta og breyttist og færðist meira í að verk væru boðin út. Í dag er allt unnið í tilboðsvinnu.“

Að sjálfsögðu fylgir fullt af tækjum fyrirtæki á borð við Urð og grjót. „Við eigum sautján bíla,“ segir Gassi. „Þar með talda minni vinnubíla. Við erum mest með Benz-vélar og svo O&K sem var stórveldi í Þýskalandi á sínum tíma. Þú sérð það þegar þú ferð í Leifsstöð og Kringluna að þar eru rúllustigar merktir O&K.“

Að lokum nefnir Gassi eitt verkefni sem Urð og grjót hefur sinnt síðustu fjórtán árin í tilboðsvinnu fyrir borgina. Það er göngustígagerð.

„Við höfum lagt stíga í Fossvoginum, Elliðaárdalnum, Grafarvoginum, Grafarholtinu, Breiðholtinu og bara nefndu það,“ segir hann. „Það vilja allir fá göngustíga, bara ekki við hliðina á sér. Þess vegna erum við stundum óvinsælir. En maður kippir sér ekki upp við það.“ *-gun*



Gassi var á skrifstofunni þegar Gunnar V. Andrésson ljósmyndari kom að mynda hann. Hann kveðst samt kunna betur við sig úti í skurði að moka. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


HEILDARLAUSNIR JCB FYRIR VERKTAKA
- TIL FORYSTU Í ÖLL VERK!
Hjólaskóflur
Skotbómulyftarar
GÆÐAVÉLAR Í STÓR OG SMÁ VERK
Fjölmargar stærðir og gerðir
- Beltagröfur
- Traktorsgröfur
- Hjólaskóflur
- Skotbómulyftarar
- Mini gröfur
- Valtarar
- Jarðvegsþjöppur
Traktorsgröfur
Stórar Beltagröfur
Beltagröfur
JCB VIBROMAX
Mini - vélar
Jarðvegsþjöppur
BREIÐ LÍNA IVECO ATVINNUBÍLA
- ÁVALLT Í FREMSTU RÖÐ!
EUROCARGO
Einn vinsælasti millistærðar vörubíllinn í Evrópu
DAILY PROFESSIONAL DNA
Vinnuflokkabílar - Pallbílar - Sendibílar - Gindarbílar
Ný hönnun
Meira rými
Aukin gæði
Meira afl
Aukin afköst
Aukin þjónusta
Rekstraröryggi
STRALIS
Býður þér frábært vinnuumhverfi og hagkvæman rekstur
VÉLAVER HF
TRAKKER
Trukkurinn fyrir verktakana
Krókhálsi 16, Reykjavík - Gleráreyrar 2, Akureyri - Sími 588 2600 - www.velaver.is

# Topp-gólfefni á sameignir

**Í eldri fjölbýlishúsum er víða orðið tímabært að endurnýja gólfefni á sameign. Iðnaðargólfefnið Topp 4000 er langtímalausn.**

„Topp 4000 hefur síðustu þrjá áratugi verið sett á iðnaðarhúsnæði, en nú í auknum mæli á bílskúrsgólf og sameignir fjölbýlishúsa þar sem það hentar einkar vel á gólf þvottahúsa, í hjólageymslur og á ganga,“ segir Ari Tryggvason hjá Gólflögnum sem er meðal þeirra verktaka og söluaðila sem býður húsfélögum þetta slitsterka gólfefni til brúks.

„Topp 4000 er yrjótt, glansandi gólfefni sem samanstendur af glæru epoxy-bindiefni, lituðum kvartssandi og topplakki. Það fæst í tólf staðallitum og er sérlega endingargott. Efnið er slitsterkt, það flagnar ekki og heldur sér mjög vel,“ segir Ari um Topp 4000 sem eingöngu er lagt af verktökum og ekki selt sér heldur ákomið og tilbúið til notkunar.

„Hér er einfaldlega gengið frá málinu í einni heimsókn og í framhaldi veitum við alla þjónustu, en alls tekur þrjá til fjóra daga að vinna gólfefnið með undirvinnu, lögn og efni. Þetta er varanleg lausn og hagkvæm til langs tíma litið,“ segir Ari og leggur áherslu á að fólk sé meðvitað um mikilvægi þess að verja gólf sín; ekki síst í bílageymslum þar sem vatn og selta á greiða leið í gegnum sprungur inn í járnagrind, með óheyrilega kostnaðarsömum afleiðingum.

„Í bílageymslur er hægt að velja nokkur kerfi til varnar gólfum, og er þá um þykkmálningarkerfi að ræða, stráningargólf í mismunandi grófleika og Topp 4000-gólfefnið.

„Þetta er stílhreint gólfefni, samskeytalaust og alltaf lagt með 7 til 10 sentimetra húlkíl upp á veggi, nema í ruslageymslur þar sem það er gjarnan lagt 1,20 metra upp fyrir ruslatunnur, en þá eru veggir vel varðir og auðvelt að þrífa.“ *-þlg*




**Ari Tryggvason, starfsmaður hjá Gólflögnum sem leggja Topp 4000-gólfefni á sameignir og bílskúra.** FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN





**Topp 4000 hentar vel á álagsfleti í fjölbýlishúsum og bílskúrum, en hér sést hvernig það er lagt samskeytalaust með húlkíl upp á vegg í hjólageymslu.**



**Hér má sjá lúið, málað gólf á geymslugangi í fjölbýlishúsi, en á myndinni fyrir ofan sést hvar búið er að leggja stílhreint Topp 4000 á gólfið. Frekari útfærslur, liti og sýnishorn má einnig skoða á golflagnir.is.**






# Lokahönd lögð á Grímseyjarferju

Tilboð í lokaendurbætur á Grímseyjarferjunni Sæfara voru opnuð 4. janúar. Fjórar stöðvar hér á landi sem geta tekið ferjuna í slipp áttu kost á að gera tilboð og barst tilboð frá þeim öllum. Lægsta tilboðið átti Slippurinn Akureyri.

| | |
|---|---|
| Slippurinn Akureyri | 12.966.300 kr. |
| Skipasmíðastöð Njarðvíkur | 22.404.000 kr. |
| Vélsmiðja Orms og Víglundar | 22.881.610 kr. |
| Stálsmiðjan | 26.995.100 kr. |

Gengið verður til viðræðna við Slippinn Akureyri um framkvæmd verksins en í því felast nokkrir verkþættir svo sem að smíða dyr á stjórnborðssíðu sem verður aðalinngangur í ferjuna sem gerir hreyfihömluðum auðveldara um vik. Sams konar dyr verða settar á bakborðshliðina og verður neyðarútgangur. Þá verður skipt út um 22 fermetrum af stáli á byrðingi skipsins sem auðveldar og bætir klössun þess. Komið verður fyrir kælingu í efri flutningalestinni vegna fiskflutninga, og salernum verður breytt þannig að þau nýtist hreyfihömluðum á betri hátt en ella, auk nokkurra fleiri smærri verka.

Gert er ráð fyrir að vinna við skipið geti hafist á Akureyri 15. janúar og áætlaður verktími er þrjár vikur. *www.vegagerdin.is*



**Slippurinn á Akureyri gerir að öllum líkindum lokaendurbætur á Sæfara.**

**● WWW.VERKTAKAR.IS**

Framkvæmdir eru framundan og upp vaknar sú spurning hver eigi að sjá um þær. Á vefsíðunni www.verktakar.is er að finna handhægan lista yfir verktaka og fagmenn í byggingariðnaði.



www.volkswagen.is




Lipur vinnuþjarkur með frábæra aksturseiginleika og vinnuaðstöðu fyrir bílstjórann. Caddy er með hleðsluhurðir báðum megin og tvöfalda afturhurð. Stigalúga að aftan er staðalbúnaður. Heildarflutningsrýmið er 3,2 $m^3$. Bíllinn er afar vel búinn: ASR spólvörn, ABS hemlalæsivörn og hljómflutningstæki með geislaspilara er staðalbúnaður. Fjöldi véla í boði: 1,4 l bensín 80 hö., 1,6 l bensín 102 hö., 2,0 l SDI 70 hö., 1,9 l TDI® 105 hö. (fáanlegur með sjálfskiptingu) og 2,0 l EcoFuel 109 hö.

**Nýtt verð**

# 1.790.000 kr. með vsk.

**eða 27.440 kr. á mánuði***

Atvinnubílar

* Miðað við bílasamning SP til 60 mánaða og 20% útborgun. Árleg hlutfallstala kostnaðar 6,93%.

**Volkswagen – kolefnisjafnaður útblástur**

**HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is**
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi

HEKLA

vísir.is
„...ég sá það á vísi"

VINNULYFTUR TIL LEIGU
Skæralyftur // Spjótlyftur // Skotbómulyftarar // Turnlyftur // Lyftarar
Höfum einnig ýmis önnur tæki til byggingaframkvæmda
Loftpressur
Rafstöðvar
Jarðvegsþjöppur
ARMAR
Armar ehf.
Flatahrauni 25
220 Hafnarfjörður
Sími 565 4646
Fax 534 4320
www.armar.is

Ert þú leið(ur) á að skipta um perur?
DÍÓÐULJÓSIN FRÁ OKKUR ERU:
ORKUSPARANDI
ÓBRJÓTANDI
10.000 KLST. ÁBYRGÐ
PASSA FYRIR ALLAR GERÐIR VÖRU- OG FLUTNINGABÍLA
TRUCK - LITE
Ljósasamlokurnar frá okkur eru:
ÓBRJÓTANDI
HÖGGÞOLNAR
ENDAST OG ENDAST
et EHF VERSLUN
Klettagarðar 11, 104 Reykjavík
Sími 568 1580 • Fax 568 0844
Ljósin frá okkur geta lýst leið þína lengi lengi ...

Flutningatæki og hjólbarðar
Traust þjónusta og hagstætt verð!
KRONE
Flutningavagnar og kassar
Heildarlausnir í flutningavögnum og flutningakössum frá traustum framleiðendum.
Vörubíladekk GT RADIAL
Traust vetrar- og heilsársdekk.
Áralöng reynsla við íslenskar aðstæður.
Ál-sliskjur – fyrir létt og þung tæki
Fáðu vörulista sendann, hringdu eða pantaðu á vefsíðu okkar.
Hjólkoppar og felgur / naglar og míkróskurður
Vinnuvéladekk DOUBLE COIN
Niðsterk dekk fyrir stórar vinnuvélar á lager.
Sérpöntum flestar aðrar gerðir með stuttum fyrirvara.
Dekkjavélar
ALORKA
www.alorka.is
Vagnhöfða 6 • 110 Reykjavík • Sími 577 3080
PIPAR • SÍA • 71696


Hitateppið er tæki sem sett er upp fyrir ofan dyr. Tækið myndar nokkurs konar teppi sem heldur hitanum inni og kuldanum úti.

# Kuldanum úthýst

**Hitateppi er búnaður sem heldur hitanum innan dyra og kuldanum úti.**

Margar verslanir og fyrirtæki eru með hitateppi fyrir ofan útidyrahurðir til að koma í veg fyrir að kalt loft berist inn og heitt loft út þegar dyr eru opnaðar. Þetta getur verið mikill kostur á fjölförnum stöðum þar sem mikill umgangur er. Þeir sem inni eru sleppa við kulda og trekk og heitur straumur umlykur þá sem ganga inn og út.

Teppin fást í mismunandi stærðum og gerðum og fer lengd þeirra og breidd eftir því hversu mikið pláss er fyrir ofan dyrnar. Þá er einnig hægt að fá standandi teppi sem blása lofti frá hlið. Hitateppin fást hjá Johan Rönning en það er í höndum verktaka að koma þeim fyrir. Bjarni Jónas Jónsson, pípulagningameistari hjá Pípulagnaverktökum, er einn þeirra. „Við höfum sett þetta upp nokkuð víða og má nefna fyrirtæki, verslunarmiðstöðvar, skóla og sundlaugar, segir hann. „Búnaðurinn er ekki mjög flókinn í uppsetningu," bætir hann við. „Þetta er svipað og að tengja ofn."

Haukur Tómas Hafsteinsson, sölumaður hjá Johan Rönning, segir búnaðinn vera frá sænska framleiðandanum Frico. „Búnaðurinn myndar teppi sem skilur að kuldann úti og hitann inni. Þetta snýst því ekki bara um að blása út einhverju magni af heitu lofti heldur að mynda vegg og er hægt að fá búnaðinn án nokkurs hita. Þá er hægt að fá sambærilegan búnað fyrir kæligeymslur sem varnar því að kuldinn leiti út," útskýrir Haukur.

„Vinsælustu teppin eru vatnshitablásarar. Þeir fá inn á sig heitt vatn og gefa því frá sér varma," heldur hann áfram. Þá er boðið upp á mismunandi stýrikerfi. „Algengasta kerfið virkar þannig að stillt er á ákveðinn hraða en kerfið fer svo á fullt þegar dyrnar eru opnaðar. Ef of mikill hiti myndast í rýminu slekkur kerfið á sér." *- ve*


Bjarni Jónsson pípulagningameistari hefur sett upp þó nokkur hitateppi um alla borg. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


Réttu vélarnar í verkið!
NEW HOLLAND
Eigum til afgreiðslu með skömmum fyrirvara úrval af stórvirkum vinnuvélum sem og fjölvirkum smávélum
Veldu vél sem hentar þínu verki!
KORTER.IS
CRAMARO
Höfum hafið sölu á Cramaro yfirbreiðslum fyrir malarflutningabíla.
● Sterkar yfirbreiðslur
● Aukið öryggi
● Hentar á allar gerðir vagna
● Gott verð
Rhino
brotfleygar
STURLAUGUR & CO
Fiskislóð 14
101 Reykjavík
Sími 4 123 000
www.sturlaugur.is




SKF



... ekki bara legur !!



DRIFKEÐJUR

VERKFÆRI

REIMAR

ÁSTENGI

TANNHJÓL

REIMSKÍFUR

KLEMM-
FÓÐRINGAR









LANDVÉLAR
Smiðjuvegi 66 - 200 Kópavogi
www.landvelar.is S. 580 5800

STRAUMRÁS
Furuvellir 3 - 600 Akueyri - S. 461 2288

SCHOOL ICELANDIC

ÍSLENSKA f. NÝBÚA - INTENSIVE ICELANDIC: Level I: 4 weeks x 5d; Md.-Frd; 18 - 19.30. Start 07/01, 11/02, 03/03. Level II: 7 weeks: Md/Wd/Frd; 20-21.30. Start 07/01, 26/02. Level III: 10 weeks; Tsd/Thrd; 20 - 21.30. Start 08/01, 18/03, Ármúli 5. s.588 1169, ice@icetrans.is, www.icetrans.is/ices-chool

# HEIMILIÐ

## Heimilistæki

Til sölu Finlux 32" sjónvarp. 100hz, flöktfrí mynd. Uppl. í s. 861 7845 e. kl. 17.

Til sölu vegna flutnings. Þvottavél, þurkari,strauvél, borðstofusett frá Tekk, eldhúshúsgögn,skápar nýr ísskápur og fl. Uppl. í síma 6909211 0g 8925829

UPO Þvottavél 1400 snúninga 7 kg, digital með þurrkara til sölu, 1 árs. Toppvél. Verð 30. þús. Upplýsingar 8248993 og 8617848.

## Gefins

Gefins 3ja sæta bleikur sófi með kínverskumunstri. Uppl. í s. 691 7234 eftir kl. 14.

## Dýrahald

Ókeypis nýársgjöf. Þú sem ekki fékkst neitt jólagjöf í ár getur fengið gefins yndislega svartan kettling þér til upplyftingar og gleði. Uppl. í s. 482 3882 & 866 0899.

1 árs læða grá og hvít soldið loðin. Líka með einn högna 1 árs gledur. Eru mjög róleg. Helst á saman heimili. Uppl. í s. 6917234 e. kl. 14.

Hundaskóli Heimsenda Hunda Nýtt grunnnámskeið hefst fyrir hunda frá 4 mánaða aldri þann 14.01. www.hundaskoli.net uppl. 897 1992

**www.icelandichusky.com**

Til sölu hreinræktaðir langhunda hvolpar. Heilsufarsskoðaðir, örmerktir og með ættbók frá Íshundum. Tilbúnir til afhendingar. Uppl. í s. 857 1751. www.123.is/manaskin

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Til leigu 3ja herb. íbúð í Lautasmára. Húsg. geta fylgt, ísskápur og uppþv.v. uppl. konni@hotmail.com 897-9161

### Laus strax

2 herbergja íbúð til leigu í Garðabæ með sérinngangi. Íbúðin er nýlega tekinn í gegn og er á góðum og rólegum stað. Leigan er 120 þús á mánuði + trygging. Allar frekari upplýsingar eru veittar í s. 693 4085.

4 herb. íbúð í bökkunum. Langt.leiga kr. 130þ. Einnig til leigu 24 fm herb. m.húsg.og aðg.að baði í 2 mán. uppl. 863-8099

Huggulеg 2 herb 57 fm íbúð á 2. hæð við rólega götu í 101 Rvk. Langtímaleiga f. reglusama og skilvísa. Leiga 105 þ á mánuði. Uppl. í s 844 4919. Kristinn.

Mjög góð 4 herb. (130fm) íbúð til leigu í bryggjuhverfinu Grafarvogi. Bílastæði í bílakjallara fylgir með. Leigutími 12 mán. eða lengur. Laus strax. Verð 180 þús. með hússjóð. Uppl. í s. 897 6655.

Íbúð til leigu 107 fm í Unnufelli. Uppl. í s. 659 2139.

Góð 2. herb. Íbúð í vesturbæ 107 Rvk. laus nú þegar. Leigu verð 120 þ. á mán. innifalið hússjóður og hiti. bankaáb./tryggingavíxill skylirði. Uppl. í s. 898 1188, e. kl. 14.

Til leigu efsta hæð við Súðavog. Mikil lofthæð. 100fm + 20fm svefnloft. Upplagt fyrir stúdio, léttan iðnað eða skrifstofu. Íbúðarhæft. Uppl. í s. 893 0320.

Til leigu er lítið einbýlishús í Hnífsdal (4 mín akstur frá Ísafirði) Húsið leigist með húsbúnaði og húsgögnum okt- júní. Leiga er 50 þ. á mán. með hita og rafmagni. Uppl. gefur Erna í s. 869 4566.

## Húsnæði óskast

Ung og reglusöm hjón með eina dóttir óskar eftir íbúð til leigu sem allra fyrst!! vinsamlega hafðu samband í síma 552 6730 & 691 3728.

4 manna fjölsk. óskar eftir íbúð í smáranum 3-4 herb. leigutími til 1 jún '08 Uppl. í s. 698 7537.

## Geymsluhúsnæði

Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

## Gisting

Flóki Inn - Langtíma gisting / Long term rental. Sími:552 1155 - info@innsoficeland.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

### Vaktstjóri á Pizza Hut Nordica

Pizza Hut leitar að vaktstjóra í veitingasal á Pizza Hut Hótel Nordica. Um er að ræða framtíðarstarf. Starfið felst í: stjórnun vakta, þjónustu og mannastjórnun í samráði við veitingastjóra. Hæfniskröfur: Þjónustulund, samviskusemi, reglusemi, hæfni í mannlegum samskiptum. Lágmarks aldur er 22 ár. Áhugasamir sendi inn umsókn á www.pizzahut.is . Nánari uppl. hjá Birgir veitingastjóra Pizza Hut Nordica 694-8022 og 533-2002.

### Fullt starf á Pizza Hut Nordica

Pizza Hut leitar að duglegu og stundvísu starfsfólki í fullt starf í veitingasal. Lágmarksaldur er 18 ára. Umsóknir sendist á www.pizzahut.is eða hafið samband við Birgir veitingastjóra Nordica í síma 694-8022 og 533-2002.

### Kornið auglýsir

Kornið Bíldshöfða óskar eftir eldri konum til starfa í afgreiðslu. Vinnutími frá 8-17. Góð laun í boði. Uppl. í s. 864 1593 Ella.

### Aktu Taktu

Aktu Taktu Leitar eftir rösku og áreiðanlegu starfsfólki í afgreiðslu. Um er að ræða bæði fullt starf og hlutastarf. Ef þig langar til að vinna á skemmtilegum og líflegum vinnustað þá gæti þetta verið rétta vinnan fyrir þig. Góð laun í boði fyrir rétta aðila. Umsóknir á aktutaktu.is.

PYLSUVAGNINN LAUGARDAL

### Pylsuvagninn Laugardal

Pylsuvagninn Laugardal óskar eftir fólki til starfa. Um er að ræða hlutastarf, tilvalið fyrir skólafólk. Aðeins stundvísir, heiðarlegir og reglusamir starfsmenn koma til greina. Góða laun í boði fyrir rétta aðila. Umsóknareyðublöð fast á staðnum.

**Keiluhöllin í Öskjuhlíð**
**Óskar eftir starfsmanni í afgreiðslu í kvöld og helgarvinnu.**
**Upplýsingar í síma 864 6112 og á www.keiluhollin.is**

THE ENGLISH PUB

**Dyraverðir / Aðstoð í sal / Barþjónar**
**Óskast á THE ENGLISH PUB.**
**Áhugasamir hringið í síma 690 9996 eða 821 8500**

**Wilson Pizza auglýsir eftir starfsmanni í fullt starf.**
**Um er að ræða í vinnslu og snatti. Einnig vantar fólk í kvöld og helgarvinnu í Gnoðavog og Austurströnd.**
**Umsóknareyðublöð eru á staðnum, einnig upplýsingar í síma 869 2426, Villi.**

**Devitos pizza**
**Óskar eftir starfsfólki í afgreiðslu á dagvaktir.**
**Upplýsingar í síma 692 4327.**

**Nýtt bakarí/kaffihús Holtagarðar - Smáralind**
**„Jói FelL" opnar glæsilegt bakarí og kaffihús í Holtagörðum. Okkur vantar starfsfólk í afgreiðslu. Einnig vantar okkur starfsfólk í bakarí okkar í Smáralind strax. Framtíðarstarf. Áhugasamir hafið samband við Lindu v. Holtagarða í s. 863 7579 eða Huldu v. Smáralindar í s. 695 2933 eða á JOIFEL@JOIFEL.IS**

### Helgarstarfsfólk óskast

Bæjar Bakarí í Hfj. óskar eftir starfskröftum í afgreiðslu um helgar. www.bakstur.is eða í s. 555 0480, Sigurður.

*Hefur þú áhuga á Au Pair starfi í Lúxemborg?*
*Við erum íslensk fjölskylda að leita að Au Pair sem fyrst í 6 mánuði. Ef þú ert 20 ára eða eldri, reyklaus, barngóð og með bílpróf þá endilega hafðu samband krissv@hi.is eða s. 899 2529.*

kokkarnir

**Furðufiskar ehf.**
**Furðufiskar ehf sem reka meðal annars Kokkana veisluþjónustu, fiskborðin í Hagkaupum og Osta og sælkeraborðin í Hagkaupum kringlunni og Smáralind. Vantar Bílstjóra sem starfar einnig við samantekt á vörum ásamt fleiru. Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi mikla þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum því starfið er andlit fyrirtækisins út á við. Áhugasamir sendið tölvupóst á runar@kokkarnir.is eða hringið í síma 511-4466 milli kl 9 og 17 á virkum dögum. Furðufiskar ehf Fiskislóð 81a 101 Reykjavík**

**Vantar þig vinnu með skóla?**
**Subway óskar eftir jákvæðu og duglegu fólki með mikla þjónustulund. Um er að ræða vaktavinnu um kvöld og helgar. Breytilegar vaktir í boði sem henta vel með skóla. Hægt er að sækja um á subway.is. Nánari upplýsingar veitir Helga í síma 696-7005. Aldurstakmark er 16 ár.**

**Vaktstjóri á Subway**
**Subway óskar eftir jákvæðu og duglegu fólki á besta aldri með mikla þjónustulund. Um er að ræða hlutastarf sem hentar vel með skóla. Umsóknir fyllist út á www.subway.is. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Nánari upplýsingar veitir Helga í síma 696-7005. Aldurstakmark er 17 ár.**

**Óska eftir vönum beltagröfumanni**
**Óska eftir vönum beltagröfumanni í vinnu sem first. Þeir sem hafa áhuga hafið samband í s. 891 8338.**

**Bakaríið Hagamel 67**
**Óskar eftir að ráða hresst og duglegt starfsfólk til afgreiðslustarfa. Um er að ræða vaktavinnu, 75-100%. Vinnutími eftir frekara samkomulagi. Ekki yngri en 16 ára. Íslenskukunátta nauðsynleg Nánari uppl. veita Anna Rósa í s. 869 3320 og Gunnar í s. 897 8101.**

**Atvinna Atvinna Sölumaður í húsgagnadeild**
**Rúmfatalagerinn Skeifunni óskar eftir hressum og duglegum starfsmanni til starfa í húsgagnadeild. Upplýsingar gefur Ívar í síma 820-8003 eða á staðnum Rúmfatalagerinn Skeifunni 13.**

**JC Mokstur**
**Óskum eftir mönnum með vinnuvélaréttindi eða meirapróf. Góð laun í boði, næg vinna. Uppl. í s. 693 2607.**

### Kornið Langarima.

Kornið óskar eftir starfsfólki í Langarima. Vinnutími frá kl. 13-18:30 virka daga. Góð laun í boði. Upplýsingar í s, 864 1593 Ella.

### Kornið Hrísateig

Óskum eftir starfsfólki í afgreiðslu. Vinnutími 07-13 & 13-18. Góð laun í boði. Uppl. í s. 864 1593, Ella.

### Kornið Hjallabrekku.

Kornið óskar eftir Helgarstarfsfólki í Hjallabrekku. Uppl. í s. 864 1593, Ella.

### American style

Vantar þig góða vinnu í föstu vaktavinnukerfi? Erum með störf í 100% vaktavinnu. Skemmtilegt vinnuumhverfi, mjög samkeppnishæf laun og frábært folk. Sæktu um á americanstyle.is

Sótthreinsun og þrif ehf. Starfsmann með bílpróf vantar. Óskum eftir hraustum starfsmanni 17 ára eða eldri í vinnu við háþrýstiþvott og sótthreinsun. Þarf að hefja störf sem fyrst. Umsóknir og umsögn um reynslu berist til: sotthreinsun@sotthreinsun.is - www.sotthreinsun.is

### Ritfanga- og leikfangaverslun

Óskar eftir starfsfólki í fullt starf og hlutastarf. Umsóknir sendist á hugsel@gmail.com merktar „bók".

### Góð íslenskukunnátta!

Rótgróið markaðsfyrirtæki óskar eftir traustum starfsmanni, 35+ ára í símasölu á skrifstofutíma. Þjálfun á staðnum. Upplýsingar í síma 869 0291 Kristín.

Ferðaþjónusta fatlaðra í Kópavogi óskar að ráð bifreiastjóra með rútupróf. Góð laun í boði. Uppl. í síma 860-0761

Mig vantar ömmu/barngóða konu til að sækja drenginn minn kl.14 á daginn og vera með hann þangað til ég kem heima um kl.17.30, alla virka daga. Bý á völlunum í Hafnarfirði. Áhugasamir sendi póst á bhe@veislantin.is.

### Ísbúðin smáralind & Ísbúðin í Hagkaupum í Kríngluni

Starfsfólk óskast í vinnu 12-19 virka daga getum einnig bætt við okkur aukafólki virkadaga og um helgar. Uppl. í síma 660 1770 & á staðnum.

Vantar vana málara í vinnu strax. Málningarþjónusta Marteins. Uppl. í s. 824 0659.

## Atvinna óskast

25ára Ísl KK óskar eftir starfi. Flest kemur til greina. Hef m.a. meira- og lyftarapróf. Uppl. í s. 821 4347.

Nemi í pípulögnum óskar eftir vinnu um helgar. Upplýsingar í síma 8657956

### Tölvulagnir - Netlagnir

Getum bætt við okkur verkefnum, stór sem smá, uppl. Í síma 821 5081 eða 822 0435, BMS-Tölvulausnir

53 ára reglusamur og stundvís karlmaður óskar eftir framtíðarstarfi. Allt kemur til greina. S. 567 1408 og 867 1400.

# ÞJÓNUSTA

**Viltu láta dekra við þig í austurlensku umhverfi þar sem óspillt náttúran er á næsta leiti? Þá er þetta rétti tíminn!**



**Laugardaginn 1. desember var opnuð glæsileg snyrtistofa á Hótel Loftleiðum, Dong Fang Salon. Í boði eru snyrtimeðferðir og nudd.**

**ALLAR VAX OG ANDLITSMEÐFERÐIR MEÐ 20% AFSLÆTTI TIL 15. JANÚAR**

SNYRTISTOFAN DONG FANG SALON HÓTEL LOFTLEIÐIR
Verður opin mánud - föstud frá kl. 9.00 til 21.00 og á laugard frá kl. 10.00 til 18.00
Sími 444-4085 / 662-0485 massage@dongfang.is www.dongfang.is

東方 DONG FANG SALON HÓTEL LOFTLEIÐIR

SNYRTISTOFAN DONG FANG SALON HÓTEL LOFTLEIÐIR
Verður opin mánud - föstud frá kl. 9.00 til 21.00 og á laugard frá kl. 10.00 til 18.00
Sími 444-4085 / 662-0485 massage@dongfang.is www.dongfang.is

IH ICELANDAIRHOTELS LOFTLEIÐIR

## Sýslumaðurinn á Húsavík

# UPPBOÐ

**Uppboð munu byrja á skrifstofu embættisins á Útgarði 1, Húsavík, sem hér segir á eftirfarandi eignum:**

Ásgata 17, fnr. 216-7096, 675 Raufarhöfn, þingl. eig. Björk Baldursdóttir og Byggingafélagið Húsafell ehf, gerðarbeiðendur Lífeyrissjóðir Bankastræti 7 og Vátryggingafélag Íslands hf, mánudaginn 14. janúar 2008, kl.10:00.

Bakkavegur 9, fnr. 216-7726, 680 Þórshöfn, þingl. eig. Grétar Jósteinn Hermundsson, gerðarbeiðandi Vátryggingafélag Íslands hf, mánudaginn 14. janúar 2008, kl.10:00.

Eignarhluti gerðarþola í Syðri-Bakka, fnr. 154119, Keldunes-hreppi, Norðuþing, þingl. eig. Stefán Þóroddsson, gerðarbeiðandi Sýslumaðurinn á Húsavík, mánudaginn 14. janúar 2008, kl.10:00.

Garðarsbraut 44, fnr. 215-2620, 640 Húsavík, þingl. eig. Ásgeir Guðmundsson, gerðarbeiðendur Árdegi hf, Daníel Ólafsson ehf, Iðnmark ehf, Innes ehf, Olíuverslun Íslands hf, Rekstrarvörur ehf og Sýslumaðurinn á Húsavík, mánudaginn 14. janúar 2008, kl.10:00.

Héðinsbraut 11, 215-2913, 640 Húsavík, þingl. eig. Sverrir Yngvi Karlsson, gerðarbeiðendur Íbúðalánasjóður og Tryggingamiðstöðin hf, mánudaginn 14. janúar 2008, kl.10:00.

Steinholt, 222-0426, Reykjahverfi, 641 Norðurþing, þingl. eig. Egill Hjartarson, gerðarbeiðandi Árný Ósk Hauksdóttir. mánudaginn 14. janúar 2008, kl.10:00.

Vesturvegur 7, frn. 216-7953, 680 Þórshöfn, þingl. eig. Sumarrós Kristín Jóhannsdóttir og Þorleifur Hannes Sigurbjörnsson, gerðarbeiðandi Leifur Árnason, mánudaginn 14. janúar 2008, kl.10:00.

Sýslumaðurinn á Húsavík,
7. janúar 2008.

Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

# Húsaleigubætur

Athygli er vakin á að samkvæmt lögum um húsaleigubætur nr. 138/1997 skal endurnýja umsókn um húsaleigubætur árlega í upphafi árs og gildir umsóknin til ársloka. Umsækjendur um húsaleigubætur í Reykjavík eru minntir á að skila umsókn fyrir árið 2008 til þjónustumiðstöðva Reykjavíkurborgar **í síðasta lagi 16. janúar nk.**

- Þeir sem eiga lögheimili í Miðbæ eða Hlíðum hafi samband við Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða, Skúlagötu 21, sími 411-1600.
- Þeir sem eiga lögheimili í Vesturbæ hafi samband við Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Hjarðarhaga 45-47, sími 411-1700.
- Þeir sem eiga lögheimili í Laugardal eða Háaleiti hafi samband við Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis, Síðumúla 39 sími 411-1500.
- Þeir sem eiga lögheimili í Breiðholti hafi samband við Þjónustumiðstöð Breiðholts, Álfabakka 12, sími 411-1300.
- Þeir sem eiga lögheimili í Árbæ, Grafarholti eða Norðlingaholti hafi samband við Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts, Bæjarhálsi 1, sími 411-1200.
- Þeir sem eiga lögheimili í Grafarvogi eða Kjalarnesi hafi samband við Þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness, Langarima 21, sími 411-1400.

Sviðsstjóri
Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar



## VANTAR ÞIG VANA MÚRARA?

Voot starfsmannamiðlun hefur milligöngu um að útvega innlenda sem erlenda starfsmenn fyrir ýmsar greinar atvinnulífsins

Er starfsmannaleiga rétta lausnin fyrir þig?

**SÍMI 420 9500**

VOOT STARFSMANNAMIÐLUN

HAFNARGATA 90• 230 REYKJANESBÆR • WWW.VOOT.IS



## VANTAR ÞIG PÍPULAGNINGARMENN?

Voot starfsmannamiðlun hefur milligöngu um að útvega innlenda sem erlenda starfsmenn fyrir ýmsar greinar atvinnulífsins

Er starfsmannaleiga rétta lausnin fyrir þig?

**SÍMI 420 9500**

VOOT STARFSMANNAMIÐLUN

HAFNARGATA 90• 230 REYKJANESBÆR • WWW.VOOT.IS



## VANTAR ÞIG VANA SMIÐI?

Voot starfsmannamiðlun hefur milligöngu um að útvega innlenda sem erlenda starfsmenn fyrir ýmsar greinar atvinnulífsins

Er starfsmannaleiga rétta lausnin fyrir þig?

**SÍMI 420 9500**

VOOT STARFSMANNAMIÐLUN

HAFNARGATA 90• 230 REYKJANESBÆR • WWW.VOOT.IS

## Heggur ehf

*Vantar vana smiði í innivinnu.*
*Einnig vantar smið á verkstæði.*

*Upplýsingar í s. 893 1424, Sæmundur & 862 1524, Gylfi.*

ATVINNA

## Skipstjóra vantar á 150 brt Dragnótabát sem rær frá Suðurlandi Frá 15.01.2008.

Upplýsingar í síma 864-8096

## Framsækið fyrirtæki óskar eftir metnaðarfullu og áreiðanlegu starfsfólki í fullt starf og hálft starf.

Sendið umsókn á annetta@lush.is eða hringja í síma 846 7579

## MÚRARAR

Erum með vana múrara á skrá sem eru klárir til vinnu.
**Kraftafl ehf S: 840-1616**

## Tískufataverslun

óskar eftir starfsmanni í fullt starf.

Upplýsingar í s. 8201299

JB Byggingafélag

**Smiðir**

JB Byggingafélag óskar eftir að ráða smiði í uppsláttarflokk.
Góð laun og næg verkefni

Leggjum áherslu á skemmtilegt starfsumhverfi, öflugt starfsmannafélag og ferðasjóð.
Sterkt og gott fyrirtæki

**Upplýsingar gefur Páll Róbert í síma 693-7014 en einnig er hægt að sækja um á www.jbb.is.**

JB Byggingafélag, Bæjarlind 4, s: 544-5333



# Ævintýri alla daga

**Leikskólinn Sjónarhóll óskar eftir að ráða leikskólakennara og starfsfólk með aðra menntun eða reynslu.**

**Sjónarhóll** er þriggja deilda leikskóli í Grafarvogi. Á Sjónarhóli er lögð áhersla á lífsleikni, vinnu með einingakubba og stærðfræði með elstu börnunum.

Verið velkomin í heimsókn á Sjónarhól eða hafið samband við Bergljótu Jóhannsdóttur, leikskólastjóra í símum 567-8585 eða 693-9813.

*Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.*

Reykjavíkurborg
Leikskólasvið

www.leikskolar.is

FERSKAR KJÖTVÖRUR

# Aukavinna skólafólk

Óskum eftir starfsmönnum í kjöt og fiskborð Hagkaupa sveigjanlegur vinnutími í boði fyrir fólk á öllum aldri endilega hafið samband.

Nánari upplýsingar veitir Ómar í s: 6606300 eða Rúnar s:6994000

KOKKARNIR VEISLUÞJÓNUSTA

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
5.721 **-3,75%**

**Fjöldi viðskipta:** 1.058
**Velta:** 10.304 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **365** | 0,50% | **EXISTA** | 6,04% |
| **EIMSKIPAFÉLAGIÐ** | 0,30% | **BAKKAVÖR** | 5,77% |
| **ALFESCA** | 0,15% | **KAUPÞING** | 4,39% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 9,62 -0,62% ... Bakkavör 52,30 -5,77% ... Eimskipafélagið 34,00 +0,30% ... Exista 16,35 -6,04% ... FL Group 12,73 -2,82% ... Glitnir 20,40 -2,63% ... Icelandair 26,55 -0,19% ... Kaupþing 784,00 -4,39% ... Landsbankinn 32,45 -3,71% ... Marel 100,50 -0,99% ... SPRON 7,93 -2,1% ... Straumur-Burðarás 14,03 -3,77% ... Össur 97,00 -2,51% ... Teymi 5,80 -1,19%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Veltan eykst um 40 milljarða króna

Íslenska fjárfestingarfélagið Nordic Partners hefur keypt Hamé, stórt matvælafyrirtæki í Mið- og Austur-Evrópu. Starfsmenn Hamé eru um þrjú þúsund og veltan í fyrra nam sautján milljörðum íslenskra króna.

Gísli Reynisson, forstjóri og aðaleigandi Nordic Partners, segir kaupverðið trúnaðarmál. Beðið sé staðfestingar Samkeppniseftirlits og samþykki þeirra á endurskoðuðum ársreikningi fyrir árið 2007. Hann segir að unnið hafi verið að samningnum frá því í mars á síðasta ári. Niðurstaðan sé ánægjuleg þótt ferlið hafi verið strangt.

Helstu framleiðsluvörur Hamé eru unnar kjötvörur, tilbúnar máltíðir, samlokur, barnamatur, tómatvörur, sósur og grænmeti. Gísli segir kaupin styrkja ytri vöxt matvælastarfsemi Nordic Partners. Síðustu tvö árin hafi miklar fjárfestingar styrkt innri vöxt fyrirtækjanna, meðal annars til að ná niður kostnaði. Útlit sé fyrir að veruleg veltuaukning verði í matvælastarfseminni á næstu misserum og aukinn hagnaður.

Nordic Partners reka nú þegar margvíslega matvælastarfsemi í Lettlandi, Litháen og Póllandi sem verður nú sameinuð undir merkjum Hamé. Velta sameinaðrar starfsemi er áætluð um 40 milljarðar króna á árinu 2008. Framleidd verða nálægt 170 þúsund tonn af unnum matvælum og ríflega 100 milljónir lítra af drykkjarvöru. **- bg**



**FRAMLEIÐSLA Í SEXTÁN VERKSMIÐJUM** Framleiðsla Nordic Partners fer fram í Tékklandi, Lettlandi, Póllandi, Litháen, Rúmeníu og Rússlandi. Í þessum löndum eru einnig helstu markaðir samsteypunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Meiri lækkun

Rauði liturinn var nær allsráðandi í Kauphöllinni í gær, þriðja daginn á þessu ári sem Kauphöllin er opin. 21 félag lækkaði á meðan aðeins tvö hækkuðu. Mesta lækkun varð á bréfum í Bakkavör Group og Exista en stofnendur Bakkavarar, bræðurnir Lýður og Ágúst Guðmundssynir, eiga meirihlutann í Exista.

Gengi bréfa í Bakkavör lækkaði mest í gær, um 5,58 prósent, en fast á hæla þess er Exista en gengið á því lækkaði um 5,17 prósent. Tíu önnur fyrirtæki lækkuðu um meira en tvö prósent í dag og fór Úrvalsvísitalan niður um 3,59 prósent.

Mesta hækkun var hins vegar á bréfum 365, um 0,50 prósent og í Eimskipafélagi Íslands en gengi þess fór upp um 0,29 prósent. **- bg**



**DIMMT YFIR KAUPHÖLLINNI** Lækkanir í Kauphöll Íslands eru taldar ýta undir breyttar áherslur í fjárfestingum.

## Flýja hlutabréf yfir í skuldabréf

Vísbendingar eru um að fjárfestar leiti úr hlutabréfum í skuldabréf eftir lækkanir í Kauphöll síðustu daga, að því er fram kemur í hálffimmfréttum greiningardeildar Kaupþings.

Velta á skuldabréfamarkaði nam í gær rúmlega 42,5 milljörðum króna og er það met. „Samhliða lækkaði ávöxtunarkrafa verðtryggðra bréfa um 8 til 15 punkta og óverðtryggðra bréfa um 39 til 91 punkts. Þessi áköfu viðskipti endurspegla án efa breyttar vaxtaväntingar markaðarins um hraðara vaxtalækkunarferli hjá Seðlabanka Íslands, sökum þess að íslenskt efnahagslíf muni nú kólna hraðar en áður var gert ráð fyrir," segir greiningardeildin. **- óká**

## Nýr forstjóri

Stjórn Astraeus Limited, sem er alfarið í eigu Northern Travel Holding hf., hefur ráðið nýjan forstjóra fyrir Astraeus Limited, sem þegar hefur hafið störf; eftir að fyrrverandi forstjóri sagði starfi sínu lausu í lok desember síðastliðinn, að því er fram kemur í tilkynningu frá félaginu. Nýr forstjóri heitir Mario Fulgoni og hefur starfað sem framkvæmdastjóri yfir flugrekstarsviði Astraeus frá júlí 2007.

Northern Travel Holding hf. er íslenskt eignarhaldsfélag í eigu Fons hf. (44%), FL Group hf. (34%), og Sund hf. (22%). Megináhersla félagsins er rekstur flugfélaga og fyrirtækja í ferðaiðnaði á Norðurlöndunum og í Norður-Evrópu. **- bg**








**Þarftu að breyta þér í Símaskránni 2008?**

Móttöku auglýsinga og skráninga í **Símaskrána 2008** fer senn að ljúka.

Ef þú vilt breyta skráningu þinni eða fyrirtækis þíns hafðu þá samband við þjónustufulltrúa okkar í síma **522 3200** eða sendu tölvupóst á **ja@ja.is**.

Skráningu lýkur 31. janúar 2008.

já – er svarið

**GUÐRÚN LÁRUSDÓTTIR, ALÞINGISKONA OG SKÁLD, FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1880.**

*„Kyrrlátt og óbrotið hversdagslíf felur í sér þroskaskilyrði sem eru barnssálinni svo nauðsynleg.“*

***Guðrún Lárusdóttir fæddist á Valþjófsstað í Fljótsdal en lét lífið á dramatískan hátt 20. ágúst árið 1938 þegar hún drukknaði í Tungufljóti ásamt tveimur dætrum sínum.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 8. JANÚAR 1642

## *Galileo Galilei andast á Ítalíu*



Stjörnufræðingurinn Galileo Galilei lést þennan dag árið 1642 í Arcetrí á Ítalíu, 77 ára að aldri. Galileo fæddist 15. febrúar 1564 í Písa, í Toskanahéraði á Ítalíu. Hann hóf læknanám, sneri sér þó fljótlega að stærðfræði og heimspeki og hætti í háskóla árið 1585 án þess að ljúka prófi.

Hann hefur verið kallaður faðir nútíma stjörnufræði, faðir eðlisfræðinnar og faðir vísinda vegna ótrúlegra uppgötvana sinna.

Galileo starfaði lengst af sem stærðfræðikennari og prófessor og vann að tilraunum með aflfræði og velti fyrir sér stjörnufræði. Hann smíðaði sjónauka og beindi honum að himintunglunum. Hann var fyrstur manna til að birta niðurstöður vísindalegra athugana á himintunglum gegnum kíki. Hann sá meðal annars höf og fjöll á tunglinu og uppgötvaði fjögur stærstu tungl Júpiters, og þau hafa síðar verið kölluð Galileó-tunglin.

Hann setti einnig fram kenningar um sólbletti og lenti í deilum við ýmsa sem mótmæltu því sem hann hélt fram enda stönguðust hugmyndir hans á við heimsmynd Aristótelesar og kirkjunnar. Helstu vandræði Galileos sköpuðust þó við það að hann lýsti yfir stuðningi við sólmiðjukenningu Kópernikusar. Hann fékk áminningu frá kirkjunni og var síðar dreginn fyrir rannsóknarréttinn í Róm sem dæmdi hann í lífstíðarfangelsi fyrir villutrú. Hann var fundinn sekur árið 1633 og dæmdur í lífstíðarfangelsi en vegna aldurs og slæmrar heilsu mátti hann sitja dóminn af sér í stofufangelsi og gerði hann það hjá vini sínum Piccolomini erkibiskupi í Síena.

### MERKISATBURÐIR

1297 Mónakó fær sjálfstæði.
1895 Fyrsta kvennablaðið á Íslandi, Framsókn, hefur göngu sína á Seyðisfirði.
1912 Afríska þjóðarþingið er stofnað.
1926 Abdul-Aziz ibn Saud verður konungur af Hejaz og endurnefnir ríkið Sádi-Arabíu.
1962 Hið fræga málverk Mona Lisa eftir Leonardo da Vinci er sýnt í Bandaríkjunum í fyrsta skipti.
1965 Sigríður Sigurðardóttir handknattleikskona er kosin íþróttamaður ársins fyrst kvenna.
1989 Fjörutíu og sjö láta lífið í Kegworth-flugslysinu í Leicestershire í Englandi og 74 slasast alvarlega.

# Trén sótt heim

Dagana 8.-12. janúar bjóða starfsmenn Framkvæmdasviðs íbúum borgarinnar að sækja jólatréð þeirra.

Íbúar eru beðnir að setja jólatré á áberandi stað við lóðamörk og ganga þannig frá þeim að sem minnstar líkur séu á að þau fjúki. Fjúkandi jólatré geta valdið skemmdum.

Eftir að átakinu lýkur geta íbúar losað sig við jólatré á gámastöðvum Sorpu.

Íbúar eru einnig hvattir til að hreinsa upp flugeldarusl í nágrenni sínu og hjálpast þannig að við að halda borginni hreinni.

Þeir sem vilja koma ábendingum eða óskum til hverfisstöðva geta haft samband við Reykjavíkurborg í síma 4 11 11 11.



**JÓLIN ERU LIÐIN** Kominn tími til að losa sig við trén og taka á móti hækkandi sól.



**SJÁLFBÆR ÞRÓUN EINA VITIÐ** Þuríður Backman telur að ef mannkynið ætli að lifa af þá þurfi að huga að sjálfbærri þróun. Á sunnudaginn verður hún með málþing á Egilsstöðum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**ÞURÍÐUR BACKMAN ÞINGMAÐUR:** FAGNAR 60 ÁRA AFMÆLI

# Hlakkar til framtíðarinnar

„Þegar litið er um öxl þá er einna efst í huga hvað tíminn hefur liðið fljótt og hversu gæfusamur maður hefur verið í lífinu,“ segir Þuríður en hún hefur lengi tengst stjórnmálum og starfað við þau á einn eða annan hátt. Nú situr hún á þingi fyrir vinstri græna. „Það hefur bæði verið mjög gefandi og mikil lífsfylling sem og áskorun. Þetta hefur allt verið eitt ævintýri. Ég var farin í pólitík löngu áður en ég gerði mér grein fyrir að ég væri í pólitík,“ segir Þuríður kímin og bætir við: „Ég hef verið meira og minna í pólitík frá 1978 en það sem dreif mig inn núna og í forysturaðir vinstri grænna er sú hugmyndafræði sem framboð vinstri grænna byggir á. Það er hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar bæði til efnahagslegrar og félagslegrar þróunar og umhverfisvernd.“

Þuríður segir að sínar hugmyndir hafi í raun lengi byggt á sams konar hugmyndafræði án þess að hún hafi verið búin að staðsetja sig í pólitíkinni. „Það er ekki fyrr en farið er að skilgreina hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar að ég átta mig á því hvar ég stend. Það varð til þess að ég ákvað að halda áfram en ég hafði tekið ákvörðun um að hætta eftir að ég var í forystu í sveitarstjórn fyrir Alþýðubandalagið. Ég var oddviti í sveitarstjórn á Egilsstöðum frá 1994-1998 og ætlaði að láta það gott heita og snúa mér að minni vinnu sem er hjúkrun og fræðslustarf,“ útskýrir Þuríður, en skjótt skipast veður í lofti og þegar þessi nýja hreyfing kom fram var ekki aftur snúið að sögn Þuríðar.

„Hvað framtíðina varðar þá er þetta í raun það eina sem er. Ef mannkynið ætlar að lifa af þá þurfa fleiri að aðhyllast þessa hugmyndafræði og lifa og vinna samkvæmt henni. Ef þetta verður ekki öflug alheimshreyfing þá á mannkynið og líf hér á jörðu mjög erfitt uppdráttar.“

Þuríður mun halda afmælisdaginn hátíðlegan í veislusalnum Ými. „Fram að þessu hef ég haldið upp á þessa stóru tugi á minn hátt með heimaveislum. Nú ætla ég hins vegar að fara út fyrir heimilið og halda afmæli fyrir nánustu ættingja og vini í Ými í kvöld. Ég tek á móti gestum og hef þar smá fræðslu,“ segir Þuríður íbyggin en vill þó ekki láta meira uppi um hvað verður í boði þar sem það á að koma á óvart. „Síðan verð ég með málþing austur á Egilsstöðum á sunnudaginn um málefni mér tengd og hugleikin,“ segir Þuríður en þar verður rætt um sjálfbæra þróun. „Ég hef fengið Stefán Gíslason umhverfisstjórnunarfræðing sem er í forsvari fyrir sjálfbæra þróun sveitarfélaga til að vera með erindi og auk hans tala Salvör Jónsdóttir skipulagsfræðingur og Helgi Hallgrímsson náttúrufræðingur sem verður með erindi og myndasýningu,“ útskýrir Þuríður og bætir við að þar að auki verði tónlistaratriði og veitingar. Það er því ljóst að Þuríður lætur ekki deigan síga og hefur ákveðið að halda upp á afmælið eins og henni einni er lagið. „Á þessum tímamótum horfir maður í senn til baka og fram á veginn og ég vil nota tækifærið og þakka minni fjölskyldu og samferðafólki þann spöl sem kominn er og ég hlakka til að takast á við framtíðina. Það er ekki dónalegt í þessum góða hópi og ekki kvíðvænlegt,“ segir Þuríður sem horfir björtum augum fram á veginn.

**hrefna@frettabladid.is**



†

*Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Svava Guðrún Eiríksdóttir**
Tindaflöt 8, Akranesi,

lést á Sjúkrahúsi Akraness miðvikudaginn 2. janúar. Útförin fer fram frá Akraneskirkju föstudaginn 11. janúar kl. 14.00.

**Guðjón Pétursson**
**Björgvin Guðjónsson** **Sólrún Hulda Ragnarsdóttir**
**og ömmubörn.**



†

*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda vináttu og samúð vegna andláts og útfarar elskulegrar systur okkar, mágkonu og frænku,*

**Guðrúnar Elsu Erlendsdóttur**
Vesturgötu 102, Akranesi.

sérstakar þakkir til starfsfólks sambýlisins á Vesturgötu 102 fyrir einstaka umhyggju og velvild.

**Þorvarður Ellert Erlendsson** **Áslaug Valdimarsdóttir**
**Hafsteinn Erlendsson,**
**Birgir Þór Erlendsson**
**og aðrir aðstandendur.**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Arndís Theódórs**
Stórási 9, Garðabæ, áður Dalseli 6, Reykjavík,

verður jarðsungin frá Háteigskirkju fimmtudaginn 10. janúar kl. 11.00

**Borgar Skarphéðinsson** **Sesselja Svavarsdóttir**
**Guðmar Guðmundsson** **Karitas Sigurðardóttir**
**Hólmfríður Guðmundsdóttir** **Sveinn Ingi Sigurðsson**
**barnabörn og langömmubörn.**



†

*Hjartkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Stefán Hermann Eyfjörð Jónsson**
Dalbraut 14, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Langholtskirkju í dag kl. 13.00.

**Þórey Gísladóttir**
**Jón Bjarni Eyfjörð Stefánsson** **Svanborg Oddsdóttir**
**Elís Stefán Eyfjörð Stefánsson** **Sigríður Albertsdóttir**
**Jóna Gísley Eyfjörð Stefánsdóttir** **Geirmundur Geirmundsson**
**afabörn og langafabörn.**



†

*Elskulegur eiginmaður minn og besti vinur, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Björn Eiríksson**
bifvélavirki, Urðarbraut 11 Blönduósi,
,

lést á Heilbrigðisstofnuninni Blönduósi 4. janúar sl. Útför hans fer fram frá Blönduóskirkju föstudaginn 11. janúar kl. 13.00.

**Alda S. Theódórsdóttir**
**Vigdís Björnsdóttir** **Albert Stefánsson**
**Eiríkur Ingi Björnsson** **Kristín Guðmannsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# Biðtíminn styttur á Suðurnesjum

Ný þjónusta var tekin upp við Heilbrigðisstofnun Suðurnesja frá og með ársbyrjun.

Þetta eru, að því sem fram kemur í tilkynningu frá stofnuninni, tímamót í þjónustunni þar sem biðtími styttist verulega í hraðmóttöku en einnig mun styttast biðtími í móttöku á heilsugæslu stofnunarinnar.

Um er að ræða eins konar hraðmóttöku á dagvinnutíma þangað sem fólki er beint sem á við „skammtímavandamál“ að etja. Með því er átt við fólk sem er ef til vill að kljást við flensu, sýkingar eða eitthvað þess háttar sem hægt er að greina fljótt og veita viðeigandi meðferð. Hraðmóttakan er opin á dagvinnutíma frá kl. 08-16 og hægt að panta tíma samdægurs.

Tekið er á móti pöntunum í síma 422-0500.

Sigurjón Kristinsson, yfirlæknir á Heilsugæslustöðinni, sagði í samtali við Víkurfréttir að með þessu sé verið að breyta skipulaginu og auka við þjónustu til að hægt sé að sinna fleiri sjúklingum. Sigurjón bætir því við að nýlega hafi verið gerð könnun á biðtíma á læknavaktinni og kom þar í ljós að meðalbiðtími á biðstofu til læknis á Heilbrigðisstofnuninni er um 45 mínútur. „Núna er ástandið þannig að af heildarfjölda þeirra sem leita á heilsugæsluna koma sextíu prósent á vaktina en fjörutíu prósent á dagvinnutíma og því erum við að reyna að snúa við. Með þessu nýja fyrirkomulagi miðum við að því að sinna 28 sjúklingum aukalega á dag og 140 á viku. Þannig styttum við biðtíma eftir viðtali við lækna verulega.“

Sigríður Snæbjörnsdóttir, forstjóri HSS, segir jafnframt í tilkynningu að með þessari bættu þjónustu væri vonast til að hægt væri að mæta þörfum skjólstæðinga enn betur og fyrr.

Einnig benti hún á að óvíða væri styttri biðtími eftir bráðaþjónustu heldur en Heilbrigðisstofnun Suðurnesja byði upp á núna. Auðvitað væru þó undantekningar frá þessu, eðli málsins samkvæmt, því stærri slys og meiri veikindi fengju alltaf forgang.




**STYTTRI BIÐTÍMI** Heilbrigðisstofnun Suðurnesja hefur opnað hraðmóttöku á dagvinnutíma.

## AFMÆLI



**ÞORGRÍMUR ÞRÁINSSON RITHÖFUNDUR ER 49 ÁRA.**



**ELÍAS SNÆLAND JÓNSSON RITHÖFUNDUR ER 65 ÁRA.**



**DAVID BOWIE TÓNLISTARMAÐUR ER 61 ÁRS.**



**STEPHEN HAWKING EÐLISFRÆÐINGUR ER 66 ÁRA.**

# Fimmtán ár frá fyrsta SMS-inu

Rétt rúmlega fimmtán ár eru nú liðin frá því að farsímanotandi á almennum markaði fékk í fyrsta skipti sent SMS-smáskilaboð í símann sinn.

Neil Papworth notaði þá tölvuna sína til að senda vini sínum Richard Jarvis skilaboð sem innihéldu þá einföldu kveðju „Gleðileg jól“.

Richard þessi var að vísu forstjóri Vodafone í Bretlandi og var staddur í jólagleði starfsfólks þegar hann fékk skilaboðin frá Neil sem var þá ungur tölvuverkfræðingur. Einhverja lukku hefur SMS-ið vakið þar sem Neil Papworth þessi hefur nú unnið sig til mikilla metorða innan fyrirtækis síns. Tölvuvísindamenn höfðu allt frá árinu 1980 spekúlerað í því hvort ekki væri sniðugt að geta sent texta í og á milli síma. Sérfræðingarnir töldu að SMS gæti verið sniðug leið til að tilkynna farsímanotendum að þeir hefðu fengið skilaboð í talhólfið sitt eða til að senda þeim hvers kyns upplýsingar. En þá óraði ekki fyrir því að SMS yrði vinsæl leið til daglegra samskipta. Þeir gerðu sér ekki grein fyrir því hve tal og ritun eru ólík- ir samskiptamátar. Helsti styrkleiki smáskilaboða sem tjáningarmáta er sá að þau geta komið einföldum upplýsingum öruggega og möglunarlaust frá sér. Einnig höfða þau til þeirra sem eru feimnir og auðvelda fólki að tjá sig þegar það er ekki sérlega stemmt fyrir mannleg tjáskipti.



**SMÁSKILABOÐABYLTINGIN FÓR HÆGT AF STAÐ.**

Smáskilaboðabyltingin fór þó hægt af stað. Tölur bresks símafyrirtækis sýna að árið 1995 sendu gemsanotendur að meðaltali 0,4 skilaboð á mánuði. Í þá daga var það mun flóknara, það þurfti að stilla símann sérstaklega og ekki var hægt að senda hverjum sem var. En eftir að kerfið var einfaldað, viðmótið í símunum gert þægilegra og verðskráin lækkuð fór þetta allt saman að rúlla. Árið 2000 sendi hver farsímanotandi að meðaltali 35 skilaboð á mánuði og nú til dags er fjöldinn hreinlega óteljandi.

---

†

*Þökkum auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og jarðarför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Hjalta Ragnarssonar**

vélfræðings, Ársölum 1, Kópavogi.

Útför hans fór fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 19. desember 2007. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á Hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð fyrir einstaka umönnun og umhyggju.

**Sigríður E. Konráðsdóttir**
**Konný R. Hjaltadóttir** **Óskar Guðjónsson**
**Hjalti Heiðar Hjaltason** **Margrét Jónsdóttir**
**Sigurður Ingvar Hjaltason** **Magnea Helga Magnúsdóttir**
**Aðalheiður Íris Hjaltadóttir** **Árni Árnason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

**Sigfús Ingimundarson**

húsasmíðameistari

sem lést að morgni 22. desember á Hrafnistu í Hafnarfirði verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði föstudaginn 11. janúar kl. 13.00.

**Unnur Elísdóttir**
**Bryngeir Sigfússon** **Ásta Margrét Kristinsdóttir**
**Jónas R. Sigfússon** **Hrafnhildur Óskarsdóttir**
**Guðni B. Sigfússon** **Anna M. Björndótir**
**Ingólfur A. Sigfússon** **Wenche Raknes**
**Örn Sigfússon**
**Ingimundur Sigfússon** **Hjördís Árnadóttir**
**Sigurjón B. Sigfússon**
**barnabörn, barnabarnabörn og aðrir aðstandendur.**

---



†

*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Adda Sigurlína Hartmannsdóttir**

Sæbólsbraut 28, Kópavogi.

lést á heimili sínu 2. janúar síðastliðinn. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju fimmtudaginn 10. janúar kl. 13.00.

**Halldór Ólafsson**
**Anna María Halldórsdóttir**
**Ólafur Halldórsson** **Anna Sigríður Pálmadóttir**
**Logi Halldórsson** **Guðfinna Brynjólfsdóttir**
**Hartmann Páll Halldórsson**
**Ásdís Halldórsdóttir** **Magnús Þór Hrafnkelsson**
**Auður Halldórsdóttir** **Jens Letager**
**og barnabörn.**

---



†

*Þökkum samúð og vinarhug við andlát og útför okkar ástkæru*

**Auðar Halldóru Jónsdóttur.**

Einnig viljum við þakka starfsfólki Reynihlíðar á Dvalarheimilinu Hlíð fyrir góða umönnun.

**Sverrir Hermannsson**
**Jón Ásmundsson**
**Auður Elva Jónsdóttir** **Snæbjörn Magnússon**
**Guðrún Lilja Jónsdóttir** **Sigurður Sigurðsson**
**Sverrir Már Jónsson**
**Birkir Már, Katrín og Nói.**

---



†

*Elskulegur sonur okkar og bróðir,*

**Jón Gunnar Stefánsson**

Gullsmára 1, Kópavogi,

lést á heimili sínu hinn 3. janúar 2008. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju fimmtudaginn 10. janúar kl. 11.00.

**Þorgerður Gylfadóttir** **Stefán V. Jónsson**
**Rebekka Stefánsdóttir**
**Rut Stefánsdóttir** **Helgi Magnússon**
**Sigrún Sif Stefánsdóttir** **Ólafur Harðarson**

---



†

*Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð við andlát og útför*

**Ásrúnar Benediktsdóttur**

frá Vöglum, Eyjafjarðarsveit.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á deild A-6 á Landspítala í Fossvogi og einnig starfsfólki á Hlaðhömrum, Mosfellsbæ, fyrir góða umönnun.

**Fyrir hönd aðstandenda.**

**Auður Benediktsdóttir**
**Helga Tryggvadóttir**

---



†

*Elskulegi eiginmaðurinn minn*

**Indriði Jónsson**

frá Bolungarvík,

er látinn. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey. Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu mér samúð og hlýju við andlát og útför eiginmannsins míns.

**Edith K. Jónsson.**

---



†

*Útför bróður okkar,*

**Gísla Eyjólfssonar,**

Frá Sandgerði, Aflagranda 40,

verður frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 10. janúar kl. 13.00.

**Gyða Eyjólfsdóttir**
**Ása Eyjólfsdóttir**

---



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Halldóra Kr. Björnsdóttir**

Nónvörðu 2, Keflavík,

verður jarðsett frá Keflavíkurkirkju í dag, 8. janúar kl. 14.00.

**Loftur Hlöðver Jónsson**
**Kristján Már Jónsson**
**Ragnhildur Jónsdótttir** **Kristmundur Árnason**
**Ásta Margrét Jónsdóttir** **Sigurður H. Jónsson**
**Dóra Birna Jónsdóttir** **Hermann Waldorff**
**barnabörn, barnabarnabörn.**



# Kranamaður

Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf óskar eftir að ráða mann á krana.

Nánari upplýsingar veitir Eyþór í síma 693-7382

BYGG
Byggingarfélag Gylfa og Gunnars
Borgartún 31. 105. Reykjavík.
www.bygg.is

NÆTURVAKTIN
Á DVD




2 skemmtilegri
sena
okkar heimur // þín skemmtun





## STUÐ MILLI STRÍÐA: Britney og Bratz

**FREYR GÍGJA GUNNARSSON** VILL KEN OG BARBIE AFTUR Á TOPPINN



Fyrir tæpri hálfri öld uppgötvaði bandaríska athafnakonan Ruth Handler að dóttur hennar fannst fátt jafn skemmtilegt og að breyta pappaafgöngum í lifandi fólk og lifa sig inn í heim hinna stóru og fullorðnu. Handler varð ljóst að á meðan drengir fengu kúrekabyssur og leikfangabíla gátu stúlkur eingöngu leikið sér með dúkkur í líki smábarna, sennilega vegna þess að tíðarandinn taldi það frumhlutverk konunnar að kunna þá kúnst upp á tíu að meðhöndla ungabörn. En Handler sætti sig ekki við dúkkuskort dóttur sinnar og setti á markað fígúru sem síðar átti eftir að breyta heiminum, nefnilega Barbie.

Og þótt ljóshærða dúkkan hafi stundum farið fyrir brjóstið á kvenréttindasinnum og femínistum sökum staðlaðs útlits – ljóst hár og stór barmur og á köflum djarfur klæðaburður – þá er Barbie fyrirbæri í hinum vestræna heimi. Hún hefur tekið tillit til ólíks litarafts og jafnvel keypt sér föt að hætti kvenna í Mið-Austurlöndum. Umburðarlyndið, sem skortir víst í dag, hefur aldrei verið af skornum skammti hjá Barbie. Þá hefur mitti hennar meira að segja verið breikkað þannig að hún yrði ekki sökuð um að vera vond fyrirmynd hvað vaxtarlag varðar.

Barbie hefur hins vegar, þrátt fyrir góðan vilja, mátt þola hæðni og mótlæti allan þann tíma sem hún hefur staðið þæg og góð í leikfangabúðum. Verið sögð ala á órökstuddum draumórum ungra stúlkna um Barbie-hús og Ken að ógleymdum Barbie-bílnum. En þeir sem hafa viljað sjá stúlkuna hennar Handler standa í björtu báli skyldu minnast þeirra dúkka sem ungar stúlkur í dag grátbiðja um í jólagjöf, dúkkur sem skreyta sig með jafn efnislitlum fötum og hórurnar í Amsterdam og minna einna helst á Britney Spears á vondum degi. Enda verða örlög þeirra eflaust hin sömu og hjá þeirri ólánsömu táningsstjörnu – sem var tjóðruð niður í sjúkrabíl, uppdópuð á róandi lyfjum fyrir hesta. Barbie átti þó sinn mann, ólíkt Bratz sem virðist ekki vita í hvorn fótinn hún á að stíga.

# myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Skáldmóðir dóttir Írlands

Hvaðan fékk Egill skáldskapargáfu sína og hvar lærði hann galdur? Svarið er að finna í nýju verki sem frumsýnt var á Landnámssetrinu í Borgarnesi um helgina. Þetta er fyrsta leikrit Brynhildar Guðjónsdóttur sem jafnframt fer með öll hlutverk þess.

Verkið fjallar um líf írskra þræla á Íslandi og þeirra hlutverk í íslenskri menningu og bókmenntum. Brák er írsk ambátt sem falið er að ala upp Egil Skallagrímsson sem síðar verður eitt mesta skáld Íslendinga á víkingaöld.

Faðir hans og afi voru báðir varúlfar og Agli kippti í kynið, þannig að ekki var nú auðvelt að ala upp slíkan mann en það gerði Brák fyrst og fremst með því að kenna honum írska ljóðlist, sem nýttist honum síðar á öllum alvarlegustu stundum lífsins.

Hér er um heilsteypt verk að ræða og að baki liggur gífurleg rannsóknarvinna í leitinni að írsku áhrifunum sem eru mikil með hliðsjón af því sem íslensk erfðagreining hefur staðfest að keltneskar konur voru 63% allra landnámskvenna. Hverjar voru svo þessar þrælakonur og hvað hugsuðu þær? Því svarar Brynhildur í frumraun sinni í þessu tímamótaverki, Brák.

Ofurhetja Brynhildur heillar áhorfendur upp úr skónum með látbragði, leikni og meistaralegum hljóðum. Hún leggur af stað í hina miklu för frá Noregi til Íslands en fer fyrst létt með að brytja niður 50 manns á þremur skipum og lágu líkin út um allt í fantagóðri mynd sem henni tekst að bregða upp í byrjun.

Brynhildur velur svipað form og Benedikt Erlingsson fylgdi í sinni uppfærslu af Mr. Skallagrímsson. Formið og umgjörðin er það sem tengir og minnir sýningarnar hvora á aðra – allt annað er gerólíkt, enda annað sjónarhorn og annað markmið.

Brynhildur á einstaklega létt með að smeygja sér í og úr gervum og var hrein unun að hlusta á hana tala ýkta írsku þegar hún var að lýsa því fólki sem óttaðist hinn norræna drekaskríl sem mætti til þess að ræna fólki. Það sem henni tekst í þessu tveggja tíma leikverki, ferðalagi um bernsku Egils Skallagrímssonar, fyrir utan að glæða Þorgerði Brák lífi, er að stökkva inn í gervi flestra sem á vegi hennar verða og það með hvaða látbragði og tungumáli sem er.

Brynhildur er pólýglott, það er margtyngd. Hún hefur svo gott eyra og frábæran framburð að það er engu líkara en að nýtt tungumál sé bara eins og að læra nýtt lag. Þetta hlýtur að vera í fyrsta sinn í íslensku leiklistarsögunni að töluð er gelíska hér á sviði? Það mál sem líklega var samskiptamál mæðra og barna hér í öndverðu. Það sem við fáum út úr þessari sýningu er líka nýtt lag, nýtt lag sem er þó svo gamalt. Vísa eða ballaða sem Brák syngur fyrir Egil en var í raun írsk og að því er fram kom í verkinu þegar sungin 400 árum fyrir landnám Íslands.

Í lífi hverrar hetju er alltaf örlagavaldur. Egill Skallagrímsson er hetja fornsagnanna, að vísu svolítið ofbeldishneigður, svolítið ljótur og kannski ekki húsum hæfur eins og þar stendur, en engu að síður eitthvað sem landinn stærir sig af; hann er hetjan okkar. Hann kunni að yrkja þótt skrímsl væri af varúlfaættum og var ekkert að bíða eftir því að verða fullorðinn til þess að ná tökum á listinni, hann var okkar Mozart, okkar undrabarn, okkar haldreipi í baráttunni við að búa okkur til rætur. Barn sem samkvæmt Brák vó 27 merkur við fæðingu, einstaklega höfuðstór strákur, reyndar komið fram síðar að hann hefði verið með sjúkdóm svipuðum þeim og hinn frægi fílamaður þjáðist af.

Í Egilssögu eru aðeins ellefu línur um þessa merku konu. Egill ku hafa verið óalandi og óferjandi. Hinni fjölvitru fóstru tókst að ná til hans betur en öðrum og hugsanlega var það hennar verk að hann varð skáld.

Brynhildur nýtir sér dægurmál og hreyfimynstur samtímans eins og þegar hún sat og snyrti táneglurnar í líki Beru eða hökti um með göngugrind sem Gunnhildur gamla Noregsdrottning eða kom Skallagrími fyrir í lazyboy allt með stórkostlegu látbragði sem minnti helst á dóttur Chaplins á Listahátíð um árið.

Lýsingin var einkar hugljúf. Það er ekki auðvelt að breyta miklu í þessu leikrými þannig að allt ferðalagið er í gegnum leikinn, tóna og hljóð úr hennar eigin barka og lýsingu. Búningur ambáttarinnar var smart, gaf skírskotanir í margar áttir. Bæði tötrar og skrautklæði í senn og notkun lita meiri en við höfum átt að venjast í grámyglulegu kuflunum sem fornmennirnir eru iðulega látnir birtast í. Ýmis leiktæknileg atriði minntu á klippingar úr kvikmyndum eins og þegar hún í lokin fórnar sér, fórnar lífi sínu fyrir fósturson sinn, og birtist eins og í sama myndskeiði aftur og aftur.

Hér hafa þau Atli Rafn unnið vel saman og líklega verða þau ansi mikið uppi í Borgarfirði næstu sumur því þessari fjölkunnugu fóstru eiga flestir eftir að vilja kynnast.

**Elísabet Brekkan**



BRYNHILDUR GUÐJÓNSDÓTTIR LEIKKONA SEM ÞORGERÐUR BRÁK

**LEIKLIST**

**Brák**

**Höfundur og leikari:** Brynhildur Guðjónsdóttir. **Búningur:** Þórunn María Jónsdóttir. **Tónlist:** Pétur Grétarsson. **Leikmynd:** Stígur Steinþórsson. **Ljósahönnun:** Jóhann Bjarni Pálmason. **Leikstjóri:** Atli Rafn Sigurðarson

★★★★

Frábær sýning!


ÁST
SÖNGLEIKUR EFTIR GÍSLA ÖRN GARÐARSSON OG VÍKING KRISTJÁNSSON
Í samstarfi við Vesturport
11. janúar
19. janúar
25. janúar
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is


Gleðilegt ár!

Kennsla hefst 14. janúar
Innritun og upplýsingar í síma 561 5620 frá kl. 12-17
www.schballett.is


BALLETTSKÓLI Eddu Scheving
Safnaðarheimili Háteigskirkju
Háteigsvegi • Sími 552 5620
Félag íslenskra listdansara

LAGERHREINSUN
45% afsláttur af baðinnréttingarskápum með vaski og spegli
60 cm – áður 24.628, verð nú 16.863.
80 cm – áður 34.889, verð nú 23.889.
30% afsláttur af Irsap handklæðaofnum og Lundia hillum
RÝMI
Háteigsvegur 7 · Reykjavík · 511 1100 · www.rymi.is
PIPAR • SÍA • 80005

## > GOTT ÁR FYRIR KATE

Kate Moss tvöfaldaði tekjur sínar á árinu sem nú er liðið, miðað við árið 2006. Fatalína fyrirsætunnar fyrir Topshop átti sinn þátt í því, ásamt herferðum fyrir Versace, Burberry og Calvin Klein. Kókaínskandallinn frá árinu 2005 virðist því gleymdur og grafinn og gott betur en það.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Garðar Cortes í írsku óperunni

Mikla grein og viðtal við Garðar Thor Cortes má finna í sunnudagsblaði hins írska Independent. Útgangspunkturinn er miklir tónleikar sem verða með Garðari og írsku sinfóníuhljómsveitinni í National Concert Hall í Dublin nú í vikunni.

Írski blaðamaðurinn Evan Fanning dregur hvergi af í skrifunum og segir Garðar næstu stórstjörnu óperuheimsins: „Farðu frá, Domingo, þú líka, Carreras. Ísmaðurinn Garðar Thor Cortes er kominn á kortið.“

Fanning greinir frá því að Cortes sé með MySpace-síðu sem sé fremur einkenni poppara og rokkara en klassískra söngvara. Á síðunni séu Katherine Jenkins og Myleene Klass á topplista yfir sérstaka vini Cortes. Og Fanning greinir frá því að Newsweek hafi brennimerkt Garðar Thor sem manninn sem syngur eins og Pavarotti en lítur út eins og Brad Pitt. Hvort sem Garðari Thor líki betur eða verr. Garðar reynir reyndar að draga úr þessari einkunn í viðtalinu.



**GARÐAR THOR CORTES** Ísmaðurinn er kominn á kortið samkvæmt hinu írska Independent.

Samvinna Garðars og tónlistarmógúlsins Einars Bárðarsonar, sem sagður er hinn íslenski Simon Cowell í greininni, er tíunduð. Og þangað leitar Fréttablaðið nánari upplýsinga:

Einar greinir frá því að þeir séu nú að undirbúa næstu plötu, „enda mikið vatn runnið til sjávar síðan efni á fyrstu plötuna var valið. Þrjú ár liðin. Líklega verður meira um óperutónlist á næstu plötu en þeirri fyrri án þess að hún verði of kröfuhörð við hlustendur“.

Þegar hefur verið ákveðið að Kiri te Kanawa muni syngja dúett með Garðari á plötunni auk þess sem verið er að leita eftir stórstjörnu úr poppgeiranum til að syngja á henni einnig. - jbg

# Björgvin til í allt

„Ég er til í allt, ef það er hæfilega „wild“ og snyrtimennskan er í fyrirrúmi,“ segir stórsöngvarinn Björgvin Halldórsson. Bubbi Morthens lýsti því yfir á tónleikum sínum með Stórsveit Reykjavíkur í Laugardalshöll að nú ætti hann aðeins nokkra hluti eftir ógerða og meðal þeirra væri að syngja með Bó. Björgvin útilokar ekki að þetta gæti orðið að raunveruleika, þeir hafi jú svo sem sungið saman áður. „Við komum fram saman fyrir mörgum árum, ég spilaði á munnhörpu og við tókum blús á tónleikum hans í Austurbæjarbíói,“ segir Björgvin sem var meðal gesta í Laugardalshöllinni á laugardaginn og hlustaði á Bubba. Og þótti hann fínn.

„Við sungum líka saman í víðfrægu afmæli Ólafs Ólafssonar þar sem Elton John stal senunni, einmitt með Stórsveit Reykjavíkur. Og Bubbi var alveg ótrúlega hrifinn af þessu þá. Eflaust hefur þessi hugmynd kviknað þar,“ útskýrir Björgvin en þar tróðu þeir upp ásamt Kristjönu Stefánsdóttur. Björgvin viðurkennir hins vegar að þeir hafi ekki komið fram saman í jafn stórum sal og Laugardalshöllinni en miðað við aðsóknina má telja víst að hægt væri að fylla Þjóðarhöllina í það minnsta sjö sinnum. - fgg



**BARA BÓ EFTIR** Bubbi sagðist núna bara eiga nokkra hluti eftir ógerða, meðal þeirra væri að syngja með Bó.



**REIÐUBÚINN** Björgvin er til í að syngja með Bubba á stórtónleikum.






# Fámennt á Golden Globe í ár

**Golden Globe-verðlaunahátíðin gæti orðið með ansi óhefðbundnu sniði í ár. Leikarar styðja við bakið á handritshöfundum og hyggjast margir hverjir sniðganga verðlaunahátíðina.**

Golden Globe-verðlaunahátíðin er ein þriggja stærstu hátíða á þessu sviði vestanhafs, ásamt Óskarsverðlaunahátíðinni og Screen Actors Guild-verðlaununum. Golden Globe ýtir verðlaunavertíðinni úr vör, en henni lýkur með afhendingu Óskarsverðlaunanna 24. febrúar næstkomandi. Ef ekki leysist úr verkfalli handritshöfunda í Hollywood gæti vertíð ársins orðið óvenjuleg um margt, en um sjötíu tilnefndir leikarar hafa nú þegar lýst því yfir að þeir hyggist ekki mæta á Golden Globe-hátíðina næstkomandi sunnudag. Þeir vilja þannig styðja handritshöfunda í Hollywood, sem hyggja á mótmælaaðgerðir við rauða dregilinn.

Á meðal leikara sem ætla að gera fjarveru sína gildandi á sunnudag eru stjörnur á borð við Juliu Roberts, Keiru Knightley og Johnny Depp, ásamt George Clooney, John Travolta, Denzel Washington og Cate Blanchett. Keira hefur enn betri ástæðu en aðrir leikarar til að styðja við bakið á samstarfsmönnum sínum í iðnaðinum, því móðir hennar, Sharman MacDonald, er leikskáld.

Talsmaður Samtaka leikara í Hollywood lýsti því yfir fyrir helgi að eftir umtalsverðar umræður hefðu leikarar tilnefndir til Golden Globe-verðlaunanna og umboðsmenn þeirra, komist að samkomulagi um að leikarar myndu virða verkfall handritshöfunda og sniðganga hátíðina.

Screen Actors Guild-verðlaunin fylgja fast á hæla Golden Globe, en afhending þeirra fer fram 27. janúar. Samtök handritshöfunda hafa hins vegar veitt þeirri verðlaunahátíð undanþágu, og mega handritshöfundar því vinna við hana. Ástæðan er meðal annars mikill stuðningur leikarasamtakanna við verkfallið. Hvað verður á sjálfri Óskarsverðlaunahátíðinni, 24. febrúar næstkomandi, er enn óljóst. Líklegast er þó að þar verði svipað upp á teningnum og á Golden Globe.



KEIRA KNIGHTLEY



GEORGE CLOONEY



JULIA ROBERTS

## FÁTT UM STJÖRNUR Á GOLDEN GLOBE

George Clooney er tilnefndur til Golden Globe-verðlaunanna fyrir leik í aðalhlutverki, fyrir hlutverk sitt sem Michael Clayton í samnefndri mynd. Julia Roberts hlaut tilnefningu fyrir leik í aukahlutverki í Charlie Wilson's War, en Keira Knightley fyrir aðalhlutverkið í hinni margumræddu Atonement. Ekkert þeirra mun heiðra rauða dregilinn með nærveru sinni á sunnudag.

# Aniston leitar að sæðisgjafa



Jennifer Aniston ku nú leita logandi ljósi að mögulegum sæðisgjafa. Samkvæmt heimildum Femalefirst vill leikkonan óð og uppvæg eignast barn, og vill helst fá sæði að gjöf frá einhverjum vina sinna. Heimildarmaður sem þekkir leikkonuna segir hana orðna mjög áhugasama um að eignast barn, þar sem tíminn sé henni ekki í hag, en Aniston er 38 ára gömul. „Jen er að velta fyrir sér kostum karlkyns vina sinna, til að gera svo fljótlega upp við sig hver þeirra væri bestur í hlutverk sæðisgjafa,“ segir heimildarmaðurinn.

„Hún skoðar útlit, gáfur og persónuleika þar sem hún vill falleg og gáfuð börn til að fullkomna líf sitt. Þegar hún er búin að ákveða sig mun hún spyrja einhvern steinhissa piparsvein, og útskýra að hún vilji ekki hjónaband – bara börn!“ segir heimildarmaðurinn.

Á sæðisgjafalista leikkonunnar eru bæði Vince Vaughn og nýi kærastinn Jason Lewis, að sögn heimildarmannsins. „Þó að Jen hafi kannski orðið fráhverf hjónabandi eftir skilnaðinn frá Brad Pitt langar hana ennþá mjög mikið í fjölskyldu. Hún á fallegt hús með tilbúnu barnaherbergi, milljónir í bankanum og lista af ákjósanlegum mönnum – og hún mun bráðum velja einn til þess að verða faðir,“ segir heimildarmaðurinn.

**ÓÐ Í BÖRN** Jennifer Aniston ku nú leita að sæðisgjafa á meðal vina sinna. Hún vill eignast börn sem fyrst.

# Cruise næstæðstur

Leikarinn Tom Cruise er orðinn næstæðstur innan Vísindakirkjunnar. Þetta kemur fram í væntanlegri ævisögu Cruise, sem breski rithöfundurinn Andrew Morton skrifaði án samráðs við stjörnuna. Hann hefur áður skrifað bækur um Díönu prinsessu og Beckham-hjónin.

Í bókinni kemur fram að söfnuðurinn reiði sig svo mikið á frægð Cruise til að breiða út boðskap sinn að leikarinn sé nú talinn vera næstur leiðtoganum David Miscavige. Einnig segir í bókinni að kvikmyndaferill Cruise hafi verið byggður upp í kringum trúarbrögðin og að hann hafi valið eiginkonu sína, Katie Holmes, með tilliti til þess hvað hentaði Vísindakirkjunni best.



**CRUISE OG HOLMES** Leikarinn Tom Cruise er orðinn næstæðstur innan Vísindakirkjunnar samkvæmt bók Andrews Morton.

Lögfræðingur Cruise er ósáttur við ævisöguna og segir hana fulla af rangfærslum.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Hefðbundin útgáfa af plötu hljómsveitarinnar **Radiohead**, In Rainbows, fór beint á toppinn á breska vinsældalistanum sína fyrstu viku á lista. Platan var gefin út á netinu í október þar sem aðdáendur gátu ráðið hversu mikið þeir borguðu fyrir hana. Virðist það ekki hafa hægt á sölunni á þessari nýju útgáfu.



Fyrrverandi konungur poppsins, **Michael Jackson** ætlar að koma fram á þrjátíu tónleikum í O2-tónleikahöllinni í London síðar á þessu ári. Verða þeir hluti af fyrstu tónleikaferð Jacksons um heiminn í rúman áratug. Talið er að kappinn fái í sinn hlut um 120 milljónir króna fyrir hverja tónleika í London, eða alls um 3,6 milljarða króna. Prince hélt 21 sinni tónleika á sama stað í fyrra við miklar vinsældir.



Nýjasta mynd **Nicolas Cage**, National Treasure: Book of Secret, hélt toppsæti sínu yfir vinsælustu myndir Bandaríkjanna. Myndin hefur því setið á toppnum í þrjár vikur sem hlýtur að teljast viðunandi árangur. Í öðru sæti er hasarmynd Will Smith, I Am Legend, og í því þriðja er unglingamyndin Juno.



Leikkonan **Reese Witherspoon** er sú kvenkyns stjarna sem flestum konum líkar við. Kemur þetta fram í nýrri skoðanakönnun sem rúmlega eitt þúsund konur tóku þátt í. Í öðru sæti lenti Jennifer Aniston og í því þriðja varð Angelina Jolie. Næst á eftir komu Jennifer Lopez og Katie Holmes. Á hinum endanum bar Paris Hilton naumlega sigurorð af Britney Spears óvinsælasta stjarnan.





*mig vantar orðabók á netinu ...*
*núna !*
*hm ...*
*tic tic tic tic tic tic tic . tic tic*
*... auðvitað !* :-)

NÝTT Í BÍÓ!

Stórskemmtileg gamanmynd um fóstru hjá ríka liðinu í New York. En ekki er allt sem sýnist!

THE NANNY DIARIES
Dagbók fóstrunnar

I'M NOT THERE

Vinsælasta myndin á Íslandi í dag!

LÚXUS

ALVIN OG ÍKORNARNIR

LEGEND

RUN FATBOY RUN
HLAUPTU FITUBOLLA, HLAUPTU

HITMAN
★★★ VJV, TOPP5.IS

DAN IN REAL LIFE

WE OWN THE NIGHT

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 — 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE NANNY DIARIES | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | |
| THE GOLDEN COMPASS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 10 |
| THE GOLDEN COMPASS LÚXUS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | |
| ALVIN & ÍKORNARNIR | kl. 4 - 6 ÍSLENSKT TAL | |
| ALVIN & ÍKORNARNIR | kl. 8 - 10 ENSKT TAL | |
| HITMAN | kl. 8 - 10.10 | 16 |
| DUGGHOLUFÓLKIÐ | kl. 4 - 6 | 7 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000
450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

| | | |
|---|---|---|
| I'M NOT THERE | kl. 6 - 9 ótextuð | 12 |
| THE GOLDEN COMPASS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 10 |
| WE OWN THE NIGHT | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| RUN FAT BOY RUN | kl. 8 - 10.10 | |
| DAN IN REAL LIFE | kl. 5.45 | |

5%

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| THE NANNY DIARIES | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | |
| THE GOLDEN COMPASS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 10 |
| I AM LEGEND | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| WE OWN THE NIGHT | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| DUGGHOLUFÓLKIÐ | kl. 6 | 7 |

5%

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| THE NANNY DIARIES | kl. 8 - 10 | |
| THE GOLDEN COMPASS | kl. 8 - 10.10 | 10 |
| ALVIN & ÍKORNARNIR | kl. 6 ÍSL. TAL | |
| DUGGHOLUFÓLKIÐ | kl. 6 | 7 |

5%

AUKAKRÓNUR — FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM! — AUKAKRÓNUR

SAMbio.is SAMBÍÓIN
REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS

STÆRSTA ÆVINTÝRI VETRARINS ER UM ÞAÐ BIL AÐ HEFJAST.
NATIONAL TREASURE BOOK OF SECRETS
VINSÆLASTA MYNDIN Í BANDARÍKJUNUM Í DAG.

Beint á toppinn í USA.
LEGEND
mögnuð spennumynd

SÝND MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALI
TÖFRAPRINSESSAN
★★★ RVE - fbl

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| NAT. TREASURE 2 DIGITAL | kl. 5:30 - 8D - 10:40D | 12 |
| NAT. TREASURE 2 | kl. 8 - 10:40 | VIP |
| I AM LEGEND DIGITAL | kl. 5:30 - 8 - 8:20 - 10:30 - 10:40 | 14 |
| I AM LEGEND | kl. 5:30 | VIP |
| TÖFRAPRINSESSAN ÍSL TAL | kl. 5:30D | L |
| ENCHANTED M/- ENSK TAL | kl. 5:50 - 8:10 - 10:30 | L |
| BÝFLUGUMYNDIN M/- ÍSL TAL | kl. 5:30 | L |
| SIDNEY WHITE | kl. 8 | L |
| AMERICAN GANGSTER | kl. 10:40 | 16 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| NATIONAL TREASURE 2 | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| THE GOLDEN COMPASS | kl. 8 | 10 |
| SAW IV | kl. 10:20 | 16 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| NAT. TREASURE 2 | kl. 8D - 10:40D | 12 |
| I AM LEGEND | kl. 8D - 10:10D | 14 |
| TÖFRAPRINSESSAN ÍSL TAL | kl. 5:50D | L |
| ENCHANTED M/- ENSK TAL | kl. 5:50 - 8 | L |
| FRED CLAUSE | kl. 10:10 | L |
| BEOWULF Síðustu sýningar | kl. 5:50(3D) | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| NATIONAL TREASURE 2 | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| TÖFRAPRINSESSAN ÍSL TAL | kl. 6 | L |
| I AM LEGEND | kl. 8 - 10 | 14 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| NAT. TREASURE 2 | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| I AM LEGEND | kl. 8 - 10 | 14 |

Nýtt í bíó — LAUGARÁSBÍÓ — Sími: 553 2075 - bara lúxus

NICOLAS CAGE
NATIONAL TREASURE BOOK OF SECRETS

THE GOLDEN COMPASS
Viðskiptavinir, sem greiða með korti frá SPRON, fá 20% afslátt af miðaverði á myndina

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| NATIONAL TREASURE 2 | kl. 5, 8 og 10.30 | 12 |
| THE GOLDEN COMPASS | kl. 5, 8 og 10.15 | 10 |
| RUN FATBOY RUN | kl. 8 og 10 | L |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR - ÍSL TAL | kl. 6 | L |

# Trabant bíður eftir greddunni

„Við erum bara í pásu, höfum hvorki spilað né æft síðan 21. júní þegar við spiluðum á Seyðisfirði,“ segir Þorvaldur H. Gröndal, trommari í Trabant. Trabant hefur verið með vinsælli hljómsveitum landsins, en strákarnir létu síðast heyra frá sér á plötu árið 2005 þegar Emotional kom út og sló í gegn. Trabant var nokkuð á veg komin í meikharki í Englandi, lagið The One kom m.a. út hjá fyrirtæki Fatboy Slim, en Þorvaldur segir öll þau mál í biðstöðu.

„Er þetta ekki bara það sem gerist hjá öllum hljómsveitum á Íslandi,“ spyr hann. „Þær fara í pásu, en hætta aldrei. Kannski verðum við eins og Sálin, birtumst annað slagið með Sinfó eða Gospelkórnum. Nei, ég er að grínast.“



**ALVEG ÓÞARFI AÐ HJAKKA** Trabant kemur bara aftur þegar henni sýnist.

Meðlimir Trabant hafa nóg að gera þótt hljómsveitin sé í pásu. Viðar og Gísli Galdur hafa spilað með The Motion Boys upp á síðkastið, Hlynur sinnir klassíkinni, Ragnar Kjartansson er á kafi í myndlistinni og verður sem kunnugt er fulltrúi Íslands á Feneyjatvíæringnum árið 2009 og Þorvaldur vinnur hjá deCode.

„Það hefur ekkert verið ákveðið með framhaldið,“ segir Þorvaldur, „en við höfum verið að hringjast á og þreifa hver á öðrum. Það þýðir ekkert að hjakka endalaust bara til að hjakka og því má segja að við séum einfaldlega að bíða eftir greddunni. Við erum í þægilegri stöðu, það er engin pressa á okkur, engir bransakarlar að anda niður hálsmálið á okkur. Við komum bara aftur þegar við erum tilbúnir.“

# Söng fyrir Nelson Mandela

**Íslenski tónlistarmaðurinn Teddy Owolabi fékk á dögunum African Best-verðlaunin sem voru afhent í London við hátíðlega athöfn. Tók hann einnig lagið fyrir Nelson Mandela, Ken Livingstone, borgarstjóra London, og fleiri fyrirmenni.**

„Það kom mér mjög á óvart að vera valinn því ég vissi ekki að fólk væri mikið að fylgjast með mér úti í heimi. Ísland er heldur ekki mjög þekkt land en kannski er Myspace-síðan mín bara að virka svona vel,“ segir Teddy, sem flutti til Íslands frá Nígeríu fyrir tíu árum.



**TEDDY OWOLABI** Teddy með African Best-verðlaunin sem hann fékk í London.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**Leggur hart að sér**

Hann segir mikinn heiður að fá þessi verðlaun, sem hafa undanfarin ár verið afhent því fólki af afrískum uppruna sem þykir hafa skarað fram úr á hinum ýmsu sviðum mannlífsins. Hafa þau stundum verið nefnd hin afrísku MTV-verðlaun. „Þetta er mikil hvatning fyrir mig sem tónlistarmann. Ég hef lagt mjög hart að mér við að skapa mér nafn í tónlistinni. Það komu stundir þar sem ég var alveg við það að gefast upp en núna er ég búinn að læra að maður verður að leggja mjög hart að sér ef maður ætlar að ná langt í þessum bransa.“

**Taugastrekkjandi**

Að sögn Teddy var undarlegt að syngja fyrir framan Mandela og hin fyrirmennin í London. „Ég bjóst aldrei við að ég myndi nokkurn tímann syngja fyrir framan svona fólk. Ég hélt að þessir tónleikar yrðu smíðir í sniðum en þeir voru í raun þeir stærstu sem ég hef tekið þátt í. Þetta var mjög á óvart og var líka dálítið taugastrekkjandi. En þetta gekk vel og þeir eru búnir að hringja í mig og vilja fá mig til að syngja aftur á næsta ári.“

**Sólóplata á leiðinni**

Teddy er þessa dagana að vinna að sinni fyrstu sólóplötu sem kemur út með vorinu hjá eigin útgáfufyrirtæki. Á meðal samstarfsmanna hans eru bræðurnir Daði og Börkur Birgissynir sem áður voru í Jagúar og Valdimar Kolbeinn Sigurjónsson, bassaleikari Hjálma.

Til að kynna plötuna fór Teddy í tónleikaferð um heiminn síðasta sumar sem gekk vonum framar. Spilaði hann í Nígeríu, Suður-Afríku, Bandaríkjunum, Bretlandi og á Spáni. „Þú þarft að vinna þig á toppinn. Það er alltaf einhver annar þar sem þú vilt vera og þess vegna verður maður að standa sig,“ segir Teddy, sem er einnig að vinna að heimildarmynd um íslenskt tónlistarlíf.

Nánari upplýsingar um kappann má finna á www.myspace.com/djskinnyt. freyr@frettabladid.is

# Bjarkar-geðsjúklingur á eBay

Þó að Björk hafi á árinu 1996 verið á hátindi frægðarinnar var það engu að síður erfitt ár fyrir hana. Tvö atvik komust í heimspressuna; þegar Björk danglaði í blaðamann eftir langt ferðalag til Taílands og þegar geðveikur aðdáandi fargaði sér eftir að hafa sent henni sýrusprengju.

Geðveiki aðdáandinn var 24 ára Flórídabúi, Ricardo Lopez. Nú eru vídeódagbækur hans til sölu á eBay og er fyrsta boð 99,99 dalir. Alls eru þetta átján tímar á tíu diskum af Ricardo að blaðra og þrugla um Björk. Hann virðist hafa fengið hana fyrst á heilann þegar hún byrjaði að vera með tónlistarmanninum Goldie. Það að Björk væri með blökkumanni var of mikið fyrir veikt geð Ricardos.

Dagbækurnar eru frá níu mánaða tímabili og enda með því að Ricardo beinir skammbyssu að höfði sínu og hleypir af. Þá heldur hann að sýrusprengjan sem hann er búinn að póstleggja muni granda Björk. Svo fór auðvitað ekki og fyrir kaldhæðni örlaganna var Björk stödd skammt frá heimili Ricardos þegar hann batt enda á líf sitt. Þar að auki var hún löngu hætt með Goldie.



**VIDEÓDAGBÆKURNAR TIL SÖLU Á EBAY** Ricardo var með Björk á heilanum.

Seljandi videódagbókanna, Smooth331 í Flórída, tekur fram að myndefnið sé ekki fyrir viðkvæma enda áhrifamikill vitnisburður um þráhyggju, einangrun og geðveiki. Kæri sig einhver um að sjá styttri útgáfuna má benda á að danski leikstjórinn Sami Saif notaði dagbækurnar sem aðaluppistöðuna í 70 mínútna langa heimildarmynd, The Video Diary of Ricardo Lopez, sem kom út 1999.



**BRUGÐIÐ VIÐ FRÉTTIRNAR** Björk hefur aldrei viljað tala um málið en sendi foreldrum Ricardos blóm í jarðarför sonarins.

# Skiptibókamarkaður

## Office 1 Superstore

**Skeifunni 17**



# ...í fullum gangi!



# Allt fyrir skólann

**undir 1 þaki!**



**TILBOÐ**
**99.- stk.**




**TILBOÐ**
**49.- stk.**




**TILBOÐ**
**345.-**
pakkinn (500 blöð)

*Office 1 um land allt!*

Skeifunni17 • Smáralind • Akureyri • Ísafirði • Egilsstöðum • Vestmannaeyjum • Selfossi • Hafnarfirði (Bókabúð Böðvars)

Tilboðin gilda til og með 18. janúar 2008 eða á meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um myndbrengl og prentvillur.

## > Sverre á batavegi

Sverre Andreas Jakobsson, leikmaður íslenska landsliðsins í handbolta, er á góðum batavegi eftir að hafa veikst heiftarlega á æfingarmóti í Danmörku um síðustu helgi. Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri HSÍ, sagði í samtali við Fréttablaðið að Sverre væri á batavegi. „Sverre var mjög slappur við heimkomuna á sunnudagskvöld og hefur því verið mikið til á sjúkrahúsi síðan. Verið er að reyna koma í hann vökvanæringu í æð svo hann nái sér fljótt og vel. Við vitum ekki nákvæmlega hvað amaði að honum og vonum að það sé ekkert sem gangi um hópinn,“ sagði Einar.



**sport**
sport@frettabladid.is

**PÉTUR MÁR SIGURÐSSON: SKORAÐI 24 STIG Í ÓVÆNTUM STÓRSIGRI SKALLAGRÍMS Á STJÖRNUNNI**

# *Allir í liðinu tóku á sig meiri ábyrgð*

Pétur Már Sigurðsson og félagar í Skallagrími komu mörgum á óvart með því að bursta Stjörnuna með 25 stigum í Borgarnesi á sunnudagskvöldið. Liðið lék án tveggja byrjunarliðsmanna, Axel Kárasonar og Milojica Zekovic, en sá síðarnefndi hefur skorað 22 stig að meðaltali í vetur. Pétur Már átti stórleik, skoraði 24 stig og setti niður sex þriggja stiga skot.

„Við spiluðum mjög góða vörn og svo tóku allir í liðinu meiri ábyrgð. Það voru allir að spila vel og við vorum að hitta loksins fyrir utan. Ég myndi segja að þetta hafi verið besti leikurinn hjá mér í vetur og líka hjá Pálma sem var svakalega góður. Darell Flake var líka algjörlega óstöðvandi og skoraði bara af vild,“ segir Pétur. „Mér fannst eins og þeir kæmu svolítið værukærir í leikinn og við byrjuðum á því að spila rosalega stífa vörn og stemningin var okkar megin frá byrjun,“ segir Pétur en Stjörnumenn skoruðu aðeins 11 stig á fyrstu tólf mínútunum. Borgnesingum gekk vel að dekka sinn gamla liðsfélaga Dimitar Karadzovski sem fann sig ekki.



„Við töluðum um það á æfingu hvernig við áttum að verjast honum. Við vorum að tvídekka hann og þvinga hann í léleg skot og það gekk vel,“ segir Pétur en Dimitar tapaði fimm boltum áður en hann skoraði sína fyrstu körfu þegar Stjarnan var komin 20 stigum undir .

„Við erum búnir að æfa rosalega vel í jólafríinu. Ken Webb er algjör fagmaður, hefur komið með nýja vídd í þetta hjá okkur og leggur rosalega mikið upp úr varnarleik sem er að skila sér hjá okkur,“ segir Pétur.

„Við Íslendingarnir í liðinu erum búnir að hitta frekar illa í vetur en við eigum að geta notað þennan leik til þess að fá aukið sjálfstraust,“ segir Pétur en Borgnesingar settu niður 13 þriggja stiga skot í leiknum. Skallagrímsmenn þurfa einnig að spila án þeirra Zekovic og Axels í næstu leikjum. „Það er slæmt að missa þessa menn en það sýnir kannski karakterinn í liðinu að menn eru ekkert að leggjast í neitt volæði heldur þjöppum okkur bara saman,“ segir Pétur Már að lokum.

Undanúrslit deildarbikarsins:

## Afríkukeppnin hefur sín áhrif

**FÓTBOLTI** Chelsea og Everton mætast í fyrri leik liðanna í undanúrslitum enska deildarbikarsins á Stamford Bridge í kvöld.

Afríkukeppnin hefur sín áhrif á leikinn þar sem Didier Drogba og Salomon Kalou taka þátt í undirbúningi með landsliði Fílabeinsstrandarinnar fyrir Afríkukeppnina og Michael Essien leikur með Gana. Chelsea vonast þó til þess að Jon Obi Mikel fái leyfi til þess að spila leikinn eftir að knattspyrnusamband Nígeríu gaf Everton grænt ljós á að Yakubu og Joseph Yobo spiluðu leikinn. Knattspyrnusamband Suður-Afríku var ekki jafn skilningsríkt í sambandi við Steven Pienaar og neitaði Everton um leyfi til að spila honum í kvöld, en enska liðið hyggst virða þá tilskipun að vettugi. - óþ

# Sola er mættur í Vesturbæinn

**KR-ingar hafa fengið til sín framherjann Jeremiah Sola sem var lykilmaður þegar liðið vann Íslandsmeistaratitilinn í fyrravor. Sola er kominn til landsins og spilar gegn Grindvíkingum á fimmtudaginn.**

**KÖRFUBOLTI** KR-ingar hafa fengið til síns Bandaríkjamanninn Jeremiah Sola sem er með ítalskt vegabréf og var lykilmaður þegar liðið vann Íslandsmeistaratitilinn í fyrravor. Sola er kominn til landsins og spilar gegn Grindavík á fimmtudaginn.

Jeremiah Sola kláraði ófáa leikina með KR í úrslitakeppninni í fyrra og átti frábæran dag þegar KR tryggði sér titilinn. Sola var með 24 stig, 15 fráköst og 5 stoðsendingar í 83-81 sigri í fjórða leiknum. Jeremiah Sola sá KR-inga vinna níu stiga seiglusigur á Fjölnismönnum í Grafarvogi á sunnudagskvöldið og æfði með liðinu í gærkvöldi.

„Hann á eftir að nýtast okkur vel fyrst að Fannar er meiddur. Hann sýndi það í fyrra að þetta er töffari á velli,“ sagði Benedikt Guðmundsson, þjálfari KR, og þá á hann ekki bara við húðflúrin. „Hann getur skorað, er hörku sendingamaður og þá setur hann stóru skotin niður og getur stigið upp í lok leikja,“ bætir Benedikt við en Sola var mjög vinsæll í KR og þá sérstaklega hjá Miðjunni sem kemur örugglega til með að syngja mikið til heiðurs honum. „Þetta er leikmaður sem vann titil með okkur og ég sem þjálfari gleðst mikið yfir því að fá þarna einn í viðbót úr sigurliðinu. Ég veit að hann var vel liðinn innan leikmannahópsins og sérstaklega vinsæll meðal stuðningsmanna. Ég held að það séu margir í Vesturbænum sem fagna komu hans,“ segir Benedikt.

Sola vildi sjálfur koma til KR og var búinn að vera í sambandi við KR-inga síðustu misseri. „Við töluðum við hann eftir tímabilið í fyrra. Þá var hann með óraunhæfar kröfur og það gekk ekki upp. Svo fór hann til Kýpur og var óánægður þar snemma. Hafði þá samband í nóvember en var ennþá í óraunhæfum kröfum og við vorum því ekkert að spá neitt í því enda vorum við með menn sem við ætluðum að keyra á. Svo hætti hann á Kýpur og var farin að vinna heima í Kaliforníu og sótti hart í það að fá að koma aftur. Við létum aldrei verða að því fyrr en Fannar datt út. Þá var þetta eiginlega orðið rakið því við urðum bara að bregðast við því okkur vantaði meiri hæð og styrk inn í teig,“ sagði Benedikt.

Fyrsti leikur Sola verður á móti Grindavík í DHL-höllinni á fimmtudaginn en Sola var með 24,5 stig að meðaltali í tveimur deildarleikjum liðanna í fyrravetur.

ooj@frettabladid.is



**GÓÐUR Í FYRRA** Jeremiah Sola var lykilmaður á bak við Íslandsmeistaratitil KR í fyrravetur.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


Innritun í Öldungadeild MH fer fram þriðjudaginn 8. janúar, miðvikudaginn 9. janúar og fimmtudaginn 10. janúar 2008 frá 15.00 - 19.00. Símainnritun verður frá 09.0-12.00 í síma 5955207. Námsrágjafar verða við 9. og 10. janáur frá 16.00-18.30. Deildastjórar verða við 10. janúar frá 17.00-18.00. Vefræn skráning er opin á www.mh.is undir Öldungadeild

| Tími | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 16.45 - 17.45 | EÐL103 NÁT123 ÍSL503 SPÆ203 | FRA203 ÍTA403 ÞÝS203 STÆ403 SAG173 | EFN103 NÁT133 SPÆ403 STÆ313 | FRA403 ÍSL303 ÍTA103 NÁT113 SAG263 STÆ203 ÞÝS403 |
| 17.55 - 18.55 | EFN103 NÁT133 SPÆ403 STÆ313 | FRA403 ÍSL303 ÍTA103 NÁT113 SAG263 STÆ203 ÞÝS403 | EÐL103 NÁT123 ÍSL503 SPÆ203 | FRA203 ÍTA403 SAG173 STÆ403 ÞÝS203 |
| XXX | XXXXXXXXXX | XXXXXXXXXX | XXXXXXXXXXX | XXXXXXXXXX |
| 19.10 - 20.10 | DAN203 FÉL 103 ÍSL203 ÍSL403 ÞJÓ163 ÞJÓ263 ÞJÓ363 | FÉL203 ÍSL3G3 LAN103 NÁT103 SAG203 ÍSL322/422 | ENS503 FÉL263 HEI103 LÍF103 SAG3E3 SÁL103 | ENS203 FÉL233 FÉL3036 ÍTA513 MYN153 ENS422/522 |
| 20.15 - 21.15 | DAN203 FÉL 103 ÍSL203 ÍSL403 ÞJÓ163 ÞJÓ263 ÞJÓ363 | FÉL203 ÍSL3G3 LAN103 NÁT103 SAG203 | ENS503 FÉL263 HEI103 LÍF103 SAG3E3 SÁL103 | ENS203 FÉL233 FÉL3036 ÍTA513 MYN153 |

ÍSL322, ÍSL422, ENS422 OG ENS522 eru yndislestraráfangar og ekki á föstum tímum í töflu. Áfangarnir ÞJÓ 163/263/363 eru kenndir saman. Hægt er að velja LAN103 og SAG203 saman. Þeir eru kenndir í dreifmennt og í staðbundnum lotum.

**Nánari uplýsingar varðandi innritun er að finna á www.mh.is**


Hrókeringar hjá Íslandsmeisturum KR-inga í gær:

## Jovan til Stjörnunnar

**KÖRFUBOLTI** Makedóníski körfuboltamaðurinn Jovan Zdravevski hefur skipt yfir í Stjörnuna og mun spila með nýliðunum úr Garðabæ það sem eftir lifir tímabilsins. KR-ingar létu Jovan fara um leið og þeir fengu Jeremiah Sola til sín.

Jovan Zdravevski var með 22,0 stig að meðaltali á þremur árum sínum í Borgarnesi en hefur bara skorað 10,5 stig að meðaltali með KR í vetur. Jovan hitti úr 41,5 prósentum þriggja stiga skota sinna með Skallagrími en hefur aðeins hitt úr 22,8 prósentum þriggja stiga skota í KR-búningnum. Það er því ljóst á þessum tölum að hann fann sig ekki í Vesturbænum.

„Þetta er algjör öðlingsdrengur, ég vona að honum gangi rosalega vel og hann finni taktinn sinn aftur sem hann fann aldrei í KR. Hans verður sárt saknað og þá sérstaklega félagslega. Það er ekki hægt annað en að líka vel við hann,“ sagði Bendedikt Guðmundsson, þjálfari KR, um brotthvarf Jovans.

Jovan mun því spila tvo leiki í röð á móti Fjölni því hann var með 9 stig á 18 mínútum í 94-85 sigri KR á Fjölni á sunnudagskvöldið og næsti leikur Stjörnumanna er einmitt gegn Fjölni í Garðabæ á fimmtudagskvöldið. - óój



**FANN SIG EKKI** Jovan Zdravevski var ekki sami leikmaður í Vesturbænum og hann var í Borgarnesi.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON





**KÁTUR** Gunnar Pettersen var ánægður með spilamennskuna á æfingamótinu. NORDICPHOTOS/GETTY

Þjálfari Norðmanna:

## Höfum aldrei spilað betur

**HANDBOLTI** Gunnar Pettersen, þjálfari norska handboltalandsliðsins, var himinlifandi með sigur sinna manna á æfingamótinu um helgina.

Norðmenn tryggðu sér sigurinn með því að vinna sannfærandi 30-23 sigur á Pólverjum en höfðu áður gert 28-28 jafntefli við Ísland og unnið öruggan sigur á Dönum.

„Við vorum í heimsklassa á stórum köflum í þessum leik og höfum aldrei spilað betur,“ sagði Pettersen eftir mótið. Norðmenn mæta Dönum í fyrsta leik á mótinu en þeir eru einnig með Rússum og Svartfellingum í riðli. - óój

Slóvakar eru með okkur í riðli:

## Urðu í 3. sæti í Frakklandi

**HANDBOLTI** Slóvakar, mótherjar Íslendinga í öðrum leik þeirra á EM í Noregi, urðu í þriðja sæti á Challenge Marrane-mótinu í Frakklandi.

Slóvakar unnu Katar (31-25) og töpuðu fyrir Túnis (22-31) í riðlakeppninni en unnu svo Tékka 38-32 í leiknum um þriðja sætið. Tékkar léku þó án sterkra manna eins og Martins Galia, Karels Nocar, Jans Sobol, Davids Juricek, Filips Jicha og Jans Filip. Túnis vann mótið eftir 32-26 sigur á franska liðinu Ivry í úrslitaleik.

Tékkar eru á leiðinni til Íslands til þess að spila tvo æfingaleiki um næstu helgi en Slóvakar mæta hins vegar Slóvenum í tveimur leikjum í Bratislava. - óój

Danski landsliðsþjálfarinn:

## Valdi frekar Henriksen

**HANDBOLTI** Það dugði ekki Michael Bruun að verja 14 skot gegn Íslandi á sunnudaginn því hann fær ekki að fara með Dönum á HM. Danski landsliðsþjálfarinn Ulrik Wilbek ákvað að velja frekar Peter Henriksen þrátt fyrir að hann hafi ekki fundið sig í leiknum gegn Íslandi og aðeins varið 2 af 8 skotum. Henriksen leikur með Snorra Steini Guðjónssyni og Ásgeiri Erni Hallgrímssyni hjá GOG Svendborg.

„Ég er ánægður en jafnframt mjög þreyttur. Þetta er búinn að verja langur óvissutími, það var erfitt að berjast um sætið og því mikill léttir að fá að fara með,“ sagði Henriksen. Bruun hefur oft reynst Íslendingum erfiður og varði meðal annars 24 skot þegar Ísland tapaði fyrir Dönum í leiknum um bronsið á EM 2002. Aðalmarkvörður Dana á mótinu er hins vegar Kasper Hvidt. - óój

Dregið var í fjórðu umferð FA-bikarsins á Englandi í gær:

# Fer utandeildarliðið á Anfield?

**FÓTBOLTI** Það voru enn fjórtán úrvalsdeildarlið í pottinum þegar dregið var í fjórðu umferð, 32 liða úrslit, FA-bikarsins í gærdag en leikirnir fara fram helgina 26.-27. janúar.

Núverandi FA-bikarmeistarar í Chelsea drógust gegn Wigan og ferðast á JJB leikvanginn og þá verður pottþétt annar slagur úrvalsdeildarliða á Old Trafford þar sem Englandsmeistarar Manchester United mæta annaðhvort Tottenham eða Reading. Arsenal fær annaðhvort Newcastle eða Stoke í heimsókn á Emirates leikvanginn og Hermann Hreiðarsson og félagar í Portsmouth leika gegn Plymouth á Fratton Park.

### Sex fallin úr keppni

Sex úrvalsdeildarlið eru þegar fallin úr keppni og önnur átta úrvalsdeildarlið þurfa að spila að nýju 15.-16. janúar eftir að hafa gert jafntefli í leikjum sínum í þriðju umferð keppninnar. Liverpool er eitt þeirra liða og nái liðið að hafa betur gegn Luton þá kemur annaðhvort Swansea eða utandeildarliðið Havant & Waterlooville í heimsókn á Anfield.

Manchester City og West Ham þurfa að mætast aftur til þess að skera úr hvort liðið fer í fjórðu umferð og mætir þá Sheffield United á Bramall Lane.

Fulham og Derby þurfa einnig að mæta mótherjum sínum úr þriðju umferð, Bristol Rovers og Sheffield Wednesday, á nýjan leik til þess að komast í fjórðu umferð. Þar gæti Fulham mætt annaðhvort Swindon eða Barnet og Derby mætir Preston á heimavelli sínum Pride Park ef Paul Jewell nær að bera sigurorð af sínu gamla félagi.

Það er vel við hæfi að „risabanarnir“ Oldham og Huddersfield, sem slógu út Everton og Birmingham í þriðju umferð keppninnar, mætast á Boundary Park. Andy Ritchie, núverandi knattspyrnustjóri Huddersfield, snýr þar með aftur á sinn gamla heimavöll en hann stýrði Oldham á árunum 1998-2001.

Þá heimsækir Middlesbrough lið Mansfield sem er í fallsæti í D-deild á Englandi.

### Fjögur lið á síðustu 12 árum

Aðeins fjögur lið hafa skipst á að vinna FA-bikarinn á undanförnum tólf árum og eru það „stóru fjögur“ liðin; Arsenal, Chelsea, Liverpool og Manchester United.

Manchester United hefur enn fremur unnið FA bikarinn oftast allra liða, eða ellefu sinnum, en Arsenal fylgir þar fast á eftir með tíu FA bikartitla. - óþ


**FER HANN Á OLD TRAFFORD?** Ívar Ingimarsson og félagar í Reading þurfa að vinna Tottenham á Madejski-leikvanginum til þess að mæta Manchester United. NORDIC PHOTOS/GETTY


**VILL FARA** Drogba hefur enn og aftur ítrekað vilja sinn í fjölmiðlum að yfirgefa Chelsea. NORDIC PHOTOS/GETTY

Didier Drogba, Chelsea:

## Ég ætla mér að yfirgefa Chelsea

**FÓTBOLTI** Didier Drogba, framherji Chelsea, hefur nú enn og aftur ítrekað vilja sinn í fjölmiðlum til að yfirgefa Lundúnaliðið.

„Þessi orðrómur um að ég ætli að fara frá Chelsea er kominn frá mér sjálfum og ég er óhræddur við að segja það sem mér býr í brjósti. Það versta er hins vegar að ég er búinn að vera að segjast ætla að fara í 2-3 ár en það gerist ekki neitt. Þegar José Mourinho hætti sem knattspyrnustjóri jókst vilji minn til þess að fara til mikilla muna,“ sagði Drogba í viðtali við Eurosport en hann hefur þegar verið orðaður við mörg félög. - óþ





> **Julianne Moore**

„Ég leita sannleikans. Áhorfendur koma ekki til að sjá þig, þeir koma til að spegla sjálfa sig í þér!“ sagði Julianne eitt sinn í viðtali. Fröken Moore leikur eitt af aðalhlutverkunum í bíómyndinni The Forgottens sem er sýnd á Stöð 2 Bíó í kvöld kl. 20.05.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ VIGDÍS ÞORMÓÐSDÓTTIR HORFÐI Á SJÓNVARPIÐ Á LAUGARDAGSKVÖLDI

# *Átakanlegur rakstur og ánægjuleg þróun*

Svo áratugum skiptir hefur hlutskipti þeirra sem ekki eru áskrifendur að Stöð 2 verið að þramma út á vídeóleigu á föstudags- og laugardagskvöldum, sama hvernig viðrar, til þess að sækja sér girnilegt áhorfsefni. Sjónvarpið hefur einfaldlega ekki staðið sig í stykkinu gagnvart skemmtanaþyrstum áhorfendum sínum; mannsæmandi sjónvarpsdagskrá hefur iðulega verið víðs fjarri þessi mikilvægu áhorfskvöld. Boðið hefur verið upp á gamlar og lélegar sjónvarpsmyndir svo oft og ítrekað að flestir áhorfendur eru löngu hættir að hafa fyrir því að skoða sjónvarpsdagskrána um helgar.



En undanfarið hefur eitthvað einkennilegt verið að gerast hjá Sjónvarpinu. Stofnunin er farin að bjóða upp á raunverulegar kvikmyndir. Meira að segja þolanlegar, stundum jafnvel góðar, kvikmyndir. Á laugardagskvöld var til að mynda á dagskrá ágæt mynd sem kallaðist Morðið á Richard Nixon og státaði af hinum geðþekka leikara Sean Penn í aðalhlutverki. Myndin gerðist í Bandaríkjunum á áttunda áratug tuttugustu aldarinnar og lék Sean húsgagnasölumann sem lenti í ógöngum í einkalífinu. Ógöngurnar lögðust svo þungt á hann að hann hreinlega sturlaðist. Fékk hann þá flugu í höfuðið að kenna mætti þáverandi Bandaríkjaforseta, hinum síður geðslega Richard Nixon, um klandrið. Hóf þessi kexruglaði undirmálsmaður að skipuleggja morð á forsetanum. Myndin er víst byggð á sönnum atburðum og því er í góðu lagi að afhjúpa að áætlunin gekk ekki upp. Nixon var ekki ráðinn af dögum í forsetatíð sinni, þó eflaust hafi verið fleiri rugludallar en sölumaðurinn sem vildu hann feigan. Sean Penn var góður eins og hans er von og vísa; átakanlegt var atriðið þar sem yfirvaraskeggið hans þurfti að víkja vegna frekju og yfirgangs í yfirmanni húsgagnaverslunarinnar.

En hvað er eiginlega á seyði? Er ekki lengur nauðsynlegt að fara út á leigu um hverja helgi? Getum við átt von á því að Sjónvarpið haldi áfram að sýna okkur efni sem tekur því að horfa á? Sannarlega óvænt en ánægjuleg þróun ef satt reynist.

## EKKI MISSA AF



▶ **19.35** Chelsea - Everton SÝN



▶ **20.05** Ocean's Twelve STÖÐ2 BÍÓ



▶ **21.00** Queer Eye SKJÁRINN



▶ **21.10** NCIS STÖÐ2



▶ **23.20** Glæpurinn SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**16.05 Sportið**

**16.35 Leiðarljós**

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Ofurþjarkinn og apahersveitin** (42:52)

**18.00 Geirharður bojng bojng** (2:26)

**18.25 Nægtaborð Nigellu** (12:13) e.

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

**20.15 Mæðgurnar** (22:22) Bandarísk þáttaröð um konu sem rekur gistihús í smábæ í Connecticut-ríki og dóttur hennar á unglingsaldri. Aðalhlutverk: Lauren Graham, Alexis Bledel, Keiko Agena og Yanic Truesdale.

**21.00 Örverustríðið (Mikrobernas krig) Sænsk heimildamynd um örverur.**

**22.00 Tíufréttir**

**22.25 Lögmál Murphys** (3:6) (Murphy's Law IV) Breskur spennumyndaflokkur um rannsóknarlögreglumanninn Tommy Murphy og glímu hans við glæpamenn. Meðal leikenda eru James Nesbitt, Claudia Harrison og Del Synnott. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

▶**23.20 Glæpurinn** (12:20) (Forbrydelsen: Historien om et mord) Danskir spennuþættir af bestu gerð. Ung stúlka er myrt og rannsókn lögreglunnar leiðir ýmislegt forvitnilegt í ljós. Meðal leikenda eru Sofie Gråbøl, Lars Mikkelsen, Bjarne Henriksen, Ann Eleonora Jørgensen og Søren Malling. e.

**00.20 Kastljós**

**00.55 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 The Forgotten**

**08.00 Lackawanna Blues**

**10.00 The Lonely Guy** (e)

**12.00 Ocean´s Twelve**

**14.05 Lackawanna Blues**

**16.00 The Lonely Guy** (e)

**18.00 Ocean´s Twelve**

▶**20.05 The Forgotten** Hrollvekjandi spennumynd. Aðalhlutverk. Julianne Moore, Christopher Kovaleski, Matthew Pleszewicz.

**22.00 Ice Harvest**

**00.00 Dirty Deeds**

**02.00 Prophecy II**

**04.00 Ice Harvest**

## STÖÐ 2

**07.00 Stubbarnir**

**07.25 Tommi og Jenni**

**07.50 Kalli kanína og félagar**

**08.15 Oprah**

**09.00 Í fínu formi**

**09.15 The Bold and the Beautiful**

**09.40 Wings of Love** (97:120)

**10.25 Homefront** (6:18) (e)

**11.10 Veggfóður** (e)

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.45 Nágrannar**

**13.10 Eldsnöggt með Jóa Fel** (e)

**13.40 Sjáðu**

**14.15 Opportunity Knocks**

**15.55 Shin Chan**

**16.15 Ginger segir frá**

**16.38 Justice League Unlimited**

**17.03 Skjaldbökurnar**

**17.28 The Bold and the Beautiful**

**17.53 Nágrannar**

**18.18 Ísland í dag og veður**

**18.30 Fréttir**

**18.50 Ísland í dag**

**19.25 Simpsons** (16:21)

**19.50 Næturvaktin** (13:13)

**20.20 Amazing Race** (6:13) Kapphlaukið mikla er hafið í tíunda skiptið. Sem fyrr taka 12 lið þátt í kapphlaupinu, sem liggur um heiminn þveran og endilangan.

▶**21.10 NCIS** (17:24) Fjórða þáttaröð eins vinsælasta spennuþáttar í Bandaríkjunum. Þar segir frá sérsveit sem rannsakar alla glæpi sem tengjast á einhvern hátt sjóliðum, hvort sem um er að ræða þá háttsettu eða nýliðana. 2006.

**21.55 Kompás**

**22.30 60 mínútur**

**23.15 The Closer** (5:15) Þriðja sería þessa geysisterka spennuþáttar, sem orðinn er langvinsælasti þátturinn sem sýndur er á kapalstöð í Bandaríkjunum. 2007. Bönnuð börnum.

**00.00 Jeepers Creepers 2**

**01.40 Opportunity Knocks**

**03.20 Medium** (16:22)

**04.05 Cold Case** (1:24)

**04.50 Amazing Race** (6:13)

**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

**06.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SÝN besta sætið

**17.25 Spænsku mörkin**

**18.10 World Supercross GP 2006-2007** (Sam Boyd Stadium) Súperkross er æsispennandi keppni á mótorkrosshjólum sem fram fer á brautum með stórum stökkpöllum. Mjög reynir á kappana við þessar aðstæður en ýmsar tækninýjungar hafa verið nýttar varðandi búnað vélhjólanna sem til að mynda gefa þeim aukið svif í stökkum.

**19.05 Veitt með vinum** (Tungufljót) Í þessum þætti fer Kalli austur og í Tungufljót í Biskupstungum með veiðifélaga sínum honum Jónasi. Þarna er Laxá að byggja upp nýtt veiðisvæði af miklum myndarskap og áin því óþekkt og staðir óreyndir. Áin kemur svo sannarlega skemmtilega á óvart.

▶**19.35 Chelsea - Everton** (Enski deildarbikarinn) Bein útsending frá leik Chelsea og Everton í enska deildabikarnum.

**21.35 Inside Sport**

**22.00 PGA Tour 2008**

**22.55 Ensku bikarmörkin** Markaþáttur þar sem öll mörk bikarkeppninnar eru skoðuð.

**23.25 Chelsea - Everton**

## SÝN2

**18.00 Premier League World** (Heimur úrvalsdeildarinnar) Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.

**18.30 Coca Cola mörkin**

**19.00 PL Classic Matches**

**19.30 PL Classic Matches**

**20.00 Liverpool - Man. Utd.**(Enska úrvalsdeildin) Útsending frá stórleik Liverpool og Man. Utd í ensku úrvalsdeildinni sem fór fram sunnudaginn 16. desember.

**21.40 Masters Football** (Coventry Masters) Gömlu brýnin leika listir sínar, stjörnur á borð við Matt Le Tissier, Glen Hoddle, Ian Wright, Paul Gascoigne, Lee Sharpe, Jan Mölby og Peter Beardsley. UK Masters cup er orðin gríðarlega vinsæl mótaröð en þar taka þátt 32 lið skipuð leikmönnum sem gerðu garðinn frægan á árum áður í ensku úrvalsdeildinni.

**00.00 English Premier League.**

## SKJÁREINN

**07.30 Dýravinir** (e)

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Vörutorg**

**16.45 Vörutorg**

**17.45 Dr. Phil**

**18.30 The Drew Carey Show** (e)

**19.00 Ertu skarpari en skólakrakki?** (e)

**20.00 According to Jim**

**20.30 Allt í drasli - Lokaþáttur** Það er komið að lokaþættinum og nú verður litið um öxl og farið yfir öll heimilin sem hafa verið þrifin í þáttunum í vetur.

▶**21.00 Queer Eye** Fimm samkynhneigðar tískulöggur þefa uppi lúðalega gaura og breyta þeim í flotta fýra. Að þessu sinni heimsækja hinir fimm fræknu fjölskyldu þar sem ekki eru allir sáttir. Fjölskyldufaðirinn Larry er sá eini sem ekki hefur áhuga á tónlist. Eiginkonan og börnin þrjú eru hafa öll brennandi áhuga á tónlist en Larry finnst engin framtíð í listalífinu. Tekst hinum fimm fræknu að koma á sáttum í fjölskyldunni?

**22.00 State of Mind - Lokaþáttur** Bandarísk þáttaröð um sálfræðing sem á sjálfur í miklum–– sálarflækjum. Það er komið að lokaþættinum og James verður að taka við föður sínum eftir að honum er sparkað út af elliheimili fyrir ósæmilega hegðun. Ann gengur frá skilnaðinum en fær óvæntar fréttir í kaupbæti.

**23.00 The Drew Carey Show**

**23.25 C.S.I. New York (e)**

**00.20 Charmed (e)**

**01.05 NÁTTHRAFNAR**

**01.05 C.S.I. Miami**

**01.50 Ripley's Believe it or not!**

**02.35 The World's Wildest Police Videos**

**03.20 Vörutorg**

**04.20 Óstöðvandi tónlist**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12:15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4**. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


# GRÆNMETIS-, HRÁFÆÐIS- & FRAMHALDSNÁMSKEIÐ SOLLU



**Byrjendanámskeið**

Frábært námskeið fyrir þá sem langar til að taka til í mataræðinu sínu & læra að nota meira heilsuhráefni í matargerðinni. Á þessu námskeiði kenni ég ykkur að útbúa einfalda, fljótlega, holla & bragðgóða grænmetis- & baunarétti ásamt himneskum eftirréttum. Athugið að allir þessir réttir passa vel með kjöti & fiski en standa líka einir & sér sem hin fullkomna grænmetismáltíð. Formið á námskeiðinu er fræðsla & sýnikennsla.

**Námskeiðið er eitt kvöld frá kl. 19–22. Námskeiðsdagar: mánudagur 21. janúar, þriðjudagur 22. janúar. Verð 5.000 kr. Kennari er Sólveg Eiríksdóttir. Væn uppskriftamappa ásamt fullri máltíð fylgir. Skráning á: www.himneskt.is**

**Hráfæðisnámskeið**

Frábært námskeið fyrir alla þá sem hafa áhuga á hráfæði og vilja læra allt um hvað hráfæði er. Á þessu námskeiði kennum við ykkur undirstöðuna í hráfæði og að taka hráfæði meira inn í matseðilinn ykkar. Þið lærið að útbúa einfalda, fljótlega holla og bragðgóða hráfæðirétti, súpur, snakk, álegg, „brauð“ og himneska eftirrétti.

**Námskeiðið er eitt kvöld frá kl. 19-22. Námskeiðsdagar: mánudagur 28. janúar, þriðjudagur 29. janúar. Verð 5.000 kr. Kennari er Sólveig Eiríksdóttir. Væn uppskriftamappa m/uppskriftum og öðru fræðsluefni fylgir ásamt fullri máltíð. Skráning á: www.himneskt.is**

**FRAMHALDS-NÁMSKEIÐ**
4. febrúar
Nánari upplýsingar á www.himneskt.is

HIMNESK HOLLUSTA

Himnesk hollusta | Sundaborg 5 | 104 Reykjavík | Sími 554 7273 | Fax 554 7374 | www.himneskt.is

## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 20.20**

### Amazing Race




Kapphlaupið stendur sem hæst. 12 lið hófu þátttöku í kapphlaupinu, sem liggur um heiminn þveran og endilangan. Amazing Race kemur úr smiðju stórframleiðandans Jerry Bruckheimer og er ennþá sá raunveruleikaþáttur sem unnið hefur til flestra verðlauna, þ.á.m. fjölda Emmy-verðlauna. Að þessu sinni eiga Íslendingar smáhlut í einum keppandanum. Nánar tiltekið gervifæti hans, sem smíðaður var af stoðtækjagerð Össurar.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Kompás**

**Stöð 2 kl. 21.55**

Kompás - helstu mál ársins 2007 í kvöld. Árið 2007 vann Kompás í annað sinn til Edduverðlauna. Í upphafi árs gómaði Kompás barnaníðing á reynslulausn. Munkar og meintir milljarðamæringar komu líka við sögu. Skemmtilegur og fræðandi fréttaskýringaþáttur sem markaði tímamót í íslensku sjónvarpi.




## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.15** Heima er best
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Stef
**15.03** Útvarpssagan: Stúlka með fingur
**15.30** Dr. RÚV
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Hundur í útvarpssal
**21.00** Hvers er að vænta?
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Fimm fjórðu

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**16.00 Hollyoaks** (96:260)
**16.30 Hollyoaks** (97:260)
**17.00 George Lopez Show, The** (6:18)
**17.30 Johnny Zero** (10:13)
**18.15 Lovespring International** (2:13) Nýr léttgeggjaður gamanþáttur sem gerist hjá stefnumótaþjónustu.
**18.35 Big Day** (2:13) Ný gamanþáttaröð sem fjallar á stórskemmtilegan hátt um hinar mörgu spaugilegur hliðar á undirbúningnum fyrir stóra brúðkaupsdaginn.
**19.00 Hollyoaks** (96:260)
**19.30 Hollyoaks** (97:260)
**20.00 George Lopez Show, The** (6:18) (e) Bráðskemmtilegur gamanmyndaflokkur fyrir alla fjölskylduna með grínistanum George Lopez í aðalhlutverki. Við kynnumst fjörugu heimilishaldi þar sem skrautlegar persónur koma við sögu. Sambúð hjónanna George og Angie og barnanna þeirra, Carmen og Max, gengur vel en ýmsir heimilisvinir setja gjarnan strik í reikninginn. Þetta er sjötta þáttaröðin af þessum skemmtilegu þáttum. Leyfð öllum aldurshópum.
**20.30 Johnny Zero** (10:13) Hörkuspennandi þáttur um fyrrum fanga sem er fastur á milli tveggja heima þegar bæði lögreglan og glæpagengið úr hverfinu reyna að fá hann til liðs við sig. 2004. Bönnuð börnum.
**21.15 Lovespring International** (2:13) Nýr léttgeggjaður gamanþáttur sem gerist hjá stefnumótaþjónustu.
**21.35 Big Day** (2:13) Ný gamanþáttaröð sem fjallar á stórskemmtilegan hátt um hinar mörgu spaugilegur hliðar á undirbúningnum fyrir stóra brúðkaupsdaginn.
**22.00 Special Unit 2** (2:19) Gamansamir bandarískir spennuþættir þar sem við fylgjumst með sérdeild sem rannsakar allra óvenjulegustu málin sem lögreglan þarf að hafa afskipti af, mál sem oftar en ekki eru af yfirnáttúrulegum toga.
**22:45 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## DR 1

**12.00** Aftenshowet 2. del **12.30** Dødens detektiver **12.55** Søren Ryge - Manden og ørnen **13.20** DR Explorer i Australien **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med Vejret **14.10** Dawson's Creek **15.00** SPAM **15.30** Robotboy **15.45** Max **16.15** Den lille Julemand **16.30** Jul i Svinget **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Ha' det godt **19.00** Hammerslag **19.30** Rig ved et tilfælde **20.00** TV Avisen **20.25** Kontant **20.50** SportNyt **21.00** Babyrøverne **22.25** Alt på ét bræt **23.15** SPAM

## NRK 1

**14.30** Ghost Trackers **15.00** Absalons hemmelighet **15.25** Erstatterne **15.50** Frosk til middag **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Veterinær på safari **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Barnas superjul **17.30** KatjaKaj og BenteBent **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Ut i naturen **18.55** På cruise med kongeskipet Dannebrog **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Standpunkt **21.15** Extratrekning **21.30** Safari **22.00** Kveldsnytt

## SVT 1

**11.00** Rapport **11.05** Argument **12.45** Hon dansade en sommar **14.30** Andra Avenyn **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Extra **16.30** Krokomax **17.00** Bolibompa **17.10** Småkryp **17.20** Tippe **17.30** Julkalendern: En riktig jul **17.45** Philofix **18.00** Lilla Aktuellt - kortnyheter **18.05** Grand Prix **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Andra Avenyn **19.30** Mitt i naturen **20.00** Plus **20.30** Toppform **21.00** Hart's War **23.00** Rapport






## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Það er skyrbarinn í Boot Camp. BC Boost à la Unnur er besta boost-ið í bænum. Síðan er allur veislumatur frá Múlakaffi toppurinn. Það er vanmetinn kostur.“*

Arnaldur Birgir Konráðsson hjá Boot Camp.

# Fengu stjörnumeðferð í Póllandi

„Þetta var svakalegt. Það mættu átta hundruð manns til að sjá okkur. Við vissum ekki að við værum svona vinsælir þarna,“ segir Árni Teitur Ásgeirsson, forsprakki Skagasveitarinnar Worm is Green, sem spilaði fyrir fullu íþróttahúsi í borginni Bydgoszcz í Póllandi.

„Þetta kom skemmtilega á óvart. Það var gríðarlega vel tekið á móti okkur. Þarna var manneskja í fullri vinnu við að sjá um okkur. Þetta var alveg fáránlegt. Ef við förum á bar þá var fólk rekið úr sætunum sínum svo við gætum sest niður. Við erum ekki alveg vanir þessu af Skaganum,“ segir Árni Teitur og hlær, en þetta voru fyrstu tónleikar Worm is Green í Póllandi.



**WORM IS GREEN** Þorsteinn Hannesson, Guðríður Ringsted, Árni Teitur Ásgeirsson og Bjarni Þór Hannesson skipa hljómsveitina Worm is Green.

Eftir tónleikana þurftu Árni og félagar síðan að eyða einum og hálfum klukkutíma með æstum aðdáendum sínum. Gáfu þeir fjölda eiginhandaráritana auk þess sem aðdáendur stilltu sér upp með þeim fyrir myndatökur. „Þetta var fyndið því við höfum aldrei gert þetta á Íslandi og þess vegna er skrítið að þetta gerist í Póllandi. Þetta var alveg „surreal“ eins og maður segir og algjör snilld.“

Árni telur að þessi mikla athygli hafi verið afraksturinn af kynningarstarfi þýska útgáfufyrirtækisins Elektrolux, sem Worm is Green er á mála hjá. Aðspurður hvort aðrir tónleikar í Póllandi séu ekki fyrirhugaðir segir hann það mjög líklegt. „Við stefnum á það. Það verður að berja járnið á meðan það er heitt.“

Fyrsta plata Worm is Green síðan Push Play kom út 2005 er væntanleg síðar á þessu ári. **- fb**



**LÁRÉTT**
**2.** ríki í Mið-Ameríku **6.** klafi **8.** efni **9.** bar að garði **11.** íþróttafélag **12.** grátur **14.** rabb **16.** skammstöfun **17.** fiskur **18.** hress **20.** samtök **21.** að utan.

**LÓÐRÉTT**
**1.** að lokum **3.** utan **4.** baknaga **5.** for **7.** tónleikar **10.** samræði **13.** knæpa **15.** asi **16.** hláku **19.** númer.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** kúba, **6.** ok, **8.** tau, **9.** kom, **11.** kr, **12.** snökt, **14.** skraf, **16.** þe, **17.** áll, **18.** ern, **20.** aa, **21.** ytra.

**LÓÐRÉTT: 1.** loks, **3.** út, **4.** baktala, **5.** aur, **7.** konsert, **10.** mök, **13.** krá, **15.** flas, **16.** þey, **19.** nr.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8

1. Kenía.
2. John McCain.
3. Listeria monocytogenes.

# Keppir um 120 milljónir

Íslenski pókerspilarinn Andri Arnþórsson hefur byrjað vel á sterku móti evrópsku mótaraðarinnar í Texas Hold'em sem haldið er á Bahama-eyjum um þessar mundir. Samkvæmt íslensku vefsíðunni pokernet.is er Andri í 353. sæti en tveir aðrir Íslendingar, þeir Rúnar Rúnarsson og Halldór Sverrisson, heltust úr lestinni á fyrsta degi. Alls skráðu 1.200 sig til leiks á mótinu og féllu tæplega sjö hundruð spilarar úr leik á fyrsta degi. Verðlaun fyrir fyrsta sætið eru tvær milljónir dollara eða rúmar 120 milljónir íslenskra en verðlaun eru fyrir 120 fyrstu sætin.



**HALLDÓR SVERRISSON**

Miðað við þá keppendur sem mættu til leiks í sólskinsparadísinni í Karíbahafinu er ljóst að Andri á við mjög erfiða andstæðinga að etja; fyrrverandi heimsmeistarinn Joe Hachem féll þannig úr leik mjög snemma en hinn reyndi Daniel Negreanu var enn í fullu fjöri en báða þessa keppendur ættu áhorfendur Sýnar að þekkja vel úr pókerþáttunum sem hafa notið gríðarlegra vinsælda. **- fgg**

ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON: FULLUR SKILNINGS EN LOFAR ENGU

# Ísland gæti misst af stórmynd um leiðtogafundinn

Íslensk stjórnvöld verða að hækka endurgreiðslu frá fjórtán og upp í tuttugu prósent af framleiðslukostnaði til að grundvöllur skapist fyrir því að stórmynd Ridley Scott um leiðtogafundinn í Höfða verði tekin upp hér á landi. Þetta segir Leifur B. Dagfinnsson hjá True North en fyrirtækið hefur verið í nánum samskiptum við framleiðslufyrirtæki Scotts og unnið að því að greiða götu þess hér á landi. Bandaríska dagblaðið Washington Post greindi frá því í gær að Ridley Scott hygðist framleiða kvikmynd um sögufrægan fund þeirra Ronalds Reagan og Mikhaíls Gorbatsjov í Reykjavík árið 1986.



**LEIÐTOGAFUNDURINN** Sögufræg stund í sögu Íslands þegar augu heimsbyggðarinnar beindust að Höfða í Reykjavík.

Fulltrúar kvikmyndafyrirtækis Scotts, ScottFree Productions, komu hingað til lands síðasta sumar og áttu meðal annars fund með Vilhjálmi Þ. Vilhjálmssyni, þáverandi borgarstjóra. Hann lýsti yfir áhuga á fullri samvinnu Reykjavíkurborgar og bauð Höfða til afnota fyrir Hollywood. Dagur B. Eggertsson, núverandi borgarstjóri, sagði í samtali við Fréttablaðið í október á síðasta ári að afstaða höfuðborgarinnar hefði ekkert breyst með nýjum manni í brúnni. Kvikmyndagerðarmennirnir áttu einnig fund með Össuri Skarphéðinssyni iðnaðarráðherra. Össur mundi eftir þeim fundi en þar hefði honum verið kynnt áform um mögulega kvikmyndatöku hér á landi og að þar hefði hækkun á endurgreiðslu einnig verið nefnd. Össur taldi á hinn bóginn að endurgreiðslan, sem var nýlega hækkuð, væri samkeppnishæf miðað við hvað almennt gerist í heiminum en ef það hefði eitthvað breyst væri hann reiðubúinn að skoða það. „Við í ríkisstjórninni höfum fullan vilja á því að Ísland verði stórstöð í kvikmyndaiðnaðinum,“ segir Össur. Hann gerði sér jafnframt fulla grein fyrir því að kvikmynd Scotts væri ekki nein venjuleg mynd fyrir Ísland enda hefði leiðtogafundurinn gert bæði höfuðborgina og landið að þekktu nafni. „En það breytir því ekki að það er samkvæmt lögum erfitt að grípa til sértækra aðgerða. Við verðum að skoða samkeppnisstöðuna og athuga hvort hún hafi breyst. Ég er fullur skilnings en lofa engu.“



**VELTUR Á STJÓRNVÖLDUM** Að sögn eins framleiðanda myndarinnar myndi það opna nýjar dyr ef stjórnvöld hækkuðu endurgreiðsluna úr fjórtán í tuttugu prósent.

Jeri Sullivan, einn af framleiðendum myndarinnar, sagði að þeir hefðu átt fundi með íslenskum fjárfestum en lítið hefði komið út úr þeim viðræðum. Það hefði valdið honum nokkrum vonbrigðum. Dyr þeirra stæðu hins vegar öllum opnar. „Þegar allt kemur til alls þá eru kvikmyndir líka iðnaður og það verður að huga að kostnaði,“ segir Sullivan og því sé ekki útilokað að kvikmynd um Reykjavík verði tekin upp í einhverju öðru landi. Sullivan sagði hins vegar að veigamesta atriðið í Íslandshlutanum ylti á því hversu viljug íslensk stjórnvöld væru að taka þátt í kvikmyndinni. Sullivan tók undir með Leifi að ef endurgreiðslan yrði hækkuð úr fjórtán í tuttugu prósent myndi það eitt og sér opna nýja möguleika. „Myndin er einstakt markaðstækifæri fyrir land og þjóð,“ segir Sullivan.

**freyrgigja@frettabladid.is**



**FREMSTUR Á SÍNU SVIÐI** Ridley Scott framleiðir kvikmyndina og mun jafnvel leikstýra henni.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Ýmis dæmi eru um forspárgildi skáldverka. Í síðustu viku fjallaði **Þóra Tómasdóttir** og Kastljós af mikilli einurð um unglingaheimilið í Efstaleiti, meðal annars ásakanir um einangrun og það að unglingar hefðu verið teipaðir niður. Árið 1997 kom út bókin Falskur fugl eftir **Mikael Torfason** og í henni má lesa um Arnald sem vill frekar fara í fangelsi en á unglingaheimili: „Niðri í Efstaleiti og svona. Það er klikkað lið sem vinnur þar. Maður er alltaf í einangrun og ef þeir halda að maður ætli að strjúka þá teipa þeir mann við rúmið. Í fangelsum er maður bara lokaður inni.”



**Páll Ásgeir Ásgeirsson,** áður stjörnublaðamaður á DV, rithöfundur og ferðagarpur með meiru, hefur verið ráðinn ritstjóri tímaritsins Útiveru en það er útgáfufyrirtækið Fjölvi sem gefur það út. Nokkuð hljótt hefur verið um Pál Ásgeir að undanförnu en hann hætti nýverið sem fjölmiðlafulltrúi Þjóðleikhússins og skrapp í kjölfarið til Indlands með konu sinni. Aðdáendur Páls Ásgeirs hafa þó heyrt ferðapistla frá honum á Rás 2 auk þess sem hann er höfundur spurninga í Gettu betur.



Fréttablaðið sagði á dögunum frá væntanlegum sjónvarpsþætti smiðsins og fjölmiðlamannsins **Gulla Helga**. Þátturinn mun heita Hæðin og verður sýndur á Stöð 2 en efni þáttarins svipar nokkuð til hins ástralska The Block. Þrjú pör munu keppa um hvert þeirra innréttar nýja íbúð sem flottast. Mikill áhugi virðist vera á þættinum meðal Íslendinga því hvorki meira né minna en 260 pör skráðu sig til leiks fyrstu fjóra dagana eftir að opnað var fyrir umsóknir.



**- jbg/hdm**

# María flytur til Nýja-Sjálands

María Reyndal leikstjóri stendur í ströngu þessa dagana. Hún vinnur með tveimur handritshöfundateymum að þáttaröðum fyrir Stöð 2. Annars vegar eru grínþættir sem fjalla um unga konu á uppleið í viðskiptalífinu, og hins vegar lögmannadrama. En það eru miklar breytingar fram undan. María flytur með fjölskyldu sinni til Nýja-Sjálands í byrjun febrúar.

„Ég ætla að fara að læra það sem ég hef verið að vinna við og hef skráð mig í tveggja ára nám í háskólanum í Auckland,“ segir María. „Við vorum þarna í hálft ár fyrir þremur árum og urðum algjörlega ástfangin af landinu. Þetta er því upplögð afsökun til að snúa aftur.“

María segir ýmislegt gott við Nýja-Sjáland. „Best er náttúrlega veðrið, það er eiginlega alltaf 27 stiga hiti þarna. Fólk er mjög afslappað, strendurnar eru frábærar og nýsjálenska hvítvínið æðislegt. Maður er sem sé aðallega að fara til að slappa af og vera á ströndinni og svona smá skóli með,“ segir María og bætir hlæjandi við: „Og svo stefni ég að því að fá mér tattú og fara í teygjustökk. Það eru nefnilega allir þarna með tattú og alltaf í teygjustökki. Ég ætlaði reyndar líka að gera þetta síðast en klikkaði á því þá.“

María fer með manni og tveimur börnum og segir fjölskylduna vera búna að leigja einbýlishús með garði. „Leigan er svo sem ekkert mjög hagstæð en það er miklu ódýrara að lifa þarna.“

Maður Maríu er Orri Vésteinsson og þau giftu sig nú rétt fyrir jólin. „Orri varð fertugur sama dag og brúðkaupið svo dagsetning var valin til að enginn tæki eftir afmælinu hans. Við stoppum í Taílandi á leiðinni og verðum í viku. Það má segja að það séu hveitibrauðsdagarnir okkar, með krökkunum!“





**STRÖNDIN, HVÍTVÍN OG SMÁ SKÓLI** María Reyndal flytur til Nýja-Sjálands í byrjun febrúar.

María ætlar að vinna einhver íslensk verkefni í gegnum tölvupóstssendingar og kvíðir því ekki að segja skilið við íslenska menningargeirann. „Ég held þetta verði allt á sínum stað þegar ég kem til baka.“ **- glh**

# Innbyggð WC

DÚNDUR TILBOÐ!
Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST



**33.900,-**

*Innifalið í verði:*

- Innbyggingar WC kassi
  - hár eða lár
- WC skál með harðri setu
- Sturtuspjald
- Affallsrör, beint og bogið
- Barki fyrir vatnsinntak
- WC kassi fulltengdur
- Festingar upp og niðri
- Viðurkenndir af BS - TÜV - NF

Val á sturtuspjaldi, skál og setu



KRÓMAÐIR EÐA HVÍTIR
MARGAR STÆRÐIR

# Handklæðaofnar



**HVÍTIR OFNAR Í BOGA**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Hvítur boginn | 700x450 mm | 7.400,- | stgr. |
| Hvítur boginn | 760x550 mm | 9.700,- | stgr. |
| Hvítur boginn | 970x450 mm | 10.900,- | stgr. |
| Hvítur boginn | 1320x500 mm | 13.900,- | stgr. |
| Hvítur boginn | 1760x450 mm | 16.400,- | stgr. |
| Hvítur boginn | 1760x500 mm | 17.200,- | stgr. |

**KRÓMAÐIR OFNAR Í BOGA**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Króm boginn | 700x450 mm | 14.700,- | stgr. |
| Króm boginn | 700x500 mm | 15.400,- | stgr. |
| Króm boginn | 760x550 mm | 16.900,- | stgr. |
| Króm boginn | 970x450 mm | 21.800,- | stgr. |
| Króm boginn | 1120x550 mm | 23.900,- | stgr. |
| Króm boginn | 1320x500 mm | 32.900,- | stgr. |
| Króm boginn | 1450x500 mm | 34.900,- | stgr. |
| Króm boginn | 1760x500 mm | 43.900,- | stgr. |

*Verð sem kemur á óvart!*

www.i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI - fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

Apótekið
lægra verð



BAKÞANKAR
Karenar D. Kjartansdóttur

# Ógæfuálfarnir

Stúlka sem ég þekki leigði eitt sinn íbúð í litlu fjölbýlishúsi. Framan af átti hún ánægjuleg samskipti við aðra íbúa hússins, þá sérstaklega gömlu konuna sem bjó í risinu ásamt uppkomnum syni sínum, sem sagt var að ekki væri með öllum mjalla. Eftir að gamla konan féll frá var vinkona mín þó ekki eins sátt með íbúasamsetninguna því eftir að rólegt hjal hennar við mann og annan í stigaganginum þagnaði byrjaði hópur skuggalegs fólks að vafra um húsið. Eins og gjarnt er með skuggaverur vöktu þær helst á næturnar og einhverra hluta vegna hurfu síur af vöskum í sameiginlega þvottahúsinu og stöku þvottur eftir að þær byrjuðu að líða um húsið. Fólkinu fylgdi einnig kynleg reykjarlykt sem fór í taugarnar á hinum.

**KUNNINGJAKONA** mín kallaði þessar ágætu verur dópista og róna. Það þóttu mér ljót heiti yfir jafn skondin fyrirbæri. Ég reyndi að útskýra fyrir henni að hún misskildi skemmtilegheit tilverunnar gersamlega. Það væri deginum ljósara að þetta fólk væri af kyni álfa, líklega væri það búálfar. Flest af því gegndi jú nöfnum sem ekki væru skráð í þjóðskrá, til þess bærist aldrei hefðbundinn póstur, það hefði ólæti um nætur og léti smáhluti hverfa. Af takmarkaðri þekkingu minni á frásögnum af samskiptum íbúa Bretlandseyja og búálfa sagði ég henni að besta ráðið væri að gefa þeim eitthvað að éta.

**RÁÐLEGGING** mín gekk eftir. Skömmu seinna hvarf bjórkippa sem stúlkan hafði geymt fyrir utan útidyrnar hjá sér til kælis. Um það bil viku síðar barði tötrum klæddur maður upp á hjá henni og viðurkenndi að hafa tekið kippuna. Vildi hann launa greiðann og bauðst til að gera við þvottavélina hjá henni í staðinn; hann hefði heyrt í henni undarleg hljóð sem hann gæti kippt í liðinn, fengi hann lánuð til þess verkfæri.

**NÝLEG** könnun á vegum félagsvísindadeildar Háskóla Íslands sýnir að trú á huldufólk lifir enn góðu lífi á Íslandi. Ég er stolt af því að íslenska þjóðin hafni ekki tilveru ósýnilegs veruleika. Oft finnst mér þó heldur klént að það haldi að hulduverurnar hafi ekki tekið neinum stakkaskiptum með okkur á leið inn í nútímann. Eru ekki allar líkur á því að huldufólk hafi flutt út úr hólum á sama tíma og forforeldrar okkar fluttu úr torfbæjum og í venjuleg hús. Í stað þess að búa á annarri hæð, eins og til dæmis ég, ætti það að búa á þriðju og hálfu hæðinni eða öðrum ógreinilegum kima. Nú eða í einhverju húsnúmeri sem pósturinn hefði ekki á skrá. Bara rétt hjá okkur en aðeins fyrir utan viðurkenndan veruleika hins opinbera.



**GÓÐAN DAG!**
**Í dag er þriðjudagurinn 8. janúar, 8. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 11.10 | 13.34 | 15.58 |
| Akureyri | 11:20 | 13.19 | 15.18 |

*Heimild: Almanak Háskólans*




**KIA Sorento**
Fullbúinn alvörujeppi með ríkulegum staðalbúnaði

- 5 þrepa sjálfskipting
- ESP-stöðugleikastýring
- 16" álfelgur
- Öflug 170 hestafla dísilvél
- Þakbogar
- Hátt og lágt drif
- Ný og glæsileg innrétting
- Vindskeið og þokuljós
- Hraðastillir (Cruise Control)
- 3.500 kg dráttargeta

Sorento hefur slegið í gegn um allan heim og eignast dygga fylgismenn á Íslandi. Það er ekki að ástæðulausu að Sorento er orðinn einn vinsælasti jeppi landsins, enda líklega bestu jeppakaupin í dag.

**Vetrardekk og dráttarbeisl fylgja með.**

EURO 2008 Austria-Switzerland
KIA MOTORS Official Partner

HEKLA *KIA umboðið* á Íslandi er í eigu HEKLU
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi

**KIA** • Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5700 • www.kia.is